

BJÖRGVIN SIGURÐSSON

### Saumavélin frá ömmu á Grettó í uppáhaldi

heimili  
**allt** Í MIÐJU BLAÐSINS



FASTEIGNIR

### Útsýni yfir sundin

Sérblað um fasteignir  
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



PÁLL ÓSKAR HJÁLMTÝSSON

### Gerir upp ferilinn á 15 ára bransaafmælinu

Buddan í góðum málum eftir jólatömina  
FÓLK 22



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

7. janúar 2008 — 6. tölublað — 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

## MÁNUDAGUR


**Eins og að ljúka stúdentsprófi**  
Malín Örlygsdóttir selur Storkinn.  
TÍMAMÓT 16

**Í hljómsveit á Kúbu**  
Útvarpsmaðurinn Freyr Eyjólfsson naut lífsins á Kúbu og stofnaði hljómsveit með innfæddum.  
FÓLK 30

**Hægri vinstri snú**  
„Fólk söðlar vissulega um, snýr baki við fyrri háttum, sér eitthvert ljós, en slíku fylgir þá jafnan þá einarðlegt uppgjör við fyrri villu,“ segir Guðmundur Andri Thorsson.  
Í DAG 14

**Á rétttri leið**  
Alfred Gíslason er sáttur við ganginn á íslenska handboltalandslíðinu og segir það vera á rétttri leið.  
ÍPRÓTTIR 24

## VEÐRIÐ Í DAG



**HÆGLÆTIS VEÐUR** Purrt víðast hvar, frost 1-3 stig við ströndina en kaldara inni til landsins.  
VEÐUR 4



**NÝJU ÁRI FAGNAÐ** Íþróttafélag fatlaðra hélt nýársmót í sundi í innsundlauginni í Laugardal í gær. Sundmótið er fyrir fötluð börn og ungmenni sautján ára og yngri. Skátar úr Kópum stóðu heiðursvörð og Skólahljómsveit Kópavogs lék.  
FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

## Öldruðum og fósturum ógnað

Fjögur tilfelli sjaldgæfrar bakteríusýkingar greindust á Landspítalanum síðla árs 2007. Sami fjöldi og í tíu ár áður. Sýkingin getur valdið fósturlátum.

**HEILBRIGÐISMÁL** Fjögur tilfelli sjaldgæfrar bakteríusýkingar greindust á sýkladeild Landspítalans frá október til desember í fyrra. Sýkingin hafði greinst jafnoft tíu ár þar á undan. Sóttvarnalæknir rannsakar uppruna sýkinganna. Bakterían getur valdið fósturskemmdum eða fósturláti. Öldruðum er einnig mjög hætt við þessari sýkingu.

Haraldur Briem sóttvarnalæknir segir að tilfellum hafi greinilega fjölgað. „Þetta er vissulega áhyggjuefni en fleiri tilfelli hafa ekki greinst síðan í desember. Sýkingin er varhugaverð en mjög sjaldgæf. Ég man eftir einu alvarlegu tilfelli fyrir nokkrum árum þar sem sýkingin olli fósturskaða og því teljum við ástæðu til að athuga þetta nánar.“

Þeir einstaklingar sem greindust með bakteríusýkinguna í fyrra

eru á aldrinum 58 til 85 ára. Þeir eru allir búsettir á höfuðborgarsvæðinu.

Smitleið bakteríunnar, sem heitir *Listeria monocytogenes*, er með matvælum. Því er það brýnt fyrir barnshafandi konum að forðast að borða allt hrátt kjöt og hráan fisk. Einnig geta mygluostar verið hættulegir, sérstaklega erlendir þar sem þeir eru oft gerðir úr ógerilsneyddri mjólk. Ungt fullfrískt fólk veikist nánast aldrei af völdum þessarar bakteríu, þrátt fyrir neyslu á menguðum matvælum. Hins vegar eru einstaklingar sem eru í ónæmisbælandi meðferð vegna krabbameins eða langvinnra sjúkdóma í áhættuhópi.

Haraldur segir að bakteríurnar sem greindust nú séu ekki allar af sama stofni. „Það þýðir að sýkingarnar hafa ekki sama uppruna.“

- shá / sjá síðu 6

## Lögreglan stöðvaði síbrotaunglinga með sprengjur: Barn flúði á ofsahraða

**LÖGREGLUMÁL** Sextán ára öku- maður var færður á lögreglu- stöðina á Hvolsvelli í fyrrinótt ásamt fjórum fimmtán ára farþegum sínum. Hann hafði ekið undan lögreglu á ofsahraða, innanbæjar sem utan, á óskráð- um bíl í mikilli hálfku. Mest ók hann á 140 kílómetra hraða. Enginn í bílnum var spenntur í belti.

Í bílnum fannst fullur bakpoki af heimagerðum sprengjum; pappahólkum fylltum af púðri úr skoteldum. Ungmennin, sem hafa oft komið við sögu lögreglu, eru grunuð um að hafa valdið skemmdum og ónæði með sams konar sprengjum bæði á Hellu

og Hvolsvelli síðustu daga. Að sögn Atla Ólafssonar lögreglu- varðstjóra voru sprengjurnar mjög hættulegar.

Við yfirheyrslur kom í ljós að ungmennin höfðu lengi haft afnot af bílnum með fullri vitneskju foreldra. Hann hafi þau notað eins og leiktæki. Haft var samband við foreldra og barnaverndaryfirvöld og hald lagt á bílinn. Foreldrarnir gætu átt von á refsingu.

Lögregla lítur málið alvarleg- um augum. „Við þökkum bara fyrir að við þurfum ekki að tilkynna um alvarlegt slys,“ segir Atli Ólafsson varðstjóri.

- sh

## Aldraður maður meiddist alvarlega og lá hjálparvana á Vesturlandsvegi: Sveigðu hjá slösuðum manni

**SLYS** Maður á áttræðisaldri meiddist mikið í andliti þegar hann datt við Vesturlandsveg rétt sunnan við Borgarfjarðarbrú um klukkan hálf fjögur í gær. Nokkrir öku- menn fóru hjá án þess að koma honum til aðstoðar en nokkrir höfðu samband við Neyðarlínu.

„Ég sé það úr um 400 metra fjarlægð að þar liggur maður í blóði sínu sem er að reyna að


standa upp en að minnsta kosti fjórir bílar sem voru fyrir framan mig sveigja framhjá honum,“ segir Halldór Þorgeirsson kvik- myndaframleiðandi, sem kom mannum til aðstoðar. Honum tókst að stöðva annan vegfaranda, sem reyndist vera læknir.

Halldór segir að maðurinn hafi verið með mikinn skurð yfir enni og á kinn og einnig alvarleg meiðsl

á auga. Farið var með manninn á Landspítalan í Fossvogi.

„Varðstjórinn í Borgarnesi sagði mér að það væri allt of algengt að fólk hringdi og segðist hafa ekið framhjá slysi,“ segir Halldór. „Það er erfitt að koma að vettvangi í tilfellum sem þessum en það er örugglega erfiðara að lifa við sektarkenndina ef þú ekur bara hjá.“

- jse



**Kafbátur mánaðarins Skinkubátur**  
Vertu skynsamur, vertu hjartagóður.  
6 tommu bátur 299 kr.  
Gildir í janúar 2008. Gildir ekki með öðrum tilboðum. Gildir ekki í Spörnumál.

muundu eftir mjólkinni!



## SPURNING DAGSINS



Ellíði, hvenær verða páskarnir í Eyjum?

„Peir verða á tilsettum tíma en að Eyjamanna síð fögnum við þeim þegar okkur hentar.“

Haldið var upp á þrettándann í fyrradag í Heimaey þótt þrettándinn hafi verið í gær. Ellíði Vignisson er bæjarstjóri Vestmannaeyjabæjar.

## Hnífamáður handtekinn: Sprengdi skoteld of nálægt húsi

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan í Reykjanesbæ handtók í fyrravöld mann sem grunaður var um að hafa sprengt skotertu mjög nálægt fjölbýlishúsi í bænum þannig að eldglæringarnar stóðu úr tertunni og á húsið. Auk þess er talið að maðurinn hafi ógnað öðrum með hnífi fyrr um kvöldið. Maðurinn var vistaður í fangaklefa.

Þá var annar maður handtekinn í bænum grunaður um líkamsárás á skemmtistað. Sá sem fyrir árásinni varð fékk skurð á höfuð og þurfti að sauma í hann tólf spor. Árármaðurinn var drukinn og var yfirheyrður þegar víman rann af honum. -sh

## Viðskiptaráðherra um gjafir: Ekki ástæða til áminningar

**STJÓRN MÁL** Vinna við endurskoðun á reglum um gjafir til stjórnmalá- manna og opinberra starfsmanna hefst í viðskiptaráðuneytinu í dag þegar fundað verður um málið í fyrsta sinn.



BJÖRGVIN G. SIGURÐSSON

Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráð- herra segir markmiðið að fara heildstætt yfir málið og setja skýrar reglur um slíkar gjafir, sem hafa verið í umræðunni eftir að fréttist að meðal annars starfsmenn Fjármálaeftirlitsins hafi fengið vínflösku í jólagjöf frá Kaupþingi.

Björgvin áréttar að alls ekki stándi til að skoða hvort áminna skuli Jónas Friðrik Jónsson, forstjóra Fjármálaeftirlitsins, þótt annað hafi mátt skilja af frétt Fréttablaðsins í gær. Ekkert tilefni sé til þess. -sh

Enn engin skýring á því hvað olli mistökum með síhringikort stórbjófs á Akranesi:

## Óvissa með tjón Sparisjóðsins

**LÖGREGLUMÁL** „Þetta var ekki kortinu að kenna heldur kom upp einhver villa í reikningnum sjálfum þannig að í þessu tilviki var hægt að taka svona mikið út,“ segir Þorkell Logi Steinsson, útibússtjóri í Sparisjóðnum Akranesi, um mál ungmennanna sem nýttu sér viðskiptareikning pilts til að millifæra 6,5 milljónir króna í leyfisleysi.

Að sögn Þorkells er enn óljóst hvað fór úrskeiðis varðandi reikning piltsins sem var með svokallað síhringikort. „Það kemur væntanlega í ljós eftir að við höfum lokið við að fara ofan í kjölinn á þessu máli,“ segir útibússtjórinn, sem aðspurður telur víst að um einangr-

ad tilfelli sé að ræða. Hann leggur áherslu á að öruggt sé að enginn starfsmaður sparisjóðsins hafi gert nokkurn hlut vísitandi sem varð til þess að svo fór sem fór.

Eins og sagði í Fréttablaðinu í gær hefur lögregla aðeins náð til baka um 860 þúsund krónum af um 6,5 milljónum sem teknar voru úr sparisjóðnum í gegnum reikning piltsins. Þorkell segir enn algerlega óljóst hversu mikið af þeirri háu fjárhæð sem út af stendur náist að endurheimta. „Þetta mál er í eðlilegu ferli hjá lögreglu og fyrir dómstólum og þá mun væntanlega skýrast hversu mikið næst til baka,“ segir útibússtjórinn.



ÞORKELL LOGI STEINSSON Debetkortíð var í lagi en einhver villa var með reikninginn sjálfan, segir útibússtjóri í Sparisjóðnum Akranesi.

Lögregla segir rannsókn sína hafa leitt í ljós að verulegur hluti hins illa fengna fjár hafi verið notaður í fíkniefnaviðskipti. -gar

## Sér ekki fyrir endann á bensínhækkunum

Eldsneytisverð á Íslandi hefur sjaldan verið herra en nú. Litlar líkur eru taldar á að verðið lækki á næstunni og þykir séð að hækkandi verð hafi áhrif á verðlag á vörum á þjónustu. Kallað er eftir viðbrögðum stjórnvalda.

**EFNAHAGSMÁL** „Það er skuggalegt hvað verðhækkunin er orðin mikil og fréttir að utan eru að það sjái jafnvel ekki fyrir endann á þessu,“ segir Runólfur Ólafsson, framkvæmdastjóri FÍB, um verðhækkunar á eldsneyti.

Hækkunarirnar koma víða við neytendur og segir Ástgeir Þorsteinsson, formaður bifreiðastjórafélagssins Framu, hækkunarirnar hljóta að hafa áhrif á hækkandi taxa. Hann segir ákveðnar verðlagsnefndir á stöðvunum sjá um slíkt en „vissulega ræða menn þetta“.

Sæmundur Kr. Sigurlaugsson, framkvæmdastjóri Hreyfils, tekur undir með Ástgeiri og segist ekki sjá annað en allar hækkunarir á eldsneytismarkaði komi fyrir en síðar inn í gjaldskrá leigubíla. „Eldsneytishækkunarir spila stóra rullu í gjaldskránni,“ segir Sæmundur.

„Landflutningum er mætt með olíuálagi sem er breytilegt mánaðarlega eftir olíuverði, hækkar eða lækkar,“ segir Guðmundur Nikulás- son, framkvæmdastjóri innan- landssviðs Eimskipa. „Sama á við um skipaflutningana en auðvitað kemur þetta heimikið við okkar rekstur og okkar viðskiptavinum í hækkandi flutningsverði.“


„Þetta kemur sér illa fyrir okkur,“ segir Árni Gunnarsson, framkvæmdastjóri Flugfélags Íslands, sem segir eldsneytisverð vera nokkuð stóran hluta af rekstrarkostnaði félagsins. Hann telur ekki ósennilegt að þetta muni hafa áhrif á verð hjá félaginu.

„Ef olíuverð hækkar verðum við vör við það,“ segir Reynir Jónsson,



UMFERÐ Framkvæmdastjóri Hreyfils telur hækkunarir á eldsneytismarkaði munu koma fyrir en síðar inn í gjaldskrá leigubíla.

### MEÐALVERÐ Á 95 OKTANA BENSÍNI Í SJÁLFSAFGREIÐSLU



framkvæmdastjóri Strætó bs. Hann segir olúkostnað vera um 200 milljónir á ári og þetta hafi þau áhrif að kostnaður Strætó hækki um 20 til 25 milljónir á ársgrund- velli. Þá segir hann Strætó vera niðurgreiddan um 80 prósent í gegnum sveitarfélögin og því „mun þetta ekki hafa áhrif til hækkunar hjá okkur“.

Runólfur segir forráðamenn FÍB hafa bent á að ekki sé óeðlilegt að stjórnvöld grípi inn í þar sem yfir helmingur af útsöluverði eldsneytis á Íslandi séu skattar til ríkissjóðs. Í sama streng taka Ástgeir og Guðmundur. „Okkur finnst að ríkisvaldið mætti sýna þessu ástandi meiri skilning,“ segir Guðmundur. olav@frettabladid.is

Aflasamdrætti mætt:

## Styrkja verkefni í ferðaðjónustu

**ATVINNUMÁL** Verja á 160 milljón- um króna úr ríkissjóði til að efla ferðaðjónustu á svæðum sem verða fyrir aflasamdrætti vegna skerðingar á veiðiheilmildum. Þetta kemur fram á heimasíðu Ferðamálastofu.

Ferðamálastofa segir hámarks- styrk vera átta milljónir króna og að verkefni eigi að vinna á árunum 2008 og 2009. Styrkir verði borgaðir út í tvennu lagi. „Seinni greiðslan er háð árangursmælingu í samræmi við ákvæði úr umsókn,“ segir Ferðamálastofa. Sérstaklega verður litið til langtímaáhrifa verkefna- anna. -gar



FÉKK HELSTU NAUÐSYNJAR Hjalpar- sáttak höfnuð til fátækra í Kenía. NORDICPHOTOS/AFP

Átök áfram í Kenía:

## Odinga hafnar tilboði Kibakis

**KENÍA, AP** Raila Odinga, helsti leiðtogi stjórnarandstöðunnar í Kenía, hafnaði í gær tilboði frá Mwai Kibaki forseta um að þeir deildu með sér völdum í landinu.

Odinga segist þó til í viðræðum um samstarf við Mwai Kibaki forseta, en eingöngu ef alþjóða- samfélagið tryggir að hugsanlegt samkomulag verði framkvæmt.

Odinga boðar enn til mótmæla- funda í höfuðborginni Naíróbí og kyndir þar með undir áframhald- andi átökum í landinu.

Odinga og fjölmargir stuð- ingsmenn saka Kibaki um svindl við talningu atkvæða í forseta- kosningunum, sem haldnar voru í lok desember. -gb

### LÖGREGLUFRETTIR

#### Fíkniefni fundust við húsléit

Fjórir voru handteknir eftir húsléit sem lögreglan á Suðurnesjum gerði í íbúð í Reykjanesbæ í fyrravöld. Fíkniefni fundust í íbúðinni. Fólkíð, sem var allt um tvítugt, var látíð laust að loknum skýrslutökum.

Loðnusjómenn segja lítið fást í hverju kasti og að loðnan sé smá á stóru svæði:

## Vona að stóra loðnan sé í nánd

**SJÁVARÚTVEGUR** „Það er loðna á mjög stóru svæði en við erum ekki búnir að finna þessu stóru ennþá,“ sagði Daði Þorsteinsson, skipstjóri á Aðalsteini Jóns- syni SU, þegar Fréttablaðið hafði samband við hann í gær. Þá var hann sextíu mílur norðaustan við Langanes.

„Það eru svona um sextíu síli í kílóinu en það sem við erum að vonast eftir er að það gætu verið svona um 45 til 50 í kílóinu,“ bætti hann við.

Finnbogi Böðvarsson á Þorsteini ÞH segir að lítið fást í hverju kasti enda hafi veðrið verið með versta móti.

Jóhannes Pálsson, framkvæmdastjóri vinnslu hjá Síldarvinnslunni í Neskaupstað, segir að nú sé beðið þar í ofváni eftir að fyrstu loðnunni verði landað þar síðar í vikunni. „Við eignum von á að Börkur NR verði fyrstur til að landa hér,“ segir hann. „Þá færast nú aldeilis líf í bæinn. Þá verður unnið á vöktum allan sólarhringinn.“

Hafrannsóknaskipið Árni Friðriksson leggur af stað í dag til mælinga og vonast úterðarmenn og sjómenn til að rannsóknir gefi fyrirheit um að kvótinn verði aukinn. Bráðabirgðaloðnukvótinn fyrir íslensk skip sem gefinn var í október er



LOÐNUBÁTUR VIÐ HÖFN Á NORDFIRÐI Nú styttest í að líf færast yfir höfnina á Norðfirði þegar Börkur kemur með fyrsta loðnu- farminn síðar í vikunni. Loðnan sum fundist hefur er smá og því verður væntanlega nóg að gera í bræðslunni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

rúmlega 120 þúsund tonn en árið 2007 var heildar- veiði þeirra 308 þúsund tonn. -jse

FRÍÐÞÆGING EFTIR IAN MCEWAN

## SUMT VERÐUR EKKI AFTUR TEKIÐ

Ein af 100 bestu skáld- sögum allra tíma.

Væntanleg í kvikmyndahús.

Rúnar Helgi Vignisson þýddi

BJARTUR

Þessi stórkostlega saga nú í kilju og senni í kvikmynda- húsum.







# NOVA

## Stærsti skemmtistaður í heimi!

[www.nova.is](http://www.nova.is)

Hjá Nova færðu aðgang að stærsta skemmtistað í heimi, Internetinu, beint í símann þinn!



**NOKIA**  
**6120**  
Internetsíminn!

**890 kr.**  
á mánuði í 12 mán.

Tilboðsverð staðgreitt:

**9.900 kr.**

Fullt verð: ~~24.900 kr.~~

Það eina sem þú þarft að gera til að eignast þennan nýja farsíma á þessu frábæra tilboðsverði er að nota hann fyrir 3.000 kr. eða meira á mánuði.\*

**Nova býður þennan farsíma og fjölda annarra á frábæru tilboðsverði!**

\*Tilboðið felur í sér 6 mánaða þjónustusamning við Nova.  
Tilboðsverð greiðsludreift: 890 kr./mán. í 12 mánuði og mánaðarleg notkun greidd með kreditkortu út samningstímann.  
Tilboðsverð staðgreitt: 9.900 kr. Mánaðarleg notkun greidd í heimabanka eða með kreditkortu.



GJALDMÍÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	61,34	61,64
Sterlingspund	121,42	122,02
Evra	90,15	90,65
Dönsk króna	12,097	12,167
Norsk króna	11,44	11,508
Sænsk króna	9,625	9,681
Japanskt jen	0,56	0,5632
SDR 96,96 97,54		

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR  
118,9995  
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

## Ingibjörg Sólrún Gísladóttir: Heimsókn til Egyptalands

**STJÓRN MÁL** Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra fer á morgun í opinbera heimsókn til Egyptalands. Í tilkynningu frá



INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR

utanríkisráðuneytinu kemur fram að heimsóknin hafi verið ákveðin á fundi Ingibjargar með utanríkisráðherra Egyptalands, Ahmed Abdoul Gheit, á allsherjarþingi

Sameinuðu þjóðanna í New York í haust. „Í ferðinni mun hún eiga fundi með þremur ráðherrum í egyptsku ríkisstjórninni, Mohamed Rashid, viðskipta- og iðnaðar- ráðherra, og Mahmoud Mohieddin fjárfestingaráðherra auk Abdouls Gheit utanríkisráðherra,“ segir utanríkisráðuneytið og bætir við að ráðherra muni einnig ræða við Amra Moussa, aðalritara Arababandalagsins.

- gar

## Stríðsglæpadómstóll í Haag: Vitni spurt um blóðdemanta

**HAAG, AP** Réttarhöldin yfir Charles Taylor, fyrrverandi einræðisherra í Sierra Leone, hefjast í Hollandi í dag með vitnaleiðslum eftir sex mánaða hlé.

Meðal vitnanna sem rætt verður við í dag er Ian Smillie, sérfræðingur í viðskiptum með blóðdemanta, sem svo eru nefndir vegna þess að út af þeim spruttu heilu borgarastyrjald- irnar í Afríkuríkjum.

Alls verða 144 vitni kölluð fyrir í málinu, sem ekki er búist við að ljúki fyrr en að tveimur árum liðnum.

- gb

Grunur um íkveikju við Neshaga þar sem mannlauð íbúð eyðilagðist:

# Óð reyk með barnið í fanginu

**LÖGREGLUMÁL** „Mig langar bara að þakka þeim sem tók eftir eldinum og hafði samband við lögregluna. Ef hans hefði ekki notið við hefðum við brunnið inni,“ segir Charles Louis De Beck, íbúi á Neshaga. Hann forðaði sér og fjögurra ára syni sínum út eftir að eldur kom upp í annarri íbúð hússins í fyrri- nótt.

Tilkynning barst um eld í húsinu skömmu eftir klukkan eitt frá vegfaranda sem varð hans var. Þegar slökkvilið kom á staðinn var íbúðin alelda. Um hálfra klukku- stund tók að slökkva eldinn. Húsráðandi var erlendis og íbúðin mannlauð. Innanstokksmunir



HEILL Á HÚFI Charles fór strax í gærmorgun og keypti sér reykskjnjara.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

skemmdust mikið. Talið er að kveikt hafi verið í.

„Mér var svakalega brugðið. Guði sé lof að lögreglan kom á staðinn,“ segir Charles, sem var

vakinn af lögreglu með hrópum og köllum. Hann vafði son sinn inn í teppi og hljóp út í gegnum reykinn í stigaganginum.

Charles átelur leigusala sinn fyrir að hafa trassað að setja upp reykskjnjara og slökkvitæki þrátt fyrir óskir íbúa. Hann segist hafa verið orðinn smeykur um að eitt- hvað af þessu tagi kynni að koma upp á. „Ég ætlaði að fara og kaupa reipi núna í vikunni svo ég gæti látið son minn síga út um glugg- ann ef við kæmumst ekki niður stíggann frammi. Svo gerist þetta.“

Það fyrsta sem Charles gerði í gær var að fara og kaupa sér reipi og reykskjnjara.

- sh

Morðið á Stríkinu:

## Þrír grunaðir sitja í fangelsi

**DANMÖRK** Þrír menn sitja nú í fangelsi grunaðir um morðið á níttján ára pilti, sem framið var með hníf á Stríkinu í miðborg Kaupmannahafnar snemma á laugardagsmorgun.

Tvítugur maður var handtekinn skömmu eftir morðið en tveir aðrir, 19 ára og 21 árs, gáfu sig síðan fram við lögregluna í Kaupmannahöfn seint um kvöldið, að því er fram kom í dönskum fjölmiðlum í gær.

Í kjölfar morðsins hafa kröfur almennings aukist um að fólk verði alfarið bannað að bera eggvopn í miðborg Kaupmannahafnar.

- gb

# Segir gróðavon hafa skaðað samfélagið

Framkvæmdastjóri Starfsgreinasambandsins telur stjórnendur stórfyrirtækja hafa skaðað samfélagið með aðgerðum sem miða að háþöfnun arðsemi. Hann vill að lífeyrissjóðir fjárfesti aðeins í fyrirtækjum með samfélagslega meðvitund.

**FÉLAGSMÁL** Skúli Thoroddsen, framkvæmdastjóri Starfsgreinasambandsins, segir nýkapítalískt markaðssamfélag vera að ryðja sér til rúms á Íslandi á kostnað markaðshagkerfis í þágu borgar- anna. Krafa um mikinn arð bitni á því mikilvæga samfélagslega hlut- verki fyrirtækja að veita fólki störf.

Skúli telur stefnu sumra fyrir- tækja og raunar heilu starfsgrei- nanna hafa skaðað samfélagið. „Ég er á því,“ segir Skúli og nefnir stjórnendur sjávarútvegsfyrir- tækja og Hannes Smáráson fjár- festi til sögunnar.



SKÚLI THORODDSEN

Í nýársgrein á vef Starfsgreinasam- bandsins segir Skúli að gróðar- legt fjármagn hafi horfið úr sjávarútvegi á undanförunum árum. „Kvóta- brask og græðgi hefur verið aðall greinarinnar,“ segir hann.

Hannes Smáráson og FL Group eru Skúla þó hugleiknari og vitnar hann til viðtals Morgunblaðsins við Hannes þar sem hann talaði meðal annars um ólíka sýn sína og finnska ríkisins á framtíð finnska flugfélagsins Finnair. „Finniska ríkisstjórnin og Finnar almennt hafa engan áhuga á að láta fjár- festa eins og þá í FL-Group hirða út úr félaginu fjármuni með Ice- landair-aðferðinni,“ segir Skúli í greininni og lýsir þeirri aðferð á þann veg að fyrirtæki séu keypt



**AÐ STÖRFUM** Í Starfsgreinasambandinu eru um fimmtíu þúsund félagsmenn og eru þeir rúm fjórutíu prósent félaga í ASÍ. Framkvæmdastjóri sambandsins telur óeðlilegt að lífeyrissjóðir kaupi hlutabréf í fjárfestingarfélagum sem með umbreytingu á fyrir- tækjum stuðla að fækkun starfa til að auka arð hluthafa.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

og hlutuð í minni seljanlegri ein- ingar. Við það veikist þau, ófga- kenndar arðgreiðslur renni til fjárfesta og eigið fé minnki stór- lega. „Hagur fjárfestingarfélags- ins sjálfs situr í fyrirrúmi, en hvorki rekstur né framtíðarmö- guleikar þess sem fjárfest er í.“

Skúli leggur út af ræðu Pouls Nyrup Rasmussen, fyrverandi forsætisráðherra Danmerkur, á þingi Norræna matvælasam- bandsins þar sem hann fjallaði um nýkapítalima. Í ræðunni benti Rasmussen á að lífeyrissjóðir fjár- festu í fjárfestingarfélagum og þannig væru peningar launþega

nýttir til að taka fé úr annars vel reknur fyrirtækjum og störf lögð niður. „Viljum við það?“ spurði forsætisráðherrann fyrrverandi.

„Ég vil það ekki,“ segir Skúli Thoroddsen aðspurður í samtali við Fréttablaðið. „Launþegar safna fé til ellinnar, það ber að ávaxta og mér er ekki sama hvernig það er gert. Ég vil ekki að lífeyrissjóðirnir taki þátt í að skilja eftir slóð atvinnuleysis.“ Hann telur þó mikilvægt að sjóð- irnir leggi atvinnulífina til fjár- magn, en fjárfesta beri í fyrir- tækjum sem beri hag samfélagsins fyrir brjósti.

bjorn@frettabladid.is



VEIGAR PÁLL GUNNARSSON Leikmaður Stabæk í Noregi.

## Landsliðsmaður um ofbeldi: Hef séð margt ljótt í Reykjavík

**FÓLK** „Síðustu tvö ár finnst mér ofbeldi hafa aukist rosalega í miðbænum í Reykjavík,“ segir Veigar Páll Gunnarsson, landsliðsmaður í fótbolta og leikmaður með Stabæk í Noregi.

Veigar Páll og Ólafur Örn Bjarnason, leikmaður Brann, voru á laugardag í viðtali við norska blaðið Verdens Gang í tilefni líkamárásar á landsliðs- manninn Hannes Þ. Sigurðsson í Reykjavík. Hannes leikur með Stavanger. „Maður varð mjög lítið var við ofbeldi hér áður fyrr en núna les maður um slík atvik eftir hverja einustu helgi og verður sjálfur vitni að ýmsu. Ég hef séð mörg ljót atvik,“ segir Veigar Páll Gunnarsson.

- gar

### LÖGREGLUFRETTIR

#### Féll eftir spark og rotaðist

Aðfaranótt sunnudags var sparkað í mann í miðbænum sem skrifaði við það fótur og féll í jörðina. Hann skall með hnakkann í gangstéttarbrún, missti meðvitund og var fluttur á slyshadeild. Árásarmaðurinn flúði og er ófundinn. Tvær minniháttar líkams- árásir til viðbótar voru tilkynntar.

## TENNIS Í VETUR

Ennþá eru lausir nokkrir vikulegir tímar!


- Morgun- og hádegistímar í boði og nokkrir aðrir tímar enn lausir.
- Byrjandanámskeið fyrir fullorðna eru að hefjast. 10 tíma námskeið kostar 17.900 kr. Aðeins fjórir á hverju námskeiði. Spaðar og boltar á staðnum.
- Tennis er skemmtileg hreyfing.

Skráning og upplýsingar í síma 564 4030 og á www.tennishöllin.is



## VEÐURSPÁ

um hádegi »




um hádegi »

Kaupmannahöfn	4°C rigning	London	10°C rigning	Eindhoven	7°C skýjað
Billund	3°C rigning	Paris	11°C skúrir	Basel	8°C rigning
Oslo	1°C slydda	Frankfurt	8°C rigning	Alicante	18° bjart
Stokkhólmur	3°C rigning	Friedrichshafen	5°C rigning	Róm	16°C skúrir
Gautaborg	3°C rigning	Berlin	1°C slydda	Las Palmas	21°C bjart

\* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

» á morgun



Austlæg átt, 5-10 víla.



allt að  
**70%**  
afsláttur

áður 49.900

Nú **19.960**

Nicolas borð

áður 16.900

Nú **5.070**

Calvina stóll

Dú sparar  
**100.000 kr.**

Allt settið á 50.380  
var áður 151.300

# Útsalan hefst í dag



áður 49.900

Nú **14.970**

Sara borð



áður 12.900

Nú **5.160**

Jolyn stóll



áður 39.900

Nú **15.960**

Cori borð



áður 12.900

Nú **5.160**

Latania stóll



áður 49.900

Nú **19.960**

Mamo borð



áður 12.900

Nú **5.160**

Lita stóll

the  
**PIER**

Full búð af fallettri gjafavöru

Smáratorgi 3 | 201 Kópavogi | sími: 522 7860

mánudagar til föstudagar 11:00 til 19:00 | laugardagar 10:00 til 18:00 | sunnudagar 12:00 til 18:00



## KJÖRKASSINN



Telur þú að Barack Obama verði forsetaframbjóðandi demókrata í Bandaríkjunum?

Já	48%
Nei	52%

## SPURNING DAGSINS Í DAG:

Er rétt að banna þekktum ofbeldismönnum að stunda skemmtistaði?

Segðu skoðun þína á visir.is.



JÓLATRÉ Verða hirt af götum fram á föstudag. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Jólahaldinu lokið:

## Borgin losar íbúa við jólatré

**ÞJÓNUSTA** Frá og með deginum í dag og fram á föstudag hirða starfsmenn framkvæmdasviðs Reykjavíkurborgar jólatré sem skilað hafa hlutverki sínu.

„Íbúar eru beðnir að setja jólatré á áberandi stað við lóðamörk og ganga þannig frá þeim að sem minnstar líkur séu á að þau fjúki,“ segir í tilkynningu frá framkvæmdasviði.

Eftir föstudaginn þurfa borgarþingmenn sjálfir að koma jólatréjum til Sorpu. „Íbúar eru einnig hvattir til að hreinsa upp flugeldarusl í nágrenni sínu og hjálpast þannig að við að halda borginni hreinni,“ segir framkvæmdasviðið. - gar



LÖNDUN Alls eru 335 milljónir til úthlutunar hjá AVS-sjóðnum í ár.

Sjóður í sjávarútvegi:

## Rannsóknir fá framhaldslíf

**RANNSÓKNIR** Ákveðið hefur verið að AVS rannsóknarsjóðurinn, sem upphaflega átti að leggja af á þessu ári, verði starfræktur að minnsta kosti til ársins 2014. Þetta kemur fram á vef Samtaka iðnaðarins.

AVS, sem er rannsóknarsjóður í sjávarútvegi, hefur á þessu ári 335 milljónir króna til umræða, sem er meira en nokkru sinni fyrr. Hámarksstyrkir úr sjóðnum verða hækkaðir úr sex milljónum króna í átta milljónir. Áhersla er á að markaðsverkefni berist sjóðnum og óskað er eftir umsóknum á sviði líftækni, fiskeldis, markaðsmála, veiða og vinnslu. AVS starfar á vegum sjávarútvegsráðuneytisins. - gar

## SELTJARNARNES

## Snertiskjái á við og dreif

Koma á upp upplýsingabrunnum á nokkrum stöðum á Seltjarnarnesi, að því er fram kemur á heimasíðu bæjarins. Um er að ræða snertiskjái með upplýsingum um sögu, menningarminjar, náttúrufer og staðhátar upplýsingum um Seltjarnarnes.

Fólk og fyrirtæki borga í sjóð vegna gamalla laga um Háskóla Íslands:

## Með einkaleyfi á almanökum

**STJÓRN MÁL** Lög sem kveða á um einkaleyfi Háskóla Íslands á útgáfu almanaka eru enn í gildi. Löggin eru frá árinu 1921. Fyrir Alþingi liggur fyrir frumvarp um breytingu á lögum.

Fyrirtækið Stangir hf. fékk að kynnast þessum lögum á dögum. „Við fengum senda auglýsingabæklinga og eitthvað af dagatölum frá birgjum á Ítalíu. Svo kom rúkkun frá tollstjóra vegna gjalda, þar á meðal var gjald í Almanakssjóð Háskóla Íslands upp á tvær og hálfu krónu á hvert almanak,“ segir Árni Halldórsson, framkvæmdastjóri Stanga. Í lögum um einkaleyfið stendur

einnig að ráðherra geti veitt öðrum leyfi til þess að gefa út eða flytja inn almanök. Það sé þá gegn gjaldi sem greitt sé í sérstakan Almanakssjóð. „Manni finnst bara hlægilegt að þetta sé enn í gangi,“ segir Árni.

„Menntamálaráðherra hefur þegar lagt fram frumvarp um að afnema einkaleyfi Háskóla Íslands á útgáfu almanaka og ég geri ráð fyrir því að það verði samþykkt sem lög fyrir vorið,“ segir Sigurður Kári Kristjánsson, formaður menntamálanefndar Alþingis. „Þetta er meðal annars vegna athugasemda sem hafa komið frá eftirlitsstofnun EFTA. Ég held að



DAGATAL Samkvæmt lögum sem nú á að breyta hefur Háskóli Íslands einkaleyfi á útgáfu dagatala og almanaka. FRÉTTABLAÐIÐ/MYND

allir séu sammála um að keyra þetta í gegn.“ - þeb

## Fjögur tilfelli greind af sjaldgæfri sýkingu

Sjaldgæf bakteríusýking greindist í fjórum einstaklingum á sýkladeild Landspítalans í fyrra. Það eru jafn mörg tilfelli og tíu ár þar á undan. Sýkingin getur valdið fósturskaða eða fósturláti. Öldruðum er einnig mjög hætt við smiti.

**HEILBRIGÐISMÁL** Fjögur tilfelli sjaldgæfrar bakteríusýkingar greindust á sýkladeild Landspítalans frá október til desember í fyrra. Sýkingin hafði greinst jafn oft á tíu árum þar á undan. Sóttvarnalæknir hefur hafið rannsókn á uppruna sýkinganna en bakterían getur valdið fósturskemmdum eða fósturláti. Einnig getur hún verið mjög skeinuhætt öldruðum.

Haraldur Briem sóttvarnalæknir segir að hér sé um greinilega fjölgun tilfella að ræða. „Þetta er vissulega áhyggjuefni en fleiri tilfelli hafa ekki greinst síðan í desember, svo ég vilt til. Stofngreining sýnir að þessar fjórar sýkingar hafa ekki sama uppruna, sem flækir málið töluvert.“

Þeir einstaklingar sem greindu með bakteríusýkinguna í fyrra eru á aldrinum 58 til 85 ára. Þeir eru allir búsettir á höfuðborgarsvæðinu. Smitleið bakteríunnar, sem heitir Listeria monocytogenes, er með matvælum. Því er það brýnt fyrir barnshafandi konum að forðast að borða allt hrátt kjöt og hráan fisk. Einnig geta mygluostar verið hættulegir, sérstaklega erlendir, þar sem þeir eru oft gerðir úr ógerilsneyddri mjólk. Ungt fullfrískt fólk veikist nánast aldrei af völdum þessarar bakteríu, þrátt fyrir neyslu á menguðum matvælum. Hins vegar

eru einstaklingar sem eru í ónæmisbælandi meðferð vegna krabbameins eða langvinnra sjúkdóma í áhættuhópi.

„Sýkingin er varhugaverð en mjög sjaldgæf. Ég man eftir einu alvarlegu tilfelli fyrir nokkrum árum þar sem sýkingin olli fósturskaða og því teljum við ástæðu til að athuga þetta nánar,“ segir Haraldur. Hluti rannsóknarinnar er að leita matvæla sem hinir sýktu neyttu hugsanlega allir, en enn sem komið er hefur ekkert slíkt komið fram. Haraldur útilokar ekki að sýkingarnar fjórar hafi komið fram á svo stuttum tíma fyrir tilviljun. „En það skiptir ekki máli, þegar fjölgun sýkinga sem þessara kemur upp er það vinnuregla hjá okkur að athuga það sérstaklega. Það er mikilvægt að við séum ekki með smituð matvæli en bakterían er svo útbreidd í náttúrunni að það er erfitt að eiga við hana.“

Margir stofnar eru til af listeríu-bakteríunni. Algengar sýkingar af völdum hennar eru blóðsýking og

## LISTERÍUSÝKING - HAFNA SKAL HUGFAST

- Að huga að hreinlæti, þvo hendur oft og án undantekninga eftir salernisnotkun, bleyjuskipti og hreinsun úrgangs eftir gæludýr.
- Að halda soðnum matvælum frá hráum matvælum til að hindra krossmengun. Þvo alltaf skurðbretti og önnur áhöld þegar skipt er úr einni gerð hráfnis yfir í aðra.
- Alifluglakjöt og annað hrátt kjöt má ekki komast í snertingu við önnur matvæli við geymslu eða



ÁHÆTTUHÓPUR Barnshafandi konur og ung börn eru einkum í hættu, sýkist þau af bakteríunni.

heilahimnubólga. Tímenn sem líður frá smiti til sjúkdómseinkenna er að meðaltali þrjár vikur en getur verið allt frá þremur upp í sjötíu daga. svavar@frettabladid.is

Netmyndavél komið upp sem sýnir innsiglinguna og hafnarsvæðið:

## Djúpivogur í beinni á netinu

**DJÚPIVOGUR** Bein útsending frá Djúpavogi hefur staðið yfir á netinu frá því fyrir helgi. Komið hefur verið upp vefmyndavél sem sýnir svæðið í kringum höfnina.



ÓLAFUR BJÖRNSSON

„Þetta er aðallega hugsað fyrir brottflutta sem vilja fylgjast með gamla þorpínu sínu,“ segir Ólafur Björnsson, tæknistjóri hjá Djúpavogshreppi. „Þetta er í raun langþráður draumur sem hefur ræst en eftirspurn hefur verið mikil og ég veit að í þeim plássum þar sem hefur verið boðið upp á þetta hefur það verið mikið notað,“ bætir hann við.

Andrés Skúlason oddviti bendir einnig á aðra hópna sem hafa not fyrir vefinn. „Þetta er til dæmis afar gott fyrir útgerðarmenn, til dæmis þegar þeir eru í fríu í útlöndum þá geta þeir bara athugað um bátinn sinn þó þeir séu á hóteli við sólarströnd. Svo nýtist þetta líka til markaðssetningar fyrir höfnina.“

En hafa þeir ekki fengið neina gangrýni fyrir að koma hverjum þeim sem gengur um hjarta þorsins



FRÁ DJÚPAVOGI Áður varð brottflutt fólk að gera sér að góðu mynd upp í vegg af gamla þorpínu sínu til að ylja sér um hjartarætur. Nú geta margir brottfluttir séð þorpinn sín í beinni vegna vefmyndavéla eins og þeirra sem sett var upp á Djúpavogi.

í beina útsendingu. „Nei, enda er myndavélin það langt frá að menn greina kannski ekki alveg hverjir eru á ferð enda er þetta ekki meint sem neitt njósnatæki. Við viljum bara að sem flestir fái að sjá eina fallegustu höfn landsins,“ segir Andrés. Þeir félagar minna þó að ekki sé verra að huga að hollingunni þegar gengið er um svæðið. - jse

Pörupiltar í Eyjum:

## Klósett sprengt á Skansinum

**LÖGREGLUMÁL** Hurð á salernis og salernisskál á Skansinum í Vestmannaeyjum var sprengd um helgina að því er Eyjafréttir segja.

„Hún var ófögur sjónin sem blasti við eftirlitsmanni fasteigna Vestmannaeyjabæjar, þegar hann var á sinni venjubundu eftirlitsferð í morgun. Búið var að sprengja upp hurð á salerninu á Skansinum, - ekki nóg með það. Heldur hafði sprengju verið komið fyrir ofan í salerniskálinni með tilheyrandi skemmdum. Hér hefur viðkomandi ekkert gengið annað til en að skemma,“ segir á eyjafrettir.is - gar



MÓTMÆLENDAMESSAN Giuseppe Colletta messar við sorphauginn. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Íbúar í Napolí mótmæla:

## Héldu útímessu gegn ruslahaug

**ÍTALÍA, AP** Rúmlega hundrað manns mættu í gær til útímessu í bænum Napolí á Ítalíu, þar sem sorphirða hefur legið niðri í meira en hálfan mánuð með þeim afleiðingum að ruslið hefur safnast saman á götum borgarinnar.

Messan var haldin til að mótmæla því að opna ætti ruslahaug, sem verið hefur lokaður árum saman, til þess að ruslið geti farið þangað.

„Það er ekki hægt að leysa málið með því að opna annan ruslahaug,“ segir Giuseppe Colletta, presturinn sem efndi til messunnar. „Haugurinn fyllist bara og hvar er þá lausn vanda málsins?“ - gb



BUSH BANDARÍKJAFORSETI Öryggisgæslan verður í hámarki í Jerúsalem. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Bush væntanlegur til Ísraels:


## Jerúsalem búa þrifa og mála

**Jerúsalem, AP** Ísraelsk stjórnvöld búa sig nú undir þriggja daga heimsókn George W. Bush Bandaríkjaforseta, sem kemur þangað á miðvikudaginn. Áratugur er síðan forseti Bandaríkjanna, sem þá var Bill Clinton, hefur gert sér ferð þangað.

Öryggisgæsla verður gríðarleg og verða meira en tíu þúsund lögreglumenn sendir út á götur Jerúsalem borgar meðan Bush spókar sig þar.

Borgarþingur er vanir því að bíða lengi í umferðarteppum meðan bílalestir hátt settra gesta bruna um göturnar, en nú verður enn meira í lagt, götur hreinsaðar og mannvirki máluð af kappi næstu dagana. - gb





TM Software


# Nýjar höfuðstöðvar TM Software

## Erum flutt í Urðarhvarf

TM Software er flutt að Urðarhvarfi 6 í Kópavogi.

Í nýju höfuðstöðvunum eru aðalskrifstofur TM Software á Íslandi sem og allar rekstrareiningar fyrirtækisins; Rekstrarþjónusta (Skyggfir), Búnaðarlausnir (ITP), Hugbúnaðarlausnir (Origo), Viðskiptalausnir (Vigor) og Heilbrigðislausnir (eMR og Theriak).

Nýju höfuðstöðvarnar eru einstaklega glæsilegt hús í nýju skrifstofu- og þjónustuhverfi nálægt Elliðavatni.





## VEISTU SVARIÐ?



1 Hvaða sjúkdómur hefur nýverið fundist í laxastofni Elliðaánna?

2 Hvað heitir nýkjörinn forseti Georgíu?

3 Borgarstjórn hvaða borgar hefur ákveðið að þar muni rísi heimsins stærsta hús?

SVÖR Á Síðu 30

Kristján Gunnarsson, SGS, telur þessa viku afdrifaríka varðandi samninga:

## Ráðherra veldur vonbrigðum

**VINNUMARKAÐUR** Kristján Gunnarsson, formaður Starfsgreinasambands Íslands, SGS, telur að næstu dagar verði „mjög afdrifaríkir“ varðandi samninga á almennum vinnumarkaði, „annaðhvort gengur saman eða ekki“. Kristján hefur boðað formannafund innan Starfsgreinasambandsins í dag og vonast til að afstaða ríkisstjórnarinnar verði þá skýrari.

„Rætt hefur verið um ýmis mál í nefndum en vinna varðandi launaliðinn liggur niðri og hefur legið niðri meðan við höfum beðið eftir útlínum frá ríkinu. Þær eru ekki nógu góðar eins og er,“ segir



GEIR H. HAARDE

Kristján og telur líklegt að reynt verði að „kíkja ofan í hugmyndir“ ríkisstjórnarinnar í dag.

Geir H. Haarde forsætisráðherra sagði í útvarpsviðtali á föstudag að illmögulegt væri að veita lágtekjufólki auka persónuafslátt upp á tuttugu þúsund krónur, eins og verkalýðshreyfingin hefði farið fram á. Hann sagði ekkert um þá kröfu ASÍ að skerðingarmörk bóta verði hækk-

uð svo og atvinnuleysisbætur en sagði ríkisstjórnina með til athugunar hvernig hún gæti komið til móts við tillögur ASÍ.

Kristján segir að viðtalið við forsætisráðherra hafi ekki blásið sér „mikla von í brjósti“, sérstaklega viðbrögðin við sérstökum persónuafslætti. „Ef menn telja sig ekki geta komið nær okkur þá breytist landslagið. Þá snúum við okkur að atvinnurekendum og stígum allt í botn. Reikningurinn verður bara hærri og þá eru þessar samningaviðræður ekki að taka góða stefnu. Þá erum við ekki að horfa á lækkandi verðbólgu heldur óstöðugleika, ókyrrð og vitleysu.“ - ghs

Fannst á gangi skammt frá: Ók á grindverk og hljóp á brott

**LÖGREGLUFRÉTTIR** Tveir voru handteknir í Reykjanæsbæ í fyrirkvöld eftir að hafa ekið bíl á grindverk við bensinstöð í bænum. Báðir voru mennirnir ölváðir. Annar þeirra reyndi að hlaupa af sér lögregluþjóna sem komu á vettvang. Hann var handtekinn skömmu síðar á gangi í næsta nágrenni.

Einnig var ekið á tólf ára stúlkunni á framfarabrennu í Sandgerði í fyrirkvöld. Meðsl stúlkunnar voru ekki talin alvarleg.

Þrjú önnur umferðaróhöpp voru tilkynnt til lögreglunnar á Suðurnesjum sama kvöld. Enginn meiddist í þeim óhöppum. - sh

## LÖGREGLUFRÉTTIR

## Skotglæðir á Laugavegi

Lögreglan handtók tvo pílta í fyrirtökt sem skemmtu sér við að skjóta flugeldum úr bíl sínum á leið niður Laugaveg. Vegfarendur höfðu haft samband við lögreglu og töldu sig í hættu. Piltunum var sleppt að loknum yfirheyrslum. Hald var lagt á skoteldana.

## FJALLABYGGÐ

## Óánægja á skíðasvæði

Áhugamenn um framtíð og uppbyggingu skíðasvæðisins í Skarðdal harma vinnubrögð við undirbúning og ráðningu umsjónarmanns skíðasvæðisins. Þeir hafa sent bæjarráði Fjallabyggðar undirskriftalista með óskum um svör um ráðningu starfsmansins.

## Gott vatn í göngunum

Samkvæmt frumgreiningu á sýnum sem tekin voru af köldu vatni Ólafsfjarðarmegin í Héðinsfjarðargöngum bendir ekkert til annars en að vatnið úr göngunum sé gott neysluvatn.

Samstarfssamningur um ættfræðipjónustu:

## Neftóbaksfræðin öðlist fastan sess

## SAMSTARFSSAMNINGUR

Landsbókasafn Íslands – Háskólasafn og Reykjavík Akadémían hafa gert samstarfssamning við ORG Ættfræðipjónustuna sem hefur ættfræðigrunninn Unni á sínum snærum. Starfsmenn fá aðgang að grunninum til að bæta skráningu á íslensku efni og bjarga heimildum sem tengjast ættfræðirannsóknum og íslenski sögu.

Í ættfræðigrunninum Unni eru upplýsingar um 660 þúsund manns, núlifandi, forfeður og afkomendur héraðs og erlendis. Þar er jafnframt mikið af ætt-




ODDUR HELGASON

fræðibókum og ættartölum Íslendinga, eftir því sem fram kemur í tilkynningu frá samstarfsaðilunum.

Með samstarfssamningnum „vonast báðir aðilar eftir að hin svokölluðu neftóbaksfræði, það er ættfræði, þjóðfræði og sagnaritun, öðlist sess í þekkingarsamfélagi nútímans og að um þau verði fjallað á vettvangi menningarfræða,“ segir í tilkynningunni.

Áformað er að standa fyrir málþingi og sýningu á vordögum 2008. - ghs



NEI SKO, PARNÁ ERU KJÓSENDUR Á kosningafundi demókrata í New Hampshire á laugardaginn bentu frambjóðendurnir hver í kapp við annan út í salinn. Á myndinni má sjá John Edwards og Barack Obama. NORDICPHOTOS/AFP

## Harka færirist enn í leikinn

Afar tvísýnt er um úrslit í forkosningum bæði repúblikana og demókrata í New Hampshire á morgun.

**BANDARÍKIN, AP** Jafnt demókratar sem repúblikanar létu þung skot falla til flokksbræðra sinna nú um helgina á kosningafundum í New Hampshire, þar sem báðir flokkarnir halda forkosningar á morgun.

Demókratinn Hillary Clinton, sem á mikið undir því að Barack Obama endurtaki ekki leikinn frá Ohio, þar sem hann vann yfirburðasigur, sakaði hann til dæmis um að skipta sífellt um skoðun í mikilvægum málum, meðal annars um heilbrigðismál.

„Ég hef verið fullkomlega samkvæmur sjálfum mér,“ svaraði Obama.

Skoðanakannanir sýna að Barack Obama og Hillary Clinton, sem bæði eru öldungadeildarþingmenn, hafa álfka mikið fylgi í New Hampshire, rúmlega þrjátíu prósent atkvæða hvort, en John Edwards er sem fyrr í þriðja sæti frambjóðenda Demókrataflokksins með um tuttugu prósent.

Bæði Edwards og Obama hafa gagnrýnt Clinton fyrir að verja ríkjandi ástand frekar en að vilja ráðast í gagnrýngar breytingar í stjórnálagnum, eins og þeir

leggja báðir mikla áherslu á.

Meðal repúblikana hefur stríðshetjan gamla John McCain góða forystu í skoðanakönnunum, en næstur honum kemur ríkisstjórinn Mitt Romney og þar á eftir er sigurvegarnir frá Iowa, Mike Huckabee.

Í þeirra herbúðum var harkan ekki minni en meðal demókrata. Mitt Romney svaraði ekki stóru orðin og réðst á John McCain fyrir stefnu hans í innflytjendamálum og á Mike Huckabee fyrir stefnu hans í utanríkismálum.

McCain sakaði Romney á móti um að hafa „skipt um skoðun á nánast öllum málum,“ en Huckabee viðurkennir að harkaleg gagnrýni Romneys hafi þjappað þeim McCain saman.

„Við höfum báðir orðið fyrir grófum árásum frá Romney ríkisstjóra með ótrúlega afvegaleiðandi auglýsingum þar sem ráðist er á verk okkar með útúrslunum,“ sagði Huckabee, sem virðist samkvæmt skoðanakönnunum ekki eiga mikla möguleika á að vinna sigur þrátt fyrir glæsilegan árangur í Iowa. gudsteinn@frettabladid.is

# SETTU ALLT Í KASSANA

25% afsláttur af frábærum kössum til að skipuleggja heimilið



Hentugir geymslukassar af öllum stærðum og gerðum sem passa vel undir jólastkrautið eða annað dót sem þarf að geyma.

Allt í drasli  
Allt í drasli mælir með **BESTA**

**BESTA**

www.besta.is

Ármúla 23  
Reykjavík  
Sími: 510 0000

Brekustíg 39  
Njarðvík  
Sími: 420 0000

Miðási 7  
Egilsstöðum  
Sími: 470 0000

Grundargötu 61  
Grundarfirði  
Sími: 430 0000



# MAX

**RAFTÆKI**

Láttu  
ekki HAPP  
úr hendi  
sleppa!

# Útsala

**- verð í frjálsum falli**

Gríptu  
gæsina  
meðan hún  
gefst!

**Raftæki** allt að 67% afsl.

**Tónlist** allt að 65% afsl.

**DVD myndir** allt að 50% afsl.

**Tölvuleikir** allt að 80% afsl.

#### Opnunartími

Mánudaga kl. 11-19  
Þriðjudaga kl. 11-19  
Miðvikudaga kl. 11-19

Fimmtudaga kl. 11-22  
Föstudaga kl. 11-19  
Laugardaga kl. 11-18  
Sunnudaga kl. 12-18



Fim

MAX / Kaupúni 1 Garðabæ og  
Holtagörðum - Sími 412 2200  
[www.max.is](http://www.max.is)

Beint á móti IKEA  
Við hliðina á BÓNUS

**MAX**  
RAFTÆKI





**VIÐ GULLNA HOFIÐ Í AMRITSAR**  
Indverskur maður af trúflokki síkha blæs þarna í hljóðfæri fyrir utan gullna hofið í Amritsar í tengslum við helgi-athöfn.  
NORDICPHOTOS/AFP

Miklu skiptir að hafist verði handa á Suðurlandsvegi segir formaður Samstöðu:

## Ódýrasti hlutinn tvöfaldaður strax

**SAMGÖNGUR** Byrja á strax á því að tvöfalda ódýrasta hlutann af Suðurlandsvegi, þar sem fá mislæg gatnamót hækka kostnaðinn, segir formaður Samstöðu. Reynslan af Reykjanesbrautinni sýni að slíkt breyti hugsunarhætti bílstjóra.

„Það er lífsspursmál að tvöfalda Suðurlandsveginn, og raddir um að það sé of dýrt eiga engan hljómgrunn,“ segir Steinþór Jónsson, formaður Samstöðu, regnhlífarsamtaka sem berjast fyrir bættu umferðaröryggi.

„Við þurfum að tvöfalda ákveðin hluta strax til að róa umferðina. Um leið og við tvöföldum

ódýrasta kaflann þar sem minnst er af gatnamótum mun umferðin breytast,“ segir Steinþór.

Þetta sýni gjörbreytt umferðarmenningu á Reykjanesbraut eftir að kaflar hennar voru tvöfaldaðir. Ökumenn séu rólegri á einbreiðu köflunum, vitandi að þeir fái tækifæri til að komast fram úr á tvöföldum kafla. Steinþór bendir á að síðastliðin þrjú og hálf ár hafi enginn látist í umferðarslysi á Reykjanesbraut.

Steinþór segir Samstöðu ætla að halda áfram baráttu fyrir betri umferðarmenningu á nýju ári. „Með sameiginlegu átaki löggæslu og allra aðila, þar á meðal



**SUÐURLANDSVEGUR** Tvöfaldur kafla á Suðurlandsvegi myndi róa umferðina niður miðað við reynslu af tvöföldun Reykjanesbrautarinnar, segir Steinþór Jónsson.  
FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

okkar, tókst að fækka banaslysum á síðasta ári úr 31 [árið 2005] í 15. Við ætlum að gera betur.“ - bj

## Krabbameinssjúk börn: Ný dagsetning á tónleikana

**FÓLK** Tónleikar til styrktar Styrktarfélagi krabbameinssjúkra barna verða í Háskólabíói sunnudaginn 20. janúar. Um er að ræða tónleika sem frestað var vegna veðurs milli jóla og nýárs.

„Skipuleggjendur tónleikanna vilja þakka umburðarlyndi miðaeigenda og þakka þeim enn og aftur stuðninginn við gott málefni,“ segir í tilkynningu. Popptónleikarnir nú eru þeir niundu í röðinni af sams konar styrktartónleikum. Á undanförunum árum hafa safnast 22 milljónir króna fyrir krabbameinssjúk börn með þessum hætti.

- gar

## Skrifstofuvörur

- á janúartilboði

Katrín Edda Svansdóttir,  
sölumaður í þjónustuveri RV



**148 kr. stk.**  
Bréfabindi A4, 8 cm kjölur

**1.398 kr. ks.**  
5 x 500 blöð í ks.



**Rekstrarvörur**  
- vinna með þér

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík  
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665  
sala@rv.is • www.rv.is



RV INNOVATION © 10802

**Á tilboði  
í janúar 2008**  
Bréfabindi, ljósritunarpappír,  
töflutússar og skurðarhnífur



**FJÖLMENNURFUNDUR** Levan Gachechiladze segir Saakashvili ekki mega bera sigur úr bítum.  
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Þúsundir á útifundi í Tíblisi gegn forseta Georgíu:

## Saakashvili sakaður um kosningasvindl

**GEORGÍA, AP** Þúsundir manna komu saman í gær á útifundi í Tíblisi, höfuðborg Georgíu, til þess að mótmæla Mikhaíl Saakashvili forseta og fyrstu yfirlýsingu um sigur hans í forsetakosningum á laugardaginn.

Síðdegis í gær lýsti Levan Tarkhishvili, yfirmaður kjörstjórnar, því yfir að Saakashvili hafi bedið sigur úr bítum og fengið 52,8 prósent atkvæða. Þar með þarf ekki að efna til seinni umferðar kosninganna, þar sem kosið yrði milli tveggja efstu.

Levan Gachechiladze, sá leiðtogi stjórnanandstöðunnar sem flest atkvæði fékk, sakaði forsetann um kosningasvindl. „Saaka-

shvili tapaði og það getur ekki gerst að Georgía verji ekki frelsi sitt, að við sigrum ekki,“ sagði Levan þegar hann ávarpaði fundinn í gær.

Samkvæmt tölum kjörstjórnarinnar hlaut Gachechiladze 27 prósent atkvæða.

Eftir því sem talmingu atkvæða vatt fram í gær sveiflaðist fylgi forsetans ýmist upp eða niður fyrir fimmtíu prósentin.

Gachechiladze, sem er þingmaður og kaupsýslumaður, gæti átt möguleika á sigri í annarri umferð kosninganna ef stuðningsmenn fimm annarra frambjóðenda sameinast um að greiða honum atkvæði sitt.

- gb

**5125050**  
Auglýsingasími  
- Mest lesið

## GIRNILEGIR VEISLUBAKKAR MEÐ LITLUM FYRIRVARA



BLANDAÐUR  
BAKKI 3.580 kr.



36  
BITAR

SAMLOKU-  
BAKKI 2.890 kr.



32  
BITAR

TORTILLA 3.480 kr.  
& PÓLARBRAUÐ



36  
BITAR

FONDU 2.950 kr.  
SÜKKULADIBAKKI



10  
MANN



554 6999 | www.jumbo.is



## Apakynlíf í Singapúr: Greidda fyrir með snyrtingu

**SINGAPÚR** Nýleg rannsókn bendir til þess að karlapar greiði fyrir kynlíf með því að snyrta kvenapa.

Dr. Michael Gumert, primatafræðingur við Nanyang-tækniháskólann í Singapúr, segir að snyrting apa sé grundvallarathöfn. „Snyrting er tákn um vináttu og fjölskyldutengsl en auk þess má nota hana í skiptum fyrir kynlíf.“ Niðurstöðurnar birtust í tímaritinu New Scientist og eru þær unnar úr 20 mánaða langri rannsókn á um 50 öpum. Eftir snyrtingu aukast líkur á kynlífi þrefalt og fer lengd snyrtingar eftir framboði og eftirspurn líkt og gerist á öðrum mörkuðum. - hs

Fingralangir ferðalangar:

## Stálu af gestum í anddyri hótels

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu handtók snemma í gærmorgun erlent par sem grunað er um að hafa stolið munum úr anddyri hótels í borginni.

Um er að ræða karl og konu frá Hollandi á ferðalagi hérlendis. Þau eru sökuð um að hafa meðal annars stolið úr töskum annarra ferðamanna sem biðu eftir flugrútu í anddyri hótelsins. Meðal þess sem þau stálu voru myndavélar og peningar. Munirnir fundust í fórum þeirra. Fólkið var vistað í fangageymslum og yfirheyrt síðdegis í gær. - sh

### LÖGREGLUFRÉTTIR

#### Skotkaka skaðaði mann

Maður á þrítugsaldri meiddist í andliti í fyrrkvöld þegar skoteldur sprakk framan í hann. Hann var að tendra kveikjþráð á skotköku sem sprakk samtundis. Hann hlaut nokkra áverka og mögulega heilahristing. Hann var fluttur á slysadeild.

#### Ök ölvaður í húsgarð

Tveir ökumenn misstu stjórn á bílum sínum í hálfu í fyrrinótt. Bíll lenti á ljósastaur við Einarsnes í Skerjafirði og þurfti einn að fara á slysadeild. Þá hafnaði bíll í húsgarði við Furugrund í Kópavogi. Enginn meiddist en ökumaður er grunaður um ölvun við akstur.

### BANDARÍKIN

#### Mannskæðir kuldastormar

Mikil snjókoma og ofsarok þrjá daga í röð hafa kostað þrjá menn lífið á vesturströnd Bandaríkjanna. Rafmagn hefur farið af stórum svæðum og í Nevada brustu flóðavarnir með þeim afleiðingum að senda þurfti þyrlur og bát til að bjarga fólki frá bænum Fernley þar sem allt var á floti.

# Hugsaðu um heilsuna!

**Gamla góða Óskajógúrtin**  
– bara léttari

**Frískandi, hollur og léttur drykkur í dós**

**Svalandi, próteinríkur og fitulaus**

**Silkimjúkt, próteinríkt og fitulaust**

**Fitusnauðar og mildar ab-vörur**  
– dagleg neysla stuðlar að bættri heilsu og velliðan

**skyr.is DRYKKUR**

**JÓGURT**

**ab-mjólk**

**ab-drykkur**

**MJÓLKURVÖRUR Í SÉRFLOKKI**

capacent

### FJÁRMÁL STÓRNANDANS

Hefst 9. janúar 2008 – Síðustu námskeið seldust upp.

Námslína sem hugsuð er fyrir stjórnendur fyrirtækja eða aðra þá sem vilja kynna sér helstu lykilþætti í fjármálum fyrirtækja, en hafa ekki formlega menntun á sviði fjármála, eða vilja uppfæra þá menntun sína.

### LEIÐTOGINN - SAMSKIPTAHÆFNI

Hefst 9. janúar 2008.

Á þessari námslínu er boðið upp á krefjandi námskeið fyrir þá sem vilja auka árangur sinn í samskiptum við undirmenn, samstarfsmenn og viðskiptavini.

Skráning og nánari upplýsingar hjá Capacent, namskeid@capacent.is eða í síma 540 1000.

[www.capacent.is](http://www.capacent.is)





## „ORÐRÉTT“

## Getur ekkert sjálfur

„Til dæmis er best að stoppa strax við hurðina menn á borð við þennan strák sem er alltaf að berja bestu fótbolta-mennina af því hann getur ekkert sjálfur.“

KORMÁKUR GEIRHARÐSSON VEIT-  
INGAMAÐUR Í FRÉTT UM OFBELDI Á  
SKEMMTISTÖÐUM.

Fréttablaðið 6. janúar

## Pissað úti í stórhrið

„Maður býður ekki hópi eldri borgara frá Ameríku að pissa úti við rútu í eljagangi.“

VALGERÐUR PÁLSDÓTTIR FARAR-  
STJÓRI UM FERÐ ÚTLENDINGA Á  
NÝÁRS DAG.

Fréttablaðið 6. janúar

# tilveran

nær og fjær

## HVAD ER AÐ FRÉTTA? SIGURÐUR ÖRN HILMARSSON LÖGFRÆÐINEMI

## Áhugi á náminu aftur eftir árshlé

„Ég er bara búinn að nýta undanfarna mánuði í að einbeita mér að náminu,“ segir Sigurður Örn Hilmarsson, meistaranemi í lögfræði og fyrrverandi formaður Stúdentaráðs Háskóla Íslands. Hann lét af starfinu snemma á síðasta ári þegar Röskva bar sigurorð af Vöku í háskóla-kosningum.

„Þegar ég var formaður tók ég mér árshlé frá náminu sem gerði það að verkum að ég fékk aftur áhuga á lögfræðinni. Það var bæði vegna þess að ég náði aðeins að hvíla mig á náminu og líka vegna þess að hluti af starfinu fólst í hagsmunagæslu fyrir allan háskólann,“ segir hann. „Reynslan sem ég fékk sem formaður nýttist því vel þegar ég byrjaði aftur í náminu. Þetta fór því ágætlega vel saman, lögfræðinámið og starfið í Stúdentaráði.“

Hann segir ekki langan tíma hafa

liðið frá því hann hætti sem formaður og þar til hann var búinn að ráða sig í vinnu með skólanum. „Ég er vanur því að hafa mikið að gera, er núna að vinna hjá Lögmönnum Laugardal og hef mjög gaman af því.“



En hvernig gekk í prófunum? „Það gekk bara mjög vel, prófin voru munnleg sem er svolítið öðruvísi. Ég er ekki frá því að það hafi hjálpað að hafa munninn fyrir neðan nefið í þeim efnum,“ segir Sigurður. „Jólafrinu eyddi ég síðan með fjölskyldu og vinum, við fórum meðal annars í sumarbústað tengda foreldra minna og vorum þar yfir áramótin. Núna er ég bara að bíða eftir síðustu einkunninni svo ég fái náms-lánin.“

## HÖFUM LENGI GUTLAÐ MEÐ VÍN MEÐ FLÖSKU Í GRÖFINNI

■ Elstu heimildir sem til eru um vínframleiðslu benda til þess að menn hafi framleitt vín 6.000 árum fyrir Kristsburð. Það var í Mesópótamíu sem er svæði þar sem Írak er nú.

Forn-Egyptar voru líka miklir vín-gæðingar og þess eru dæmi að flöskur hafi verið komið fyrir í gröf faraða þegar þeir fóru yfir móðuna miklu. Sennilegast hefur það þótt óhæfa að fara þangað þurrbrjósta.



## SJÓNARHÓLL

KAUPLÉÐI ÍSLENDINGA

### Hugsa til Gísla á Uppsölum

„Ég fór með ömmu minni í Kringluna 3. janúar. Þar mættum við heilu hjörðunum af fólki og allt hljóp það við fót með græðgis-glampa í augum. Við amma urðum að gæta okkar á því að troðast ekki undir, því þetta voru (eins og við) harðsvíraðir neytendur mættir á útsölur,“ segir Þórunn Hrefna Sigurjónsdóttir rithöfundur um fréttir af kaupléði þjóðarinnar á vetrarútsölunum.

„Þegar við komumst úr lífs-háskanum fór ég að hugsa stift til Gísla heitins á Uppsölum. Mig langar til þess að vera svolítið meira eins og hann var. Eiga bara bilað útvarpstæki og gamalt orgel og brotið leirtau. Við þurfum fjandakornið ekki allt þetta dót.“



ÞÓRUNN HREFNA SIGURJÓNSDÓTTIR  
Rithöfundur

## Ljósín í skammdeginu

Orkuveita Reykjavíkur veitti eigendum snoturlega skreyttra húsa á höfuðborgarsvæðinu og Vesturlandi verðlaun á fimmtudag. Dómnefndarmenn sem fóru um svæðið tóku eftir því að minna var um skreytingar en oft áður og er það rakið til tíðarfarsins en hvassviðrið hefur komið mörgum seríum fyrir kattarnef. Þó kenndi ýmissa grasa að mati dómnefndar. Til dæmis einkenndi líkn-eski eina skreytinguna og bifreið var á meðal þeirra skreyttu eigna sem verð-launað var fyrir. [jse@frettabladid.is](http://jse@frettabladid.is)



GARÐABÆR Dómnefndin var ánægð með samstarf íbúanna í þessu raðhúsi í Garðabæ. Eins og sjá má féllust þessir samheldnu íbúar á að láta smekkvísi frekar en oflæti ráða ferðinni.

# ADRO™

Einstök  
hljóðvinnsla

# HEYR HEYR

- Öll þjónusta fyrir heyrnartækjanotendur
- Heyrnarmælingar, heyrnartæki
- Ráðgjöf, viðgerðarþjónusta, tæknilausnir
- Starfsfólk með áratuga reynslu



## HEYRNARSTÖÐIN

3. hæð, Kringlunni • Tímabantanir virka daga frá 9-17 í síma 568 6811 • [www.heyarnarstodin.is](http://www.heyarnarstodin.is)



REYKJAVÍK Eflaust hafa margir komist í jólaskap bara við það eitt að sjá Skemmtihúsið í skarti sínu. Að minnsta kosti lét það dómnefndarmenn ekki ósnortna.



SELTJARNARNES Þau gættu hófs en gripu samt auga vegfarenda við Sæbrautina á Seltjarnarnesi með þessari skemmtilegu skreytingu.

### VERÐLAUNAHAFAR ERU:

Bjarni Gunnarsson og Olga Lárusdóttir, Vesturgötu 115b á Akranesi  
Sighvatur Bjarnason og Ragnhildur Gottskálksdóttir, Sæbraut 21 á Seltjarnarnesi  
Baldvin Viggósson og Kristín Snorradóttir, Merkjateig 1 í Mosfellsbæ  
Fjöldi eigenda í raðhúsinu Bæjargili 36-44 í Garðabæ  
Erlingur Gíslason og Brynja Benediktsdóttir, Laufásvegi 22 í Reykjavík  
og Teitur Jónasson ehf., hóperðabílar, Dalvegi 22 í Kópavogi.



# TÖLVUNÁM

## á vorönn 2008

### Innritun hafin

Computer and office courses  
for beginners and advanced users



#### María Björk Guðmundsdóttir Skrifstofustjóri Hive á Akureyri

„Tölvu- og skrifstofunámið hjá Tölvuskólanum Þekkingu var fróðlegt, fjölbreytt, skemmtilegt og umfram allt mjög gagnlegt. Ég var í vinnu samhliða náminu og strax í byrjun gat ég nýtt mér þekkingu úr skólanum í starfi mínu. Kennararnir voru líka alveg frábærir og skiluðu sínu í tímum og því var ekki mikið um heimanám. Góður skóli, gott starfsfólk, góð menntun.“



#### STARFSNÁM OG VIÐSKIPTI

##### Tölvu- og skrifstofunám

Sérlega viðamikil og hagnýtt nám í takt við þarfir markaðarins, nám sem hentar fólki á öllum aldri, hvort sem það er á leiðinni út á vinnumarkaðinn að nýju eða vill skapa sér sterkari stöðu á vinnumarkaði með aukinni menntun. Hentar einnig vel sjálfstætt starfandi atvinnurekendum sem vilja vera sem mest sjálfbjarga í allri tölvuvinnu og við bókhaldið.

Að námi loknu eiga þátttakendur að geta unnið sjálfstætt við öll almenn skrifstofustörf og sem öflugir tölvunotendur í öllum helstu skrifstofuforritunum, sem ritara eða í bókhaldi.

Kennd er ein námsgrein í senn sem lýkur með prófi eða verkefni, tölvugreinunum lýkur flestum með alþjóðlegri prófgráðu.

##### Tölvugreinar:

Windows XP tölvugrunnur og skjalavarsla, Word, Excel, Internetið, MSN og Outlook tölvupóstur, dagbók og skipulag.

##### Margmiðlun:

PowerPoint glæruefningar, Stafrænar myndavélar og stafrænar myndir í tölvu, tónlist í tölvunni og spilurum, brennsla CD og DVD diska.

##### Persónuleg færni:

Tjáning og framkoma, atvinnuumsóknir, atvinnuviðtöl og ferilskrár, sölutækni og markaðsmál. Verslunarbréf, íslensk og ensk.

##### Viðskiptagreinar:

Verslunarreikningur, VSK meðferð og reglur, bókhald, tölvubókhald í Navision og tollskýrslur.

Hefst 28. janúar. Kennt er þrisvar í viku og er boðið upp á morgun og kvöldhópa. Sjá stundaskrá á heimasíðu skólans.

Lengd: 260 std. - Námið er metið til eininga. Verð: 199.000,-

##### Tölvu- og bókhaldsnám

200 stundir Verð kr. 153.000,- Morgun og kvöldnámskeið.

Hefst 28. janúar á Akureyri og 7. febrúar í Reykjavík.

##### Tollskýrslugerð

21 stund. Verð kr. 28.000,- Hefst 16. janúar.

##### Bókhald 1

Hagnýtt 100 std. Bókhaldsnámskeið fyrir byrjendur í bókhaldi. Verslunarreikningur, VSK, bókhaldsgrunnur og tölvubókhald í Navision. Hefst 3. mars. Verð kr. 94.000,- Morgun- og kvöldhópar.

##### Navision fjárhagsbókhald

42 std námskeið fyrir þá sem hafa bókhaldsgrunn og vilja læra á Navision. Morgun- og kvöldnámskeið. Verð kr. 49.000,-

#### ALMENN TÖLVUNÁMSKEIÐ

##### Tölvunám byrjenda

Vinsælt námskeið ætlað fólki á öllum aldri sem hefur enga tölvukunnáttu. Á þessu námskeiði er allt tekið fyrir sem byrjandinn þarf til að komast vel af stað í notkun tölvu.

Kennt er þriðjudaga og fimmtudaga og er hægt að velja um morgun- eða kvöld námskeið. Hefst 31. janúar. Lengd 42 std. Verð kr. 32.900,-

##### Almennt tölvunám

Sérstaklega hagnýtt námskeið fyrir þá sem komnir eru af byrjunarstiginu og eru að nota tölvu í vinnu eða heima. Tilvalið námskeið fyrir þá sem vilja auka öryggi sitt í allri tölvuvinnslu með aukinni þekkingu, hraða og færni.

Helstu kennslugreinar: Windows tölvugrunnur og skjalavarsla, Word, Excel, Internet og Outlook tölvupóstur.

Kennt er mánudaga og miðvikudaga og er hægt að velja um morgun- eða kvöld námskeið. Hefst 30. janúar. Lengd 63 std. Verð kr. 44.900,-

##### ECDL tölvunám

Alþjóðlegt tölvunám hentar fólki á öllum aldri sem vill fá ítarlega þekkingu og þjálfun í öllum helstu tölvugreinunum og alþjóðlega vottun því til staðfestingar.

Helstu kennslugreinar: Windows, Word, Excel, Internet, Outlook og PowerPoint.

Kennt er þrisvar í viku og er hægt að velja um morgun- eða kvöldnámskeið. Hefst 7. febrúar. Lengd: 84 std. Verð kr. 65.000,- (Bækur og próf innifalín).

#### VEFUR OG GRAFÍK

##### Grafísk hönnun

Vinsælt og hagnýtt nám fyrir skapandi fólk sem og þá sem vilja forskot til frekara hönnunarnáms eða þeim sem vilja hanna sínar eigin auglýsingar. Photoshop – Illustrator – InDesign og PDF vinnsla. Lengd 105 std. Verð kr. 116.000,-

##### Vefsíðugerð – grunnur

Námskeið ætlað byrjendum í vefsmíði og fólki sem vill koma sér upp einfaldri og heimasíðu með sérstakri áherslu á myndgerð og myndnotkun á heimasíðunni.

Dreamweaver og Photoshop.

Lengd 47 std. Verð kr. 49.000,-

##### Vefsíðugerð – framhald

Námskeið ætlað þeim sem halda úti vefsíðu eða hafa grunn í vefsmíði en vilja bæta kunnáttu sína. Dreamweaver, HTML og JavaScript.

Lengd 31 stund. Verð kr. 32.000,-

##### Myndbandavinnsla

##### Photoshop ljósmyndun

##### Stafrænar myndavélar

#### SÉRFRÆÐINÁM

- MCSA
- MCP XP
- MCDST
- Windows 2003 Network Infrastructure
- Microsoft Exchange Server

**Microsoft**  
CERTIFIED  
Systems Administrator

#### VAKTAVINNUFÓLK

Flest námskeið skólans geta hentað ykkur sérstaklega vel þar sem möguleiki er að skipta milli morgun- og kvöldtíma eftir vöktum án þess að missa úr.



TÖLVUSKÓLINN  
ÞEKking

REYKJAVÍK & AKUREYRI

FAXAFEN 10 | GLERÁRGATA 36 | WWW.TSK.IS | SÍMI: 544 2210  
108 REYKJAVÍK | 600 AKUREYRI | SKOLI@TSK.IS



Mikilvægustu samgöngubætur þjóðarinnar:

## Enn er beðið eftir Sundabraut

SVANBORG SIGMARSDÓTTIR SKRIFAR

**Þ**rátt fyrir að allir virðist sammála um að Sundabraut sé ein mikilvægasta samgöngubót landsmanna allra er enn beðið. Ekkert virðist bóla á framkvæmdum og satt best að segja ekki ljóst hvernig þær verða, eða hver muni annast framkvæmdina.

Í apríl 2006 samþykkti samráðsnefnd borgarstjórnar, Vega-gerðarinnar, Faxaflóahafna og íbúasamtaka í Laugardal og Grafarvogi, undir stjórn Dags B. Eggertssonar, einróma að mæla með að Sundabraut yrði lögð frá Laugarnesi í jarðgöngum yfir í Gufunes, undir Kleppsvík. Þá vildi Sturla Böðvarsson, þáverandi samgönguráðherra, meina að Sundabraut strandaði á ákvarðanafælni borgaryfirvalda, ekki væri ljóst hvar Sundabrautin ætti að liggja yfir Kleppsvík. Á sama tíma sagði Dagur að Sundabraut strandaði á peningum, þeir fengist ekki frá ríkinu.

Fyrsti möguleikinn til að höggva á þennan hnút var þegar sjálfstæðismenn stjórnðu bæði borg og samgönguráðuneyti. Gísli Marteinn Baldursson var samstiga ákvörðun fyrri samráðsnefndarinnar fyrir hönd nýs meirihluta, því í nýrri samráðsnefnd var í desember 2006 lögð fram skýrsla um þessi göng, sem var „miklu jákvæðari í garð Sundaganga en menn hafi gert ráð fyrir“, að sögn Gísla Marteins. Þá áttu göngin að fara í umhverfismat.

Annar möguleikinn til að höggva á hnútinn var þegar Samfylkingarfólk var orðið borgarstjóri, formaður samgöngunefndar og samgönguráðherra. Ef rétt var, eins og fullyrt var fyrirhluta árs, að Sundabraut kæmist ekki í framkvæmd vegna pólitískra deilna ríkis og borgar, það er Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar, ætti sú ástæða ekki lengur að vera fyrir hendi.

Þrátt fyrir að ákvarðanatöku um Sundabraut sé nánast í höndum eins flokks er Steinunn Valdís Óskarsdóttir, formaður samgöngunefndar, í Fréttablaðinu í gær, að brýna fyrir Kristjáni Möller samgönguráðherra að taka ákvörðun um legu Sundabrautar sem fyrst. Hann geti ekki skýlt sér á bak við tæknilegar útfærslur til að forðast ákvarðanatöku, það hafi dregist allt of lengi að taka ákvörðun.

Í júlí á síðasta ári var ljóst að hluta af því fé sem átti að fara til Sundabrautar yrði ráðstafað til annarra vegafarmkvæmda, þar sem undirbúningur Sundabrautar væri tiltölulega skammt á veg kominn. Á einhverju í undirbúningsferlinu strandar því málið. Auðvitað tekur það tíma að undirbúa jarðgöng, ef enn stendur til að Sundabraut liggja í göngum frá Laugarnesi yfir í Gufunes. En það virðist bara alls ekki ljóst hvort eigi að fara þá leið. Hún er sannarlega dýrari en svokölluð innri leið, jafnvel allt að tíu milljórdum dýrari. Jafnframt yrði meiri sátt um ytri leiðina, sem til dæmis íbúasamtök í Grafarvogi og í Laugardal hafa samþykkt. Öllu máli skiptir að staða málsins skýrist, hvar Sundabraut stendur og af hverju ekki er hægt að taka ákvörðun um hvar hún á að liggja. Eins og Steinunn Valdís sagði í gær: „Það gengur ekki að málið sé þannig stöðugt að enginn viti í hvaða farvegi það er.“

### FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365

**FRÉTTABLAÐIÐ** er eitt af þremur dagblöðum í Reykjavík. Ritstjórn: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson. ABSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir. FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Halldórsson og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). FULLTRUI RITSTJÓRA: Páll Baldvín Baldvínsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871



## FRÉTTABLAÐIÐ

### Munum eftir útiljósunum !

Nú þegar farið er að myrkva úti viljum við vinsamlega minna íbúa á að hafa kveikt á útiljósunum við heimili sín til að auðvelda blaðberum Fréttablaðsins aðgengi að ljúgu.

Fyrirfram þakkir, dreifing Fréttablaðsins



Pósthúsið - S: 585 8300 - www.posthusid.is

### FRÁ DEGI TIL DAGS

#### Hið pólitíska dýraríki

Stjórnmalamenn beita ýmsum stílbrögðum til að koma höggi á andstæðinga sína. Ágætis dæmi eru færslur Óssurar Skarphéðinsson þegar hann var að skjóta á „framsóknarmaddömu“ Valgerði Sverrisdóttur. Þar segir: „Valgerður hjólaði í mig í gær yfir Orkustofnun einsog lómamóðir sem er að verja ungan sinn.“ Valgerður svaraði stílvopnuð og kallaði Óssur næturgala og að eflaust myndi hún svo næla sér



í söngfugl þegar hún hefði legið á meltunni og hvílt sig. Svo er bara að vona að þessir fuglar fái ekki flensuna.

#### Og hvað með kynlífið?

Fleiri stílbrögð Óssurar má rekja til dýralífsins. Til dæmis líkir hann Valgerði við slöngu sem hlykkjast hljóðlega og leitar lags. Eins og alþjóð veit er Óssur líffræðingur og skrifaði doktorsritgerð sína um kynlíf laxa. Ætli hann rannsaki þann þátt eitthvað í þessu dýraríki?

#### Ánægðir viðskiptavinir

Sjö ungmenni á Akranesi voru handtekin á fimmtudag og föstudag en þeim tókst að fara sex milljónum yfir á debetkort frá Sparisjóði Akraness. Síðustu ár hefur Sparisjóðurinn auglýst sig sem bankann með ánægðustu viðskiptavinina. Er nema von að viðskiptavinir þeirra séu svona ánægðir með svona rúma heimild?



jse@frettabladid.is

## Hægri vinstri snú

Í leiðara laugardagsblaðsins í vakti Morgunblaðið ástríðufulla athygli á hugvekju Péturs Gunnarssonar rithöfundar um þær ögöngur sem einkabílismenn hefur fyrir löngu leitt okkur út í. Í gær fjallaði blaðið í löngu og ítarlegu máli um mannréttindabrot Bandaríkjaþjórnar í Guantanamo og víðar og er umfjölluninni fylgt eftir með skörunorðum leiðara um framferðir þar sem utanríkisráðherra Ingibjörg Sólrún Gísladóttir er átalinn fyrir lítilþægni í garð Bandaríkjaþjórnar varðandi málefni Erlu Lilliendahl. Þar gekk Mogginn akkúrat hárfínu skrefinu of langt í vinstriþykjustunni. Ekki einu sinni Vinstri græn hafa haft uppi slíkan málfutning enda var Ingibjörg fyrsti utanríkisráðherra í gjörvallri sögu lýðveldisins til að mótmæla gjörðum Bandaríkjaþjórnar. Fyrirrennari hennar, Davíð Oddsson, sló hins vegar öll met í auðsveipni við Bandaríkjaþjórn og stæði sig af því að George W. Bush þekkti sig á götu.



GUÐMUNDUR ANDRI THORSSON Í DAG | Mogginn og pólitíkin

#### Ekki þekki ég manninn

Blaðið var hægri megin við Samfylkinguna þegar það var málgagn stjórnarinnar og „hinna staðföstu“. Nú er það í stjórnarandstöðu og hefur tekið þann pólinn í hæðina að taka sér stöðu vinstra megin við Samfylkinguna. Blaðið reynir með öðrum orðum að sannfæra okkur öll um að það sé helsta málgagn Vinstri grænna. Og afneitar Bush meðan haninn galar þrisvar.

*Og hversu sem Mogginn reynir þá hefur of mikið gengið á gegnum tíðina til að hægt sé að kaupa það að málgagn Davíðs og Hannesar sé líka málgagn Ögmundar og Birnu.*

Fyrir mann af vinstri kanti sem alinn er upp við að lesa þetta blað er það vissulega sérstæð reynsla að sjá Þjóðviljatakta í Mogganum – en hugsunarhátturinn að baki er óneitanlega kunnuglegur. Mogginn var alltaf eitthvað að róta í allaböllum og reyna að deila þar og drottna, var býsna slunginn við að ala þar á úlfúð og hatrí, hossaði sumum en úthúðaði öðrum.

Skrif blaðsins um Svandísi Svavarsdóttur eru þessu marki brennd, þó að þau séu tekin að minna á einhvers konar ástarbilun, svo þrálát eru þau og allt að því

þráhyggjukennd: daglegur staksteinn er henni helgaður og því illa fólki sem hún kaus að leggja lag sitt við og nú síðast rignir yfir hana gylliboðum í Reykjavíkurbreifi þar sem henni er lofað borgarstjórastól vilji hún aðeins „koma yfir“.

Í þessum skrifum dynja á Svandísi beisklegar ásakanir um brigið við ímynduð tryggðahait en öðrum stundum sér maður ritstjórnann beinlínis í mánaskini með skikkju um öxl gólandi mansöngva við undirleik fimm manna gítarsveitar.

Allt er þetta náttúrulega bara pólitík og Mogginn sem málgagn róttæklinga undarlega á skakk og skjön við sjálfan sig. Hann er svolítið eins og nýskilinn maður á fertugsaldri með nýspröttið skegg sem hlammar sér við borð hjá ungu fólki á bar og fer að tala um að allt sé svo „ýkt“ og „gegt“ og „nákvæmlega“.

#### Syskinaúlfúð

En hann er ekki ýkja sannfærandi. Fólki söðlar vissulega um, snýr baki við fyrri háttum, sér eitthvert ljós, en slíku fylgir þá jafnan einarölegtt uppgjör við fyrri villu. Skyldi Mogginn ætla að draga til baka fyrri skrif sín um Írak, svo dæmi sé tekið af mótsagnakenndum skrifum blaðsins?

Því allt á þetta sér sína sögu. Tortryggnin er vissulega ærin milli Samfylkingar og Vinstri grænna en um leið eru tengslin þar á milli sterk og margar sameiginlegar hugsjónir sem tengja fólk, sameiginlegur menningarbakgrunnur, sameiginlegar gamlar tilvísanir, ótal lítil atriði: samband Samfylkingar og VG minnir á systkinaúlfúð. Og hversu sem Mogginn reynir þá hefur of mikið gengið á gegnum tíðina til að hægt sé að kaupa það að málgagn Davíðs og Hannesar sé líka málgagn Ögmundar og Birnu.

## Einfaldlega lestur

### UNMRÆÐAN

Lesskilningur

**B**esta ráðið til að bæta lesskilning er að lesa. Lausnin er ekki flóknari en svo. Sá sem vill ná árangri í einhverju æfir sig. Lesskilningur er grundvöllur þess að börn og unglingar nái árangri í námi á skóla- skylduárum og í framhaldsskóla. En ekki síður grundvöllur þess að hægt sé að stunda þá símenntun og þekkingaröflun ævina á enda sem nútímapjóðfélagið krefst. Grunnur að námsárangri er lestur. Rannsóknir staðfesta þetta æ ofan í æ. Þetta hafa líka verið staðföst skilaboð bókaútgefenda, rithöfunda og samtaka um eflingubókmenningar og menntunar barna í árunna rás. Þegar rætt er um árangur í PISA og PISIG könnunum er niðurstaðan því í raun þessi: Börnin okkar þurfa að lesa meira og lefni þeirra þarf að vera sem fjölbreyttast. Ekki bara lesmálið í skólastofnunum. Allur lestur sem krefst einbeitingar og skilnings er gagnlegur.

Fleira hangir á spýttunni. Í rannsókn sem kanadíska hagstofan gerði á sambandi læsis og hagvaxtar fyrir fáeinum árum kom í ljós að læsi



KRISTJÁN B. JÓNASSON

fulloröðna og ungs fólks á framhaldsskóla- aldri er mælikvarði á getu samfélaga til að standa undir göðum lífskjörum. Betri lesskilningur þýðir bættur hagvöxtur.

Lestur er því ekkert smámál. Fyrirtæki, fjárfestar, hagsmunasamtök og menntastofnanir þrýsta stöðugt á um að hér sé viðhaldið þjóðfélagi í fremstu röð á alþjóðavísu. Þar er að baki eðlileg kappgírni. Aðstæðurnar sem urðu til þess að íslensku efnahagslífi tókst að brjótast út úr sínum gamla stakki eru margbrotnar, en án efa skiptu menntun og þekking þar miklu. Nú spyrja sig margir hvað sé næst. Þá er horft til grunnþáttanna: menntunar, þekkingar og rannsóknna. Og við sem berum hag bókmennningar fyrir brjósti minnum þá á sjálfsgöð sannindi eina ferðina enn: Lestur er grunnur að glæstri framtíð. Lesum með börnum okkar hvern dag og lesum sjálf.

Þekking heimsins er að mestu bundin í lesmál. Aðeins mannhugurinn getur drepið bókstafina úr dróma og fengið þá til að bæta okkar hag.

Höfundur er formaður Félags íslenskra bókaútgefenda.



Tölvunám í viðurkenndum skóla - skráðu þig núna í nám:

# Tölvunám vorið 2008

## Menntun sem gefur þér forskot



1986 - 2008 • 22 ár í fremstu röð

Nýttu þér tölvunám TV til aukinnar þekkingar. Núna! Eyddu ekki tíma og peningum. Menntaðu þig hjá viðurkenndum skóla sem veitir þér öruggari aðgang að betra starfi til framtíðar. Tölvuskóli Tölvu- og verkfræðiþjónustunnar við Grensásveg er viðurkenndur af menntamálaráðuneytinu sem einkaskóli á framhaldsskólastigi. Skólinn er elsti tölvuskólinn á Íslandi og hafa um 36.000 nemendur sótt tölvumenntun sína til skólans á rúmu 21 ári. Nýttu þér tækifærin og skráðu þig strax. Hringdu núna í síma 520 9000 og talaðu við okkur um greiðslukjör.

Tölvuskóli TV er vottaður af innlendum og erlendum aðilum til að tryggja hagsmuni nemenda.



Veldu stutt og hnitmiðuð námskeið:

Veldu nám sem hentar þér og skráðu þig strax hjá Tölvuskóla TV:

### MCSA og MCP nám

#### MCSA netstjórnun 2. hluti

Frábært nám sérstaklega sniðið fyrir þá sem lokið hafa fyrri áfanga MCSA náms og vilja læra það sem til þarf til að taka gráðuna. Kennar eru námsgreinarar Windows Vista Client (70-620 og Windows 2003 Network Infrastructure (70-291). Forkröfur eru Windows XP (70-270) og Windows Server 2003 (70-290).

Tvö MCP próf innifalin.

Lengd: 121 stund/81 klst. Verð: 169.900

#### MCSA netstjórnun

Taktu MCSA (Microsoft Certified Systems Administrator) gráðu og vertu í hópi þeirra eftirsóttustu. Fáðu yfirburða þekkingu á netstjórnun, Windows XP og Windows Vista.

Þú lærir netfræði, TCP/IP, Windows XP Professional (70-270), Windows 2003 Server MCP (70-290), stjórnun Windows neta og netumhverfi Windows 2003 (70-291) og Windows Vista (70-620).

Öll (4) nauðsynleg próf innifalin.

Lengd: 243 stundir/162 klst. Verð: 319.900

#### Einstakar MCP greinar

- Windows Vista Client (70-620)  
Lengd: 60 st./40 klst. Verð: 92.900
- Netw. Infrastr. Win 2003 (70-291)  
Lengd: 63 st./42 klst. Verð: 99.900

### C# .NET forritun

#### Visual C# .NET forritun

Frábært námskeið til að læra á það forritunarmál sem flestir nota. Hnitmiðuð og yfirgripsmikið mál sem undirbýr þig fyrir krefjandi forritunarverkefni.

Krafist er góðrar tölvuþekkingar.

Lengd: 94 stundir/63 klst. kvöldnám  
Verð: 139.900

### Tölvuumsjón

#### Tölvuumsjón

Einstakt nýtt nám fyrir þá sem vinna við umsjón tölvu og/eða notendabjónustu eða vilja hasla sér völl á því sviði:

- Microsoft Office 2007(expert)
- Windows Vista og Server (intermediate)
- DreamWeaver, Photoshop og Flash

Ath: Aðeins fyrir fólk með góða tölvuþekkingu

Lengd: 200 stundir/133 klst, Verð: 299.000

### Skrifstofunám

#### Hagnýtt bókhaldsnám

Bókhaldsnám sem borgar sig strax. Námið er fyrir þá sem vilja ná góðum tókum á bókhaldi, t.d. sjálfstæða atvinnurekendur og þá sem vinna við bókhald.

Kennt er meðal annars fjárhagsbókhald, tölvubókhald, uppgjör og skil á virðisaukaskatti, grunnur launaútreikninga, afstemmingar, undirbúningur uppgjors og fleira

Lengd: 94 stundir/63 klukkust. Verð: 99.900

#### Skrifstofu- og tölvunám

Ef þú vilt verða liðtæk(ur) við margskonar skrifstofustörf og vinnu við tölvu þá er þetta hnitmiðuða skrifstofunám það rétta.

Helstu kennslugreinar:

- Tölvugrunnur, Windows, fingrasetning, Internetið, Word, PowerPoint, Outlook, Access og Excel.
- Almennar viðskiptagreinar og verslunarreikningur

Lengd: 200 stundir/133 klst. Verð: 159.900

#### Skrifstofu- og bókhaldsnám

Þú verður í hópi eftirsóttustu starfskrafta ef þú menntar þig í bókhaldi, rekstri og skrifstofustörfum.

Helstu kennslugreinar:

- Tölvugrunnur, Windows, fingrasetning, Internetið, Word, PowerPoint, Outlook, Excel og Access.
- Almennar viðskiptagreinar og verslunarreikningur.
- Hagnýtt bókhald

Lengd: 300 stundir/200 klst. Verð: 229.900

Allt skrifstofunám er í boði á morgnana (9:00-12:00) eða á kvöldin (19:30-22:30)

### Vefsíðugerð

#### Vefhönnun og myndvinnsla

Þetta nám er ætlað þeim sem vilja ná þeirri færni sem þarf til þess að starfa við vefhönnun, vefstjórnun og grafík.

Kennd er HTML forritun og notkun Flash, DreamWeaver og Photoshop forritanna.

Lengd: 90 stundir/60 klst. 16:15-19:15  
Verð: 99.900

#### DreamWeaver og Photoshop

Frábær samsetning af öflugum forritum og skemmtilegri kennslu gera það að verkum að vefsíðugerð verður leikur einn.

Lengd: 54 stundir/36 klst, Verð: 52.900

### Góð byrjun

#### Almennt tölvunám

Ef þú hefur litla reynslu af tölvuotkun eða vilt fá gott og ítarlegt námskeið um allt það helsta sem gert er með tölvum þá er þetta frábæra námskeið fyrir þig.

Helstu kennslugreinar:

- Windows, Word og Excel
- PowerPoint, Outlook og Internetið

Lengd: 90 stundir/60 klst. dag eða kvöld  
Verð: 79.900 • Allt að 3 ára lán

#### Tölvuþekking fyrir konur

Námskeið sem hefur slegið í gegn, ætlað þeim konum sem vilja ná færni í notkun tölvu við margvísleg verkefni hvort sem er í vinnu eða heima.

Helstu kennslugreinar:

- Tölvugrunnur, Windows og Word
- Excel, Internetið og tölvupóstur

Lengd: 60 stnd./40 klst. morgun eða kvöld  
Verð: 47.900 • Allt að 3 ára lán

#### Tölvunám fyrir 50+

Ef þú hefur ekki ennþá lært á tölvu og ert komin(n) yfir fimmtugt er þetta rétta námskeiðið fyrir þig.

Þægilegur hraði, spennandi efni og frábær kennsla gerir þig að öflugum tölvuotanda.

Helstu kennslugreinar:

- Tölvugrunnur, Windows og Word
- Excel, Internetið og tölvupóstur
- Stafræn ljósmyndun og vinnsla

Lengd: 72 stnd./48 klst. dag eða síðdegi  
Verð: 59.900 • Allt að 3 ára lán

### Verkefnastjórnun

#### Hagnýtt verkefnastjórnun

Vertu betri verkefnisstjóri. Lærðu grundvallaratriði góðrar verkefnastjórnunar, PRINCE2 aðferðafræðina og Microsoft Project við gerð áætlna og stjórnun verka.

Lengd: 54 stundir/36 klst. Verð: 89.900

#### PRINCE2 verkefnastjórnun

Lærðu PRINCE2 aðferðafræðina við verkefnastjórnun, fáðu betri yfirsýn og stjórnaðu verkefnum óaðfínanlega.

Lengd: 18 stundir/12 klst. Verð: 49.900

#### Project verkefnastjórnun

Náðu betri tókum á áætlanagerð og utanumhaldi um verkefni með þessu frábæra forriti frá Microsoft.

Lengd: 22 stundir/15 klst. Verð: 39.900

VR, Efling og flest önnur stéttarfélög styðja félagsmenn sína til náms hjá okkur

Afsláttur er veittur til félaga í VR, Eflingu og mörgum öðrum félögum, allt að 15%

- 30 daga ókeypis símaþjónusta að loknu námi
- Ókeypis forfallatrygging felur í sér að þú getur bætt þér upp veikindi og forföll, innan árs
- Mjög hagstæðir greiðsluskilmálar og lán til allt að 5 ára (leitid nánari upplýsinga um kjör).

Tölvunám TV til betri verka

– hringdu núna í síma 520 9000

– og skoðuðu [www.tv.is](http://www.tv.is) til að fá meiri upplýsingar

– eða komdu í heimsókn, þú ert alltaf velkomin(n)!



Tölvu- og viðskiptaskóli • Ráðgjafarstofa

Viðurkenndur einkaskóli á framhaldsskólastigi

Grensásvegi 16 • 108 Reykjavík • Sími 520 9000 • tv@tv.is • www.tv.is

www.tv.is



NÁTTÚRUFRÆÐINGURINN GER-  
ALD DURRELL FÆDDIST PENNAN  
DAG ÁRIÐ 1925.

„Margir halda að náttúru-  
vernd felist í því að vernda  
skritin dýr en hún er fyrst  
og fremst barátta við að  
koma í veg fyrir tortímingu  
mannkynsins.“

Gerald Durrell andaðist árið  
1995 en hans verður lengi  
minnst, meðal annars fyrir  
góða kímningáttu.



## tímamót

tímamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 7. JANÚAR 1942

## María Markan á Metropolitan

Óperusöngkonan María Markan var fyrst Íslendinga til að syngja stórt hlutverk í Metropolitan-óperunni í New York-borg í Bandaríkjunum. Óperuhúsið er eitt elsta og virtasta óperuhús Bandaríkjanna en hinn 7. janúar árið 1942 steig María Markan þar á sviði í hlutverki greifafrúarinnar í hinni velþekktu óperu Mozarts, Brúðkaup Fígarós.

María kom til New York haustið 1941 eftir að hafa starfað í borgum eins og Kaupmannahöfn, Ósló, Stokkhólm, Berlín, Lundúnum og við Glyndeburne-óperuna á Englandi auk



þess að hafa farið í söngfór um Ástralíu. Hún var fast-ráðin við Metropolitan frá 1941 til 1944. Þá var síðari heimsstyrjöldin í al-gleymingi í Evrópu og rætin blaðaskrif um meint tengsl Maríu við nasista í Þýskalandi reyndust henni fjötur um fót á frambrautinni við óperuna. Hún fékk því ekki mörg stór hlutverk þar en hélt þó tónleika víða um heim eftir það uns hún settist að á Íslandi árið 1955. Hér tók hún þátt í fjölda ópera og setti á stofn söngskóla.

### MERKISATBURÐIR

- 1610 Galileo Galilei uppgötvar fjögur tungl Júpíters.
- 1730 Áni Magnússon, handritasafnari og prófessor, deyr, 66 ára að aldri.
- 1789 Bandaríkjamenn kjósa í fyrsta sinn forseta. George Washington er kjörinn.
- 1953 Harry Truman, forseti Bandaríkjanna, gefur út þá yfirlýsingu að Bandaríkjamenn hyggist framleiða vetnissprengju.
- 1979 Vietnamskir herir má völdum í Kambódíu og velta ríkisstjórn Rauðu khmeranna.
- 1989 Krónprins Akihito verður keisari Japans í kjölfar dauða föður síns, Hirohito.



UNDIR NORÐURLJÓSUM Hótel Rangá á vetrarnóttu.

## Rangá slæst í hóp lúxushótela

Hótel Rangá, sem er fjögurra stjarna lúxushótel á bökkum Eystri-Rangár, hefur gerst félagi í markaðs-samtökum lúxushótelanna Special Hotels of the World, sem er dótturfélag The Great Hotels of the World. Í fyrrnefndu samtökunum eru 50 lúxushótel en í síðarnefndu samtökunum eru um 240 bestu hótel og afþreyingarstaðir heims. Sérstaða samtakanna felst í samstarfi við hótel sem bjóða gestum

sínum einstæða þjónustu og upplifun og hafa þannig sérstöðu á markaðnum í viðkomandi landi og þótt víðar sé leitað, að því er kemur fram í tilkynningu frá Hótel Rangá. Mikið stendur til þar en á árinu 2008 verður matsalur byggður fyrir 110 manns, stærri fundarsalur, bar og setustofa stækkuð og bætt við fjórtán nýjum herbergjum, þar á meðal tveimur stórum svítum og fimm minni svítum.

## Norðlendingur ársins

Jóna Berta Jónsdóttir er Norðlendingur ársins árið 2007, að mati hlustenda Útvarps Norðurlands.

Jóna Berta er formaður Mæðrastyrksnefndar í Eyjafirði og hefur starfað í þágu nefndarinnar í hartnær tuttugu ár.

Fjölmargir voru tilnefndir í kosningunni og greinilegt að margir Norðlendingar hafa látið að sér kveða á nýliðnu ári.

Jóna Berta er sannarlega vel að titlinum komin að mati Útvarps Norðurlands en þetta kemur fram á vef Akureyrarbæjar: [www.akureyri.is](http://www.akureyri.is)

Kjörið fór fram 27. og 28. desember.



VEL AÐ TITLINUM KOMN Jóna Berta Jónsdóttir hefur starfað fyrir Mæðrastyrksnefnd í hartnær tuttugu ár.

MYND/KRISTJÁN KRISTJÁNSSON-VIKUDAGUR



SLAKAR Á Í BYRJUN Malín Örlýgsdóttir ætlar að fara út á Laugavegin og láta eftir sér að setjast inn á kaffihús án þess að vera á hlaupum.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

MALÍN ÖRLÝGSDÓTTIR HÖNNUÐUR: KVEÐUR STORKINN EFTIR ÁRATUGA STARF

## Líkt og að ljúka stúdentsprófi að standa á þessum tímamótum

„Ég er búin að starfa í Storkinum í hátt í fimmtíu ár en fékk gott tilboð í verslunina og sló til. Hún fer í góðar hendur. Sú sem kaupir hana heitir Guðrún Hannele Henttinen og margir kannast við hana úr Epal. Mér finnst ég standa á tímamótum líkt og þegar ég lauk stúdentsprófinu. Það er bara eitthvað nýtt sem tekur við,“ segir Malín Örlýgsdóttir hressilega þegar hún er spurð út í breytingarnar sem verða á lífi hennar nú þegar hún hefur selt verslunina Storkinn.

Það var móðir Malínar, Unnur Eiríksdóttir, sem stofnaði Storkinn árið 1953 og fyrstu árin var verslunin á Grettisgötu 3.

„Þá var hún ungarnafatabúð. Faðir minn, Örlýgur Sigurðsson listmálari, ákvað nafnið því á þessum árum komu storkarnir með börnin!“ lýsir Malín glettin.

Verslunin flutti í Kjörgarð árið 1959 og hefur verið þar síðan. „Þar afgreiddi ég mína fyrstu sölu nú ára gömul,“ segir Malín brosandí. Hún kveðst hafa haldið til náms til Svíþjóðar á áttunda áratugnum og verið þar í nokkur ár. Lært fatahönnun og lagt sérstaka áherslu á þrjónahönnun, bæði vélþrjón og handþrjón.

„Þegar ég kom heim fór ég fyrst að vinna hjá Álafossi en síðan í Storkinum með móður sinni og tók svo al-farið við stjórninni þar 1986,“ rifjar hún upp. Hönnunin er eitt af því sem Malín hefur þótt gaman að sinna og hana kveðst hún ekki leggja á hilluna þó hún hætti verslunarrekstrinum. „Litirnir í garninu hafa alltaf heillað mig,“ segir hún.

Þótt Malín sé jákvæð gagnvart sölu Storksins viðurkennir hún að margs sé að sakna þaðan. „Ég sé eftir búðinni að vissu leyti. Líf mitt og fjölskyldunnar hefur snúist það mikið um hana í áratugi. Auk okkar mömmu hafa dóttir mín og tengdadætur unnið þar og barnabörnin auðvitað komið við þar líka og eiga góðar minningar um búðina. Þau eru hálf vængbrotin út af sölnunni og alveg hissa á mér. Ég mun líka sakna þess að hitta ekki mína góðu viðskiptavini reglulega. Þetta eru orðnir svo miklir vinir mínir því það er bara gott fólk sem þrjónar. Algengt er að konur byrji að þrjóna þegar þær eiga von á fyrsta barninu. Þá hafa þær flykkt til mín á kvöldnámskeið. Eg kalla þær þrjónadætur mínar. Svo hafa þær haldið áfram að þrjóna og ég hef fylgst með

börnunum þeirra vaxa úr grasi. En svo á ég líka mín eigin barnabörn sem ég hef kannski ekki sinnt sem skyldi af því ég hef verið svo mikið í vinnunni. Í svona rekstri er vinnudeginum nefnilega aldrei lokið.“

Þrjónaskapur hefur aukist mikið á undanförunum árum að sögn Malínar. „Konur bera meiri virðingu fyrir því sem þær þrjóna en áður þekktist,“ segir hún og heldur áfram: „Þær velja gott garn og bera meira skyn á handbragð en fyrir tíu til fimmtán árum. Þá var næstum hægt að loka búðinni í desember en nú voru konur að kaupa sér silki og kasmírull til að hafa á þrjónum við kertaljós og kósíheit í skammdeginu.“

Malín segir það góða tilfinningu að láta Storkinn frá sér þegar svona vel árar í þrjónaskapnum. „Ég vil heldur ekki hættu þegar það er orðið allt of seint,“ segir hún. „Nú ætla ég í byrjun að slaka aðeins á. Fara út á Laugavegin án þess að vera á hlaupum og láta eftir mér að setjast inn á kaffihús. Svo langar mig að ferðast og njóta lífsins. En um leið get ég alveg hugsað mér eitthvert skemmtilegt starf svo ef þú veist um líflega vinnu máttu láta mig vita.“

gun@frettabladid.is



+

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Jónas Kristinn Guðbrandsson**  
Fjallalind 23, Kópavogi,  
áður Gladheimum 8, Reykjavík,

lést á Landspítalanum við Hringbraut, deild 11E, þriðjudaginn 26. desember síðastliðinn, Jarðarförin fer fram frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 8. janúar kl. 13.00.


Dóra Steinunn Jónasdóttir	Bragi Sigurðsson
Guðbrandur Kristinn Jónasson	Guðný Halldórsdóttir
Jóhanna Guðrún Jónasdóttir	Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson
Puríður Helga Jónasdóttir	
barnabörn og barnabarnabörn.	



**Janúarútsölur** eru hafnar og víða hægt að gera góð kaup. Þeir sem vilja fegra heimili sitt ættu að nota tækifærið og reyna að finna eitthvað fallett á góðu verði. Eins getur verið sniðugt að nota tímann til þess að fjárfesta í jólaskrauti eða jólagjöfum fyrir næsta ár.



**Jólaskraut** og jólaljós eru á niðurléið og finnst þá mörgum kósiheitin sem einkenna heimilið um jólin hverfa. Engin ástæða er þó til annars en að viðhalda notalegri stemningu með kertaljósum, ilmólum og ljúfri tónlist auk þess sem hægt er að fá alls konar sérur sem eiga við allt árið.



**Silfurborðbúnaður** kemur venjulega í kössum og gott er að geyma hann í þeim á milli þess sem hann er notaður til þess að fari sem best um hann. Gott er að setja kritarmola í kassana svo síður falli á silfrið en það getur verið töluverð vinna að þússa það allt fyrir notkun.

# allt

HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA GRÆJUR ATVINNA TILBOÐ VINNUVÉLAR O.FL.

FRÉTTABLAÐIÐ

**KOMIÐ OG DANSIÐ!**

**LÆRÐU LÉTTA DANSSVEIFLU Á TVEIM DÖGUM!**

**Námskeið vor 2008**

Helgar-Svingnámskeið:  
26.jan - 9.og 24.febr.  
29.mars - 12.apríl

4 kvöldna Svingnámskeið:  
Hefjast: 15.jan - 19.febrúar

Verðum ballfær - blandaðir dansar:  
Hvert námskeið 4 sunnud, kv. kl. 20.30 - 22.30  
Námskeið hefjast: 13.jan - 10.febr - 9.mars

Gamla góða títtíð:  
Helgarnámskeið: 12.janúar

Línudansar á miðvikudagskvöldum:  
8 kvöldna námskeið hefjast 16.janúar

SÍMI 26.janúar  
**557 7700**

**DANSHÖLLIN**

Drafnarfelli 2 111 Reykjavík  
kod@komidogdansid.is  
www.komidogdansid.is



Björgvin með syni sínum Jól og saumavélinni góðu sem amma Björgvins saumaði ýmislegt á í gegnum tíðina. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Allt nýtt í gamla daga

Björgvin Sigurðsson, grafískur hönnuður, hefur bjargað gömlum myndavélum og ýmsum öðrum munum frá tortímingu í gegnum tíðina. Einn hlutur sem hann vildi alls ekki glata er gamla Singer-saumavélin ömmu hans. Gamla Singer-vélin stenst ef til vill ekki nýjustu tölvusaumavélunum snúning en á meðan minning hennar er í heiðri höfð mun hún fá að tifa af og til.

„Þetta er vél sem ég man eftir frá því ég var bara smákrakki. Fyrstu minningar mínar eru frá því ég var fjögurra til fimm ára og þá frá ömmu á Grettó þar sem hún sat við vélin á eldhúsinu og saumaði, kerlingin,“ segir Björgvin. „Þetta er svona vissst sem fylgdi ömmu alltaf í gegnum lífið, ætli hún hafi ekki

eignast hana í byrjun seinni heimsstyrjaldarinnar.“ Upphaflega var vélin fótstigin en seinna var bætt við hana litlum rafmagnsmótor til að gera hana nútímalegri og skilvirkari, það var alfarið íslensk hönnun og hugmynd.

Að því er Björgvin best veit var amma hans sú eina sem vann á vélin. Hún saumaði minna á efri árum, en var ansi iðin við nálin þegar hún var yngri. „Það var allt saumað í þessu,“ segir Björgvin. „Til dæmis hirti hún og nýtti gamla poka sem Eimskip notaði til að flytja inn hveiti. Á pokana hafði verið stimplað stórum stöfum „Eimskip“, en þetta bleikti hún upp og saumaði síðan sængurföt úr þessu. Það var allt nýtt í gamla daga. Pokarnir voru þokkalega stórir, það þurfti tvo til þrjá í eitt lak. Þetta voru kerlingarnar að rista upp og sauma svo aftur. Við eigum svona lök meira að segja!“

niels@frettabladid.is

## VINNUVÉLANÁMSKEIÐ

Næsta námskeið hefst  
11. janúar n.k.

Staðsetning í Mjódd  
[www.ovs.is](http://www.ovs.is)



UPPLÝSINGAR OG INNRITUN Í SÍMA 588-1414

**5125050**  
Auglýsingasími

## HÚSGAGNA LAGERSALA

- Leðursófasett
- Hornsófasett
- Sófasett með innbyggðum skemli
- Borðstofuborð og stólar
- Sófaborð
- Eldhúsbord
- Rúmgafnar

**ALLTAF BESTA  
VERÐIÐ**

### Verðdæmi:

**Leðursófasett** áður 239,000 kr  
Nú **119,900** kr

**Hornsófar** tau áður 198,000 kr  
Nú **103,000** kr

**Hornsófar** leður áður 249,000 kr  
Nú frá **159,000** kr

### Opnunartími

Mán - Föstudagar 09 - 18  
Laugardaga 11 - 16

Erum í Dugguvogi 2. Sími 557-9510





**HITA KUTAR**  
Amerísk gæða framleiðsla

30-450 lítrar

Umboðsmenn um land allt

**RAFVÖRUR**  
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI  
SÍMI 568 6411 · RAFVORUR@RAFVORUR.IS

**Marretti**

Hágæða ítölsk vara

Gler eða harðvniðar tröppur, burstað ryðfrítt stál eða pólerað.

**B. Haraldsson**  
s. 897-8947 • bjorneh@simnet.is

Hringdu í síma  
**512 50 60**  
ef blaðið berst ekki



Starfsmenn borgarinnar safna jólatrjám saman eftir þrettándann og mikilvægt er að borgarbúar skilji trén eftir þannig að þau fjúki ekki út um allt. FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

## Trén öðlast framhaldslíf

Í byrjun árs fara lifandi jólatré að missa barrið og þá vill fólk losna við þau. En það er ekki sama hvernig að því er staðið.

„Við biðjum fólk að setja trén út fyrir lóðamörkin, þannig að það sjáist að þau eigi að fara. Það verður samt að koma þeim þannig fyrir að þau fjúki ekki ef vond veður gerir,“ segir Ísak Möller hjá Reykjavíkurborg en hann er einn þeirra sem hafa umsjón með því að safna trjám saman.

„Trén skipta þúsundum svo þetta er töluverð vinna. Þegar við höfum safnað þeim saman eru þau færð til Gámaþjónustunnar og notuð við moltipgerð.“ Það er því framhaldslíf fyrir jólatrén eftir að þau hafa þjónað sínu hlutverki í stofum borgarbúa um jólin.

hnefill@rettabladid.is

**STIGAR**

Einnig: Innihurðir, Harmonikkukurðir, Fullningahurðir, Útihurðir, Gerefti, Gólflistar og margt fleira

Allar mögulegar gerðir og stærðir smíðað eftir óskum hvers og eins

Mex - byggingavörur  
Sími 567 1300 og 848 3215  
[www.byggingavorur.com](http://www.byggingavorur.com)

Vönduð vara og hagstætt verð..... Ryðfrítt



## Útsalan í fullum gangi

Sófalist - Garðatorgi - S: 559 0444

**JK SMÍÐIR**

**J K Smiðir**

s: 6933483 & 6955219

Bygging húsa, Þakvinna, Gluggaísetningar, Parketlög, Sumarhúsasmíði, Uppsetning milliveggja, Byggingastjórn, Þjónustum einnig húsfélög og fasteignafélög.

**GEGGJUÐ RÝMINGARSALA**

NÚ VERÐUR ALLT BRJÁLAÐ!!!  
ATH. Erum með 60 potta á gólfi.

Rýmum fyrir árgerð 2008.  
Seljum alla potta árgerð 2007 á hrikalegu verði.  
Það er núna eða aldrei. Hvað er betra en að hafa rjúkandi heitann pott í garðinum sínum og slappa vel af í skammdeginu!!!!

Arctic Spas eru Kanadískir gæðepottar  
Arctic Spas eru sterkir pottar og þola íslenskt veðurfar  
Arctic Spas þola allt niður að -50gr frosti

Seljum einnig Panasonic Nuddstóla.  
Þetta eru stólar sem þola næstum allt.  
2 ára ábyrgð. Gæðestólar

Vorum að taka á móti heilum gæm.  
Allt fyrir spílskerbergjö, Pókerborð, Billardborð, spílastólar, flarir og fleira og fleira.  
Allt umnið úr gegnheimum við (Ask) frá Kanada

Eigum mikið úrval af plast tröppum ásamt vönduðum tröppum úr sérvaldumsedrusviði.

Byggiuborð úr Azoba tré.  
Dönsk hönnun, dönsk gæði, dönsk vara, lífstíðar ending.  
Þetta eru framtíðarútihúsgögn.

Opið í dag milli 12.00-18.00

Óskar eftir starfsmanni í afgreiðslu í kvöld og helgarvinnu.  
**Upplýsingar í síma 864 6112 og á [www.keiluhollin.is](http://www.keiluhollin.is)**

**Garðabær - Okkar Bakarí**  
Vantar hress og duglegt starfsfólk. 60% vinna.  
**Uppl. hjá Þóru í síma 891 8258 eða á staðnum 565 8070.**

**Gröfumenn**  
Vantar vana gröfumenn á 16 tonna hjólavél og 30 tonna beltavél.  
**Uppl. í s. 822 2660 & 822 2661.**

**Garðabær - Okkar bakarí**  
Poszknije pracownika sprzedawce. Angielski wymagany.  
**Informcja 891 8258, Þóra & albo 565 7170**



**Garðabær - Okkar bakarí**  
Óskum eftir að ráða bakara og aðstoðarmann.  
**Uppl. í s. 897 7937 Steini.**

**Leikskólinn Vinaminni**  
Laus er til umsóknar staða leikskólakennara eða starfsmanns með reynslu af leikskólastarfi á Leikskólanum Vinaminni Asparfelli 10, 111 Rvk. Viðkomandi þarf að hafa gaman af börnum og skapandi starfi, börnin eru besta fólkið, hvað er betra en að vinna að því að efla vísu og vöxt leikskólabarnanna þar sem gleðin og einlægnin er í fyrirrúmi?  
**Nánari upplýsingar fást hjá Sólveigu leikskólustjóra í síma 861 8055 eða 587 0977.**



**Aktu Taktu**  
Aktu Taktu leitir eftir rösku og áreiðanlegu starfsfólki í afgreiðslu. Um er að ræða bæði fullt starf og hlutastarf. Ef þig langar til að vinna á skemmtilegum og líflegum vinnustað þá gæti þetta verið rétta vinnan fyrir þig. Góð laun í boði fyrir rétta aðila. Umsóknir á [aktutaktu.is](http://aktutaktu.is).

**Pylsuvagninn Laugardal**  
Pylsuvagninn Laugardal óskar eftir fólki til starfa. Um er að ræða hlutastarf, tilvalið fyrir skólafólk. Aðeins stundvísir, heiðarlegir og reglusamir starfsmenn koma til greina. Góða laun í boði fyrir rétta aðila. Umsóknareyðublöð fast á staðnum.

**Nonnabiti**  
Starfskraftur óskast til starfa, ekki yngri en 18 ára, reyklus. We need more pepole, full time and part time, in down town fastfood. No smoking.  
**Interested please call 846 3500 & 898 5956.**



**Síld og fiskur**  
Starfsfólk óskast í söludeild okkar til að taka til pantanir.  
**Upplýsingar gefur Sófus í síma 863 1938 einnig á netfangið: [sofus@ali.is](mailto:sofus@ali.is)**



**Dyraverðir / Aðstoð í sal / Barþjónar**  
Óskast á THE ENGLISH PUB.  
**Áhugasamir hringið í síma 690 9996 eða 821 8500**



Óskum eftir sjálfstæðum og vönum rafvirkjum í vinnu. Uppl. í s: 898-0500 - [hugrun@rafvirkni.is](mailto:hugrun@rafvirkni.is)



**TE & KAFFI**  
Te & Kaffi óskar eftir áreiðanlegum og röskum starfsmanni í fullt starf við útteyrlu og lagerstörf hjá fyrirtækinu. Umsóknir á heimasíðu Te & kaffi [www.teogkaffi.is](http://www.teogkaffi.is)/Fyrirspurnir/Atvinnuumsoknir og í síma 555 1910



**TE & KAFFI**  
Te & Kaffi óskar eftir áreiðanlegum og röskum starfskrafti á lager og í framleiðsludeild fyrirtækisins. Starfið felst í tiltekt pantana, vinnu við þökkunarvél og annarra tilfallandi verkefna framleiðsludeildar. Framtíðarstarf. Umsóknir á heimasíðu Te & kaffi [www.teogkaffi.is](http://www.teogkaffi.is)/Fyrirspurnir/Atvinnuumsoknir og í síma 555 1910



**Kentucky Fried Chicken Kópavogi**  
Óskum eftir hressu og duglegu fólki 16 ára og eldra í afgreiðslu og eldhús, vantar á fastar vaktir og aukavaktir, gott með skóla. Umsóknareyðublöð á staðnum.  
**KFC Kópavogi s. 554 4700**

Starfsfólk frá Lettlandi: smiðir, verkamenn, suðumenn, ræstingafólk o.fl. S. 8457158

Starfskraftur óskast til starfa á kassa ásamt öðrum störfum í matvöruverslun í austurbænum. Uppl. Kjöhöllin Háaleitisbraut 58-60. S. 553 8844.

**American style**  
Vantar þig góða vinnu í föstu vaktavinnu? Erum með störf í 100% vaktavinnu. Skemmtilegt vinnuumhverfi, mjög samkeppnishæf laun og frábært fólk. Sæktu um á [americanstyle.is](http://americanstyle.is)

Sóthreinsun og þrif ehf. Starfsmann með bílpróf vantar. Óskum eftir hraustum starfsmanni 17 ára eða eldri í vinnu við háþrýstjövott og sóthreinsun. Þarf að hefja störf sem fyrst. Umsóknir og umsögn um reynslu berist til: [sott-hreinsun@sott-hreinsun.is](mailto:sott-hreinsun@sott-hreinsun.is) - [www.sott-hreinsun.is](http://www.sott-hreinsun.is)

**Stýrimann**  
vantar á MB Mörtu Ágústsdóttur, til netaveiða frá Grindavík strax. S. 894 2013 & 426 8286.

**Starfsfólk vantar**  
Óskar eftir góðu starfsfólki til ýmissa starfa á skemmtilegum vinnustað. Góð laun í boði. Uppl. í s. 697 7888.

Óska eftir vönum beltagröfumanni í vinnu sem frst. Þeir sem hafa áhuga hafið samband í s. 891 8338.

**Atvinna óskast**

**Vantar þig Smiði, múrara eða járnabindingamenn?**  
Höfum á skrá menn sem að óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar.  
**Proventus starfsmannajónusta s. 661 7000.**

Karlmaður frá Bangladesh sem hefur starfað í 15 ár við innkaup og útflytning á vefnaðarvöru frá Bangladesh, óskar eftir að koma til Íslands til starfa. Uppl gefur Sigurður í síma 898 1300.

Starfsfolk fra Lettlandi: smidir, verkamenn, velamenn, ræstingafolk o.fl. S.8457158

Ung, reglusöm og harðdugleg kona frá Equador, óskar eftir vinnu. Skilur íslensku betur en hún talar hana, en talar einnig smá ensku. Er bæði áhugasöm og fljót að læra. Er með háskólagráðu í samfélagsfræði. Áhugasamir hafi samband í síma 6913718 eða 5526730 eftir 1800 netfang: [gatitamelancolica@hotmail.com](mailto:gatitamelancolica@hotmail.com)

**Viðskiptataækifæri**

**HÁRGREIÐSLUSTOFA TIL LEIGU!**  
Rótgróin hárgreiðslustofa til leigu. 3 stólar, 1 vaskur, kjörhöf tækifæri fyrir 1 - 2. Mjög góð leiga. Upplýsingar veitir Ásbjörg í síma 861-3434

**TILKYNNINGAR**

**Einkamál**

SPILLI AÐ GÖVU SAMRÁÐS  
**TANTRA**  
EROTISK VERSLUN  
LANDSINS MESTA ÚRVAL AF VHS, DVD OG LEIKFÖNGUM FYRIR FULLORDNA OPID MÁN - FÖS 12:00 - 20:00 OG LAUGARD, 12:00 - 18:00  
FÁKAFENI 11  
HLÉDASMÁRA 13  
SÍMI 588 0969 / 587 0969  
WWW.TANTRA.IS



**BYLGJAN**  
989  
- ALLIR ERU AD HLUSTA!

**ATVINNA**

**VANTAR ÞIG PÍPU-LAGNINGARMENN?**  
Voot starfsmannamiðlun hefur milligöngu um að útvega innlenda sem erlenda starfsmenn fyrir ýmsar greinar atvinnulífsins  
Er starfsmannaleiga rétta lausnin fyrir þig?  
**SÍMI 420 9500**  
VOOT STARFSMANNAMIÐLUN  
HAFNARGATA 90• 230 REYKJANESBÆR • WWW.VOOT.IS

**VANTAR ÞIG VANA SMIÐI?**  
Voot starfsmannamiðlun hefur milligöngu um að útvega innlenda sem erlenda starfsmenn fyrir ýmsar greinar atvinnulífsins  
Er starfsmannaleiga rétta lausnin fyrir þig?  
**SÍMI 420 9500**  
VOOT STARFSMANNAMIÐLUN  
HAFNARGATA 90• 230 REYKJANESBÆR • WWW.VOOT.IS

**VANTAR ÞIG VANA MÚRARA?**  
Voot starfsmannamiðlun hefur milligöngu um að útvega innlenda sem erlenda starfsmenn fyrir ýmsar greinar atvinnulífsins  
Er starfsmannaleiga rétta lausnin fyrir þig?  
**SÍMI 420 9500**  
VOOT STARFSMANNAMIÐLUN  
HAFNARGATA 90• 230 REYKJANESBÆR • WWW.VOOT.IS



## STUÐ MILLI STRÍÐA Leiðinlegar peysur

VIGDÍS ÞORMÓÐSDÓTTIR ER AÐDÁANDI AXLASTYKKISINS



Jæja, þá er komið að því að hér á þessum vettvangi birtist umfjöllun um hvernig þrjóna má peysur. Satt best að segja er þessi umfjöllun löngu tímabær; nýtni er á augljósri uppleið og þrjónaskapur er ákaflega nýtin iðn. Þrjónapeysur sem farnar eru að láta á sjá má rekja upp og nýta sem garn í annan nytjahlut, svo sem húfu eða sokka.

Það eru skiptar skoðanir á því hvernig best er að þrjóna peysu. Við erum svo heppin hér á landi að langsamlega vinsælasta þrjónapeysan er lopapeysan með munstraða axlastykkinu. Peysan sú á svo gríðarlegum vinsældum að fagna að hún er nánast einráð í


hugum íslenskra þrjónara. Þetta er sannarlega hið lukkulegasta ástand þar sem vinsældir lopapeysunnar hafa að miklu leyti komið í veg fyrir að aðrar leiðinlegri peysur nái að hasla sér völl hér. Þessar leiðinlegu peysur eru svo sem ekkert verri en lopapeysan hvað notagildi viðkemur; þær eru ekki síður hlýjar. Ekki eru þær heldur ljótar; leiðinlegar peysur geta þvert á móti verið afskaplega fallegar. Leiðindanafnbótina hafa þær hlotið vegna þess að þær eru óbærilegar í framkvæmd; samsetning þeirra er erfiðari og langdregnari en hún þarf að vera.

Leiðinlegar peysur eiga flestar rætur sínar að rekja til Bretlands eða Bandaríkjanna, þeirra alræmdu

leiðindalanda. Þar virðist fólk fá undarlega ánægju út úr því að þrjóna mörg lítil stykki og sauma þau svo saman. Hver sá sem hefur reynt þessa aðferð veit fullvel hve óþolandi hún er. Ástæðan er sú að þrjónafólki finnst yfirleitt afskaplega gaman að þrjóna en síður gaman að gera flest allt annað. Það er til að mynda afskaplega gaman að þrjóna með sjónvarpsáhorfi, en að sauma saman þrjónuð stykki með sjónvarpsáhorfi er afturamóti leiðinlegt þar sem saumurinn krefst mikillar einbeitingar og truflunar frá glápinu. Því er ósk mín fyrir árið 2008 að axlastykkispeysan haldi áfram sigurgöngu sinni hér á landi, sjónvarps- og þrjónaáhugafólki til yndisauka.

„Við hefðum tekið myndir en höfðum engan kubb...“

- ÚFÓ, Stuðmenn, Höf: Egill Ólafsson og Valgeir Guðjónsson



Nýr vefur » Á hvað ert þú að hlusta?

Tónlist.is

## myndasögur

### ■ Pondus

Eftir Frode Øverli



### ■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



### ■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



### ■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



### ■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





# Forboðin ást í Silfurtunglinu

Enn hefur nýr leikhópur sprottið fram og af bjartsýni, dugnaði og brennandi áhuga kastað sér í fangid á einum af þekktustu nútíma-höfundum Bandaríkjanna, Sam Shepard. Leikhópurinn kallar sig Silfurtunglið, hvort heldur það er í höfuðið á gamla djammstaðnum sem nú er orðinn að leikhúsi eða Silfurtungli Nóbelskaldsins.

Í Silfurtunglinu í Austurbæ er um þessar mundir verið að sýna athyglisvert leikrit. Ekki aðeins leikrit sem vert er að taka eftir heldur sýning sem gleður, hræðir, skelfir og hrifur sökum þess að hún er heilsteypt flott listaverk þar sem lögn leikstjórans er svo skýr að ekkert verður að vafamáli. Eins og tíðkast nú á dögum hafa menn hér valið að halda enska titlinum Fool for Love í stað þess að reyna að snara honum yfir á íslensku.

Kvikmyndaleikarinn og leikskáldið Sam Shepard segir okkur harmsögu í umhverfi kúreka nútímans sem eins gæti hafa gerst í Grikklandi hinu forna.

Stúlkuna May túlkar Þóra Karítas með mikilli nánd og styrk. Samspil hennar og hinna leikaranna er frábært. Hinum eirðarlausu Eddie ljáir Sveinn Ólafur Gunnarsson líf. Hann hefur sterka nærveru og blæbrigðaríka rödd sem smýgur um allt rýmið hvort heldur sem hann hvíslar eða öskrar.

KK rammaði sýninguna inn, var límið, var ryþminn, var lagið sem menn dilluðu sér við, var umgjörðin, var hættan, var vonin og var fulltrúi allra þeirra vonbrigða og þess sársauka sem myndaði verkið. KK var kórinn og jafnframt hinn vonlaus faðir. Hann var ásin sem tilveran snérist um og jafnframt stærsta tabú-ið. Einhvern veginn var ekki hægt að hugsa sér neinn annan í þessu hlutverki.

Vininn, vonlaus kærastan, leikur Magnús Guðmundsson sem útskrifaðist úr leiklistardeild Listaháskólans árið 2007. Vinurinn Martin sem er einkar vand-ræðalegur og óframfærinn verður



FOOL FOR LOVE Sjúk í ást hét verkið er það var leikið hér fyrir tveimur áratugum en kallast nú upphaflegu heiti, Fool for love.

bráðlifandi í lágmaeltum meðför-um Magnúsar, sem sýnir hér svo ekki verður um villst að hann er hrifandi gamanleikari.

Umgjörðin öll sagði einnig sína sögu, hrörlegt herbergi á hrörleg-um stað á einhverju móteli í einskismannslandi þangað sem kúrekinn kemur langar leiðir til þess að hitta sína heittelskuðu og eftir því sem líður á verkið koma tengsl þeirra í ljós, tengslin sem enginn má vita um, meðan þau standa í vonlausri baráttu þar sem ástin er í rauninni haldreipið í lífinu meðan síðferði samfélagsins segir eitthvað annað og auðvitað þeirra eigin lífssýn.

Verkið fjallar um baráttu þeirra. May þykist vilja gera eitthvað annað til þess að bjarga lífi sínu og hann vill einnig sanna sig annars staðar en leitar hana samt alltaf uppi.

Þessari baráttu koma leikararnir fantavel til skila. Hljóðum og leikmynd er einkar vel fléttað saman. KK flytur okkur ekki aðeins tónlistina heldur samdi hann hana sérstaklega fyrir þessa sýningu. Hópurinn fékk trésmíða-deild Iðnskólans sér til aðstoðar við gerð leikmyndarinnar og tókst

## LEIKLIST

### Fool of love eftir Sam Shepard

Búningar: Rannveig Eva Karlsdóttir. Ljós: Jón Þorgeir Kristjánsson. Hljóð: Sindri Þórarinnsson. Tónlistarstjórn: KK. Aðstoðarleikstjóri: Valdís Arnardóttir. Leikstjóri: Jón Gunnar Þórðarson. Leikhópurinn: Sveinn Ólafur Gunnarsson, Magnús Guðmundsson, Þóra Karítas og KK. Silfurtunglið sýnir í Austurbæ.

★★★★

Gaman í leikhúsi þegar hlutirnir ganga upp.

þeim að koma þurrkinum og hitanum vel til skila auk nóturleikans í hinu ópersónulega og óhreina þar sem baðskápurinn var eini staðurinn sem hægt var að geyma glösin hrein. Sem sagt þétt og smart vel gerð sýning þar sem áhorfendur sjálfir leggja sitt af mörkum í leikhjóðum með þurrkan sand undir fótum.

Salurinn er lítill og tekur líklega ekki nema 120 manns í sæti en það er vonandi að unndur góðrar leiklistar láti ekki þessa sýningu framhjá sér fara. **Elisabet Brekkan**

# Guðný framlengd

Sýning Guðnýjar Rósu Ingimarsdóttur sem opnuð var í Suðsuð-vestur í lok nóvember hefur verið framlengd til 13. janúar.

Sýningin samanstendur af hljóð-verki og teikningum. Teikningarnar eru unnar með ólíkum efnum og aðferðum ýmist á pappír eða þær eru skornar út beint á vegg.

Líta má á teikningarnar sem hálfgerða endurvinnslu þar sem grunnur þeirra er oft verk frá námsárum Guðnýjar Rósu. Hún nýtir sér til dæmis tilraunir sem hún gerði á handgerðum pappír frá 1993, gamall notaður kalkíppír fær nýtt hlutverk og jafnvel gömul framhaldsskólapróf verða líkari knipplingum. Teikningar Guðnýjar Rósu geta tekið sífelldum breytingum flengist þær á vinnustofunni því þar er engu hent.

Guðný Rósa hefur verið búsett í Belgíu frá árinu 1994 og tekið þátt í sýningum þar og víðar í Evrópu.



MYNDLIST Verk eftir Guðnýju Rósu Ingimarsdóttur.

Guðný Rósa sýndi síðast hér heima árið 2006 í Skaftfelli. - vp

ÁST

11. janúar  
19. janúar  
25. janúar

SÓNGLEIKUR EFTIR  
GÍSLA ÖRN GARDARSSON  
OG VÍKING KRISTJÁNSSON

Í samstarfi við Vesturport

Miðasala 568 8000  
www.borgarleikhus.is

Culiacan MEXICAN GRILL

HOLLUR  
í GÖÐUR

Hlíðasmára 15 & Faxalei 9  
sími 533 1033 www.culiacan.is

SADDUR  
...ÁN SAMVISKUBITS

# Viðar stýrir Útvarpsleikhúsinu

Viðar Eggertsson leikstjóri hefur verið ráðinn stjórnandi Útvarpsleikhússins sem verkefnisstjóri leiklistar á Rás 1 Ríkisútvarpsins. Hann tók við starfinu í byrjun mánaðarins af Hallmari Sigurðssyni sem gegnt hefur starfinu síðastliðin átta ár.

Staða leiklistarstjóra Útvarps, eins og starfið hefur oftast verið nefnt, var formlega sett á laggirnar fyrir rúmum 60 árum, eða árið 1947 þegar Þorsteinn Ó. Stephensen var skipaður í hana fyrstur manna. Jafnframt var það í fyrsta skipti sem ráðið var í fast starf listræns stjórnanda leikhúss á Íslandi. Leiklist hafði þá verið á dagskrá Útvarpsins frá því að útsendingar hófust 1930.

Viðar hefur margháttaða reynslu af leiklist og dagskrárgerð fyrir útvarp frá því að hann



VIÐAR EGGERTSSON Nýráðinn stjórnandi Útvarpsleikhússins.

lauk leiklistarnámi frá Leiklistarskóla Íslands 1976. Fljótlega eftir nám hóf hann að leika og leikstýra fyrir Ríkisútvarpið ásamt því að

vinna útvarpsdagskrá af ýmsum toga. Skipta útvarpsþættir, sem og leikrit sem hann hefur unnið að, hundruðum. Viðar hefur jafnframt fjölbreytta reynslu sem leikari, leikstjóri og leikhússtjóri fyrir hin ýmsu leikhús landsins og hann hefur leikið og leikstýrt í erlendum leikhúsum. Viðar hefur einnig gegnt fjölda trúnaðarstarfa fyrir íslenskt leikhús og er hann nú til að mynda formaður Leiklistarsambands Íslands, regnhlífar-samtaka leikhúsa og leiklistarfólks á Íslandi, og sérstakur ráðgjafi stjórnar Alþjóða leiklistarmálastofnunarinnar sem aðsetur hefur í UNESCO-byggingunni í París. Hann er því vel að starfinu kominn og verður spennandi að fylgjast með hvaða stefnu Útvarpsleikhúsið tekur undir stjórn hans. - vp

# Gyrðir seldist upp fyrir jóla

„Við urðum lens og erum í vand-ræðum með að finna eintök,“ segir Kristján Kristjánsson, forleggjari hjá Uppheimum, um Sandárþók Gyrðis Elíassonar, sem seldist upp fyrir jóla. „Hann seldist í riffliga þúsund eintökum, sem er veruleg söluaukning á bók eftir Gyrði. Í Eymundsson í Kringlunni var hún uppurin á hádegi á Þorláksmessu og víða var hún uppseld nokkrum dögum fyrr, en við gátum ekki afgreitt fleiri pantanir síðustu dagana.“

Þetta eru ef til vill ekki háar tölur samanborið við þá sem tróna á toppi metsöluhlustanna en telst til tíðinda, því þótt bækur Gyrðis séu iðulega lofaðar í hástert hefur hann einnig verið höfundur fárra. Í viðtali við menningarblað Fréttar-

blaðsins fyrr í vetur sagði Gyrðir greina að lesendahópur sinn hefði dregist saman og prósabækurnar seldust í um tvö til þrjú hundruð eintökum. „Jafnvel þótt maður viti að maður skrifi bækur sem höfða ekkert endilega til margra, þá getur það reynst höfundu erfitt að lesendur séu mjög fáir,“ sagði hann þá.

„Eina ástæðan fyrir því að það seldust ekki fleiri eintök er sú að það voru ekki prentuð fleiri,“ segir Kristján, sem væntir þess að næsta upplag Sandárþókarinnar verði í kilju og komi út fyrir páska. Innbundnu eintökun verða því ekki fleiri. „Okkur sýnist heppilegast fyrir þennan lestrarmarkað sem er fram undan að gefa hana út í kilju.“ - bs



GYRÐIR ELÍASSON Hefur einnig verið höfundur fárra en bók hans Sandárþókin seldist upp fyrir jóla.

Imyndaðu þér þig hér!

Kvennakór Reykjavíkur

Fyrsta æfing vorsins verður miðvikudaginn 9. janúar kl. 20:00 í sal ÍSOR að Grensásvegi 9. Við getum bætt við félögum í allar raddir. Ef þú ert áhugasöm um söng ættir þú að hafa samband við okkur í síma 896-6468 eftir kl. 17 og láta í þér heyra. Kórinn æfir á mánudögum kl. 18:30 og á miðvikudögum kl. 20. Hlökkum til að sjá þig!

Senjoritur Kvennakórs Reykjavíkur æfir á mánudögum kl. 16 í sal ÍSOR að Grensásvegi 9. Fyrsta æfing vorsins verður mánudaginn 7. janúar kl. 16. Kórinn er ætlaður konum 60+. Skráning nýrra kórfélaga í síma 896-6468 eftir kl. 17.



## &gt; HÆGT OG RÓLEGA

„Að bæta enskuna mína er erfið vinna, og tekur tíma. En hún er að batna. Fyrir þremur árum hefði það tekið mig hálf-tíma að segja þessa setningu.“ Króatíska leikaranum Goran Visnjic miðar hægt og rólega í rétta átt.



**fólk**  
folk@frettabladid.is

# Lögsókn beit ekki á Beyoncé

Beyoncé hefur unnið mál sem höfðað var gegn henni af söngkonunni Jennifer Armour. Armour hélt því fram að textinn við lagið Baby Boy væri byggður á lagi eftir hana sjálfa. Baby Boy er að finna á plötunni Dangerously in Love, sem Beyoncé sendi frá sér árið 2003, sama ár og Armour segist hafa sent umboðsmanni Beyoncé upptöku af lagi sínu, I Got a Little Bit of Love For You.

Dómstóll í Houston staðfesti dómsúrskurð frá 2006, þar sem staðhæfingum Jennifer Armour var vísað á bug.

Úrskurðurinn byggðist á því að lagið Baby Boy hefði verið skrifað áður en Armour sendi lag sitt á umrædda staði. Þó kom



einnig fram að „engin skynsöm manneskja gæti dregið þá ályktun að lögin tvö væru áþreifanlega lík“.

Beyoncé var ekki viðstödd dómsuppkvaðningu en sendi frá sér tilkynningu þar sem hún sagðist vona að þessi ákvörðun gerði öllum aðilum kleift að leggja málið að baki sér. „Það er miður að við höfum þurft að þola þetta langa lagalega ferli,“ sagði hún.

**BEYONCÉ VANN** Dómstóll í Houston hefur úrskurðað Beyoncé í hag í máli varðandi textastuld sem höfðað var á hendur henni.

NORDICPHOTOS/GETTY

## Lucy pirruð út í blaðamenn

Lucy Liu segist vera dauðþreytt á spurningum um hvort þáttaröðin sem hún leikur í, Cashmere Mafia, sé í beinni samkeppni við þáttaröðina Lipstick Jungle. Þættirnir eiga það sameiginlegt að skarta konum í helstu hlutverkum og hafa þar að auki báðir einhverja tengingu við hina gríðarlega vinsælu þætti Sex and the City.

Cashmere Mafia er framleitt af skapara Sex and the City, Darren Star, og fjallar um fjórar konur á framabraut sem reyna að sinna bæði fjölskyldum og ferlinum í New York. Lipstick Jungle, með Brooke Shields, Kim Raver og Lindsay Price í aðalhlutverkum, er hins vegar byggt á bók eftir Candace Bushnell, sem einnig skrifaði bókina Sex and the City.



Liu er hins vegar þreytt á samanburðinum. Hún segir að blaðamenn myndu aldrei spyrja karleikara hvort þættir þeirra væru í beinni samkeppni við aðra þætti með karleikara í aðalhlutverkum. „Þetta er svo skrýtin spurning. Fólk spyr: „Hvað finnst þér um að þessir þættir séu á leiðinni, og er þetta aðalsamkeppni ykkar?“ Nei. Af hverju þarf það að vera samkeppni? Af hverju geta ekki alltaf verið til þættir um konur? Enginn spyr karlmann hvort það sé erfitt að það sé til annar þáttur um karlmenn,“ segir leikkonan.

**PREYTT Á SPURNINGUM**

Lucy Liu segist þreytt á því að ný þáttaröð hennar, Cashmere Jungle, sé borin saman við aðra röð með konur í aðalhlutverkum.

## Ánægð með Bubba

**Bubbi Morthens hélt tvenna tónleika með Stórsveit Reykjavíkur um helgina. Aðdáendur kappans fjölmenntu að sjálfsgöðu og var gerður góður rómur að frammistöðunni.**

Fyrri tónleikar Bubba og Stórsveitarinnar voru á föstudagskvöldið og var góð stemning meðal aðdáenda þegar ljósmyndari Fréttablaðsins var á ferðinni fyrir tónleikana.

Sjá gagnrýni um tónleika Bubba og Stórsveitarinnar á blaðsíðu 22.



**Í HVÍTUM SMÓKING** Bubbi Morthens þótti standa sig vel og var flottur í taunu.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



**GLÖÐ** Tómas og Sædís voru á meðal gesta.



**BÍÓSTJÓRINN MÆTTUR** Jón bjóstjóri í Smárabíói og Margrét létu sig ekki vanta.



**SPENNT** Maggí og Mundi voru spennnt fyrir tónleikana.



**KÁTAR** Guðmunda og Guðný voru komnar til að sjá Bubba.

**SPRON NÁMSMENN**

Þegar þú gerist félagi í SPRON NÁMSMENN átt þú m.a. möguleika á eftirfarandi:

- ★ FRÍU DEBETKORTI
- ★ 150 FRÍUM DEBETKORTAFÆRSLUM Á ÁRI
- ★ FRÍU EINKAKLÚBBSKORTI
- ★ NÁMSSTYRKJUM, BÍLPRÓFSSTYRKJUM & BÓKASTYRKJUM
- ★ ...ÁSAMT ÖÐRUM FRÁBÆRUM FRÍÐINDUM OG KJÖRUM

**NÝIR FÉLAGAR Í SPRON NÁMSMENN FÁ USB MINNISLYKIL**

**ÞITT ER VALIÐ - KYNTU ÞÉR MÁLIN Á SPRON.IS**

**spron**

## Vilja fleiri börn

Angelina Jolie segir það mögulegt að hún og Brad Pitt muni ættleiða eitt barn til viðbótar á nýju ári. „Við munum eignast fleiri börn, en akkúrat núna erum við að aðlagast öllum og þetta er ennþá nýtt. En hver veit, kannski munum við eignast annað barn árið 2008,“ segir leikkonan, sem segir þau skötu-hjúin afar samrýnd í uppeldinu.

„Við viljum ekki að börnin sjái að við séum ekki sömu skoðunar um hvernig við öllum þau upp,“ segir leikkonan. „Við rífumst, en aldrei um hvernig við eigum að ala börnin upp. Við styðjum hvort annað sem foreldrar. Það er ekkert „pabbi er góður í þessu“, eða „mamma er ekki hrifin af þessu“,“ útskýrir leikkonan. Saman á parið börnin Maddox, sex ára, Pax, fjögurra ára, Zahöru, tveggja ára, og Shiloh, sem er nú eins og hálfis árs gömul.

**FLEIRI KERRUR** Svo gæti farið að eitt barn til viðbótar bættist í fjölskyldu Angelinu Jolie og Brad Pitt á árinu.





# Þú færð það á einum stað



**England**  
70-90 cm  
fjórar stærðir  
Krómlitað eða hvítt  
Frá **23.900**  
*án botns*



**Finland**  
80x140  
Krómlitað  
eða hvítt  
Kr. **18.900**



**France**  
140-160cm  
fjórar stærðir  
Krómlitað eða hvítt  
Frá **41.900**  
*án botns*



**Spain**  
70-90 cm fjórar stærðir  
Krómlitað eða hvítt  
Frá kr. **18.900**  
*án botns*



**Denmark**  
86x140  
Krómlitað  
eða hvítt  
Kr. **18.900**



**Greece**  
75-90 cm  
þrjár stærðir  
Krómlitað eða hvítt  
Frá **21.900**  
*án botns*



**Norway**  
97,5x140  
Krómlitað  
eða hvítt  
Kr. **22.900**



**Germany**  
100-120cm  
þrjár stærðir  
Krómlitað eða hvítt  
Frá kr. **25.900**  
*án botns*



**Luxemburg**  
100x140  
Krómlitað  
eða hvítt  
Kr. **22.900**

**Engin  
hlíf,  
hverskonar  
líf?**



**sturta.is**

Reykjavíkurvegur 64  
220 Hafnarfjörður. Sími: 565-5566

[www.sturta.is](http://www.sturta.is)  
allan sólarhringinn!

**Algjört flóð?**

**Hér eru  
ráðin góð!**



**NÝTT Í BÍÓ!**

Stórskemmtileg gamanmynd um föstru hjá ríka líðinu í New York. En ekki er allt sem sýnist!

**THE NANNY DIARIES**  
Dagbók föstrunnar

IM NOT THERE  
RICHARD GERE  
NEATH LEDGER  
CHRISTIAN BALE  
CATE BLANCHETT

Vinsælasta myndin á Íslandi í dag!  
**LÚXUS**

**ALVIN & IKORNARNIR**

**RUN FAT BOY RUN**

**DAN IN REAL LIFE**

**HITMAN**

**DUGGHOLLFÓLKID**

**SMÁRA BÍÓ** SÍMI 964 0000

**REGNBÖGINN** SÍMI 551 9000

450 kr. í bíó!

THE NANNY DIARIES	kl. 5:40 - 8 - 10:20	12	IM NOT THERE	kl. 6 - 9	12
THE GOLDEN COMPASS	kl. 5:30 - 8 - 10:30	10	THE GOLDEN COMPASS	kl. 5:30 - 8 - 10:30	10
THE GOLDEN COMPASS LÚXUS	kl. 5:30 - 8 - 10:30	10	WE OWN THE NIGHT	kl. 5:30 - 8 - 10:30	16
ALVIN & IKORNARNIR	kl. 4 - 6	6	RUN FAT BOY RUN	kl. 8 - 10:10	6
ALVIN & IKORNARNIR	kl. 8 - 10	8	DAN IN REAL LIFE	kl. 5:45	6
HITMAN	kl. 8 - 10:10	16			
DUGGHOLLFÓLKID	kl. 4 - 6	7			

HASKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

THE NANNY DIARIES	kl. 5:40 - 8 - 10:20	12	THE NANNY DIARIES	kl. 8 - 10	12
THE GOLDEN COMPASS	kl. 5:30 - 8 - 10:30	10	THE GOLDEN COMPASS	kl. 8 - 10:10	10
I AM LEGEND	kl. 5:40 - 8 - 10:20	16	ALVIN & IKORNARNIR	kl. 6	6
WE OWN THE NIGHT	kl. 8 - 10:30	16	DUGGHOLLFÓLKID	kl. 6	7
DUGGHOLLFÓLKID	kl. 6	7			

AUKAKRÖNUR FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MED KREDITKORTI TENGDU AUKAKRÖNUM!

# Buddan er í góðum málum

Það færir í vöxt að listamenn gefi afurðir sínar út sjálfir. Þar af leiðir að þeir leggja allt í sölnurnar í plögginu, enda standa þeir og falla með sölnunni. Fáir voru eins duglegir og Páll Óskar. Hann uppskar eins og hann sáði, Allt fyrir ástina er ein söluhæsta plata ársins.



LEGGUR GRÓÐANN Í NÆSTA VERKEFNI Prefaldur Palla-pakki á leiðinni og stórtónleikar í september.

„Þetta er búið að vera bjúttíful og ég lýg því ekki að buddan er í fínum málum,“ segir Páll Óskar. „Ég er samt ekkert að fara að kaupa mér nýtt hús, nýjan gema eða nýjan bíl. Ég á Toyota Corolla árgerð 1998 og hann hefur aldrei bilað, nema rúðupurrkan að aftan var eitthvað að stríða mér um daginn. Ég legg gróðann frekar í næsta verkefni, ekki ósvipað og Walt Disney gerði.“

Plata Páls Óskars er ein söluhæsta plata jólavertíðarinnar, ef ekki sú söluhæsta. Páll segir hana hafa selst í rúmlega 10.000 eintökum. „Þú selur nú varla fleiri eintök en það á Íslandi nema selja stórfyrirtæki eins og KB banka eða Alcoa góðan slatta af upplaginu,“ segir Páll. „Við mössuðum þetta þríeykið; ég, Mónica og Páll Papi í Prime. Ég sá um plögg og um að ýta plötunni í hendurnar á kúnnunum. Ég keypti engar sjónvarpsauglýsingar og eyddi ekki nema 50.000 kalli í útvarpsauglýsingar, mætti frekar í búðirnar og tróð þar upp og gaf eiginhandararitani, bæði á dagatöl og plaköt sem ég gaf með plötunni. Ég gaf um 4.000 áritanir í desember. Nei, ég er ekki með sinaskeiðabólgu.“

Páll segist ekkert vera á leiðinni í afslöppunarferð til útlanda. „Ég hef stundum selt mér þá hugmynd að ég muni koma endurnærður til baka eftir svona ferðir, en það hefur svo ekki staðist. Í hittifyrri fór ég til dæmis til Perú í janúar og það var einum af áhugavert til að ég gæti slappað eitthvað af. Núna ætla ég bara að njóta þess að vera í dimmunni og rigningunni í Reykjavík og leggja upp í rúmi og horfa á eitthvað af öllum þessum DVD-diskum sem ég hef sankað að mér að undanfögnu.“

Það er heldur ekki eins og eintóm lognmolla sé fram undan hjá Páli, hann er bókaður í bæði dj-gigg og brúðkaup. „Það eru engar ýkjur að ég er bókaður alla laugardaga út árið og alla föstudaga út júní. Ég er núna að bóka skólaböll á miðvikudögum og fimmtudögum og allra skipulögðustu brúðhjónin eru byrjuð að bóka mig fyrir 2009. Annars verður 2008 ár nostalgíunnar hjá mér. Talið frá plötunni Stuð á ég fimmtán ára bransaafmæli á árinu og því ætla ég að vera með mikið húllumhæ. Það kemur þrefaldur pakki: einn stuðdiskur, einn ballöðudiskur og

einn DVD með alls konar efni. Þessu fylgja tónleikar í september þar sem minni áhersla verður lögð á trommur, bassa og gítar og þess meiri áhersla lögð á búninga, leikmynd og kóreógráfíu – þetta verður eins konar yfirlitssýning.“

Þrátt fyrir gott gengi fyrir jólin segir Páll enn mikið líf eftir í nýju plötunni. „Við Örlygur Smári vorum að klára techno-remix af „Betra lífi“, sem er komið í spilun og fjórða myndbandið verður frumsýnt í febrúar. Það er við lagið Er þetta ást?“

gunnarh@frettabladid.is

SAMBIO.is SAMBÍÓIN

REYKJAVÍK • AKUREYRI • KEFLAVÍK • SELFOSS

STÆRSTA ÆVINTÝRI VETRARINS ER UM ÞAD BIL AD HEFJAST.

Beint á toppinn í USA.

**NATIONAL TREASURE**  
BOOK OF SECRETS

VINSÆLASTA MYNDIN Í BANDARÍKJUNUM Í DAG.

SYND MED ÍSLENSKU OG ENSKU TALI

NAT. TREASURE 2	DIGITAL	kl. 5:30 - 8D - 10:40D	12	NAT. TREASURE 2	kl. 8D - 10:40D	12
NAT. TREASURE 2		kl. 8 - 10:40	VIP	I AM LEGEND	kl. 8D - 10:10D	14
I AM LEGEND	DIGITAL	kl. 5:30 - 8 - 8:20 - 10:30 - 10:40	14	TÖFRAPRINSESSAN	ISL TAL	kl. 5:50D
I AM LEGEND		kl. 5:30	VIP	ENCHANTED	MF-ENSK TAL	kl. 5:50 - 8
TÖFRAPRINSESSAN	ISL TAL	kl. 5:30D	L	FRED CLAUSE		kl. 10:10
ENCHANTED	MF-ENSK TAL	kl. 5:50 - 8:10 - 10:30	L	BEOWULF	Síðustu sýningar	kl. 5:50(3D)
BÝFLUGUMYNDIN	MF-ISL TAL	kl. 5:30	L	NATIONAL TREASURE 2	kl. 6 - 8 - 10	12
SIDNEY WHITE		kl. 8	L	TÖFRAPRINSESSAN	ISL TAL	kl. 6
AMERICAN GANGSTER		kl. 10:40	16	I AM LEGEND	kl. 8 - 10	14

NATIONAL TREASURE 2	kl. 8 - 10:30	12	NAT. TREASURE 2	kl. 8 - 10:30	12
THE GOLDEN COMPASS	kl. 8	10	I AM LEGEND	kl. 8 - 10	14
SAW IV	kl. 10:20	16			

## Skemmtilegt hliðarspor

Það var hátíðleg stemning í Laugarðalshöllinni á laugardagskvöldið. Tónleikagestir voru margir mættir í sínu fínasta þússi, Bubbi sjálfur í smóking og stórsveitin þrúðbúin og snyrtilega uppstillt á sviðinu. Klukkan korter yfir átta stormuðu meðlimir Stórsveitar Reykjavíkur inn á sviðið einn af öðrum, tóku sér hljóðfæri í hönd og hófu leik. Alls voru þetta 19 manns; 13 blásarar, trommuleikari, slagverksleikari, bassaleikari, gítarleikari, píanóleikari og hljómsveitarstjórinn sjálfur. Þórir Baldursson, sem var sérstaklega glæsilegur á sviðinu og spilaði á orgel auk þess að stjórna sveitinni. Síðastur kom svo Bubbi sjálfur og sveitin renndi í fyrsta lagið, Hve þungt er yfir bænum af Ísbjarnarblús.

Það sannast á tónleikum eins og þessum hvað Bubbi á mikið af góðum lögum að velja úr. Hann flutti níttján af sínum eigin lögum á tónleikumum og þar af voru aðeins fimm sem voru flutt á afmælistónleikumum hans fyrir einu og hálfu ári. Lagavalið hefur kannski að einhverju leyti stjórnað af hljómsveitinni. Til dæmis voru flutt þrjú lög af Kúbuþlötunni Von, en hljómsveitin sem spilaði með honum á henni kemst sennilega næst því að vera stórsveit af öllum þeim sveitum sem hann hefur gert plötu með fram að þessu.



### TÓNLEIKAR

**Bubbi og Stórsveit Reykjavíkur**  
Laugarðalshöll 5. janúar

Samstarf Bubba og Stórsveitar Reykjavíkur í Laugarðalshöllinni tókst með miklum ágætum. Útsetningarnar voru misspennandi, en á heildina litíð skilaði þessi tuttugu manna hópur skemmtilegum tónleikum.

Þeir gestir komu fram á tónleikumum. Raggi Bjarna tók My Way og vakti mikla lukku. Það var fyrsta flokks „showbiz“ augnablik þegar hann átti sína innkomu á sviðið. Garðar Thor Cortes söng svo Autumn Leaves sem er þekktast í flutningi Nat King Cole. Garðar er mikill söngvari, en mér fannst þessi útgáfa nú ekki koma sérstaklega vel út.

Það var fín stemning í salnum. Bubbi sjálfur var í góðu formi. „Maður hleypur ekki um sviðið og hoppar í smóking,“ sagði hann í fyrstu kynningunni og stundum labbaði hann um sviðið og brosti út í annað eins og hann vissi ekki alveg hvernig hann ætti að vera. Hann spjallaði á milli laga eins og vant er. Hann byrjaði á að fá tónleikagesti til að standa upp og minnst Arna Scheving með mínútu þögn og minnst fleiri samferðamanna sinna, en var líka með skot hingað og þangað, til-einkaði t.d. lagið Þingmannagæla Samfylkingunni...

Að lokinni venjulegri dagskrá voru tekin þrjú aukalög. Bubbi, Raggi og Garðar Thor tóku Sumarið er tíminn í kumpánlegri útgáfu. Svo var það Rómeó og Júlía sem klikkaði ekki frekar en fyrri daginn og lofs Við Gróttu aftur, enda virkaði sú útsetning sérstaklega vel.

Á heildina litíð voru þetta fínir tónleikar. Stórsveitin spilaði nánast óaðfinnanlega og allt gekk upp, en samt var maður ekki að upplifa neina sérstaka töfra, nema í einstaka lagi. Engu síður skemmtilegt hliðarspor sem var vel þess virði að taka.

Nýtt í bíó

LAUGARÁS BÍÓ SÍMI: 553 2075 - bara lúxus

NICOLAS CAGE

**NATIONAL TREASURE**  
BOOK OF SECRETS

**ALVIN & IKORNARNIR**

**RUN FAT BOY RUN**

**LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR**

NATIONAL TREASURE 2	kl. 5, 8 og 10.30	12
THE GOLDEN COMPASS	kl. 5, 8 og 10.15	10
RUN FATBOY RUN	kl. 8 og 10	L
ALVIN OG IKORNARNIR - ISL TAL	kl. 6	L





**ALGJÖRT FÍFL** Alan Partridge er bráðfýndin persóna sem grínáhugafólk elskar að hata.

## Partridge á hvíta tjaldið

Grínpersónur sem byrja feril sinn í sjónvarpsþáttum hafa sannað sig á hvíta tjaldinu og er skemmst að minnast sigurgöngu Borats. Nú berast þau ánægjulegu tíðindi að byrjað sé að undirbúa kvikmynd um Alan Partridge. Alan er undursamleg persóna í túlkun enska grínsmillingsins Steves Coogans og hefur BBC sýnt þrjár þáttaraðir um hann. Í þeirri fyrstu er hann með sína eigin misheppnuðu sjónvarpsþætti, í annarri sérú þýr hann á hóteli og sér um næturþátt á útvarpsstöð í Norwich, en í þeirri þriðju býr hann í hjólhýsi og er kominn í dagútvarp. Kvikmyndin væntanlega mun að mestu gerast á skrifstofu BBC. Þar er Alan staddur á fundi vegna fyrirhugaðrar endurkomu í sjónvarp þegar hryðjuverkamenn frá Austurlöndum ráðast til atlgöngu og taka Alan og fleiri í gíslingu.



**FÓLKÍÐ Í LOST** Byrjar aftur af vafra um eyjuna í mars.

## Lost í mars

Ráfandi flugbrotsfólkíð á hinni ónefndu Lost-eyju hefur um árabíl haldið landsmönnum hugföngnum við skjáinn. Í Bandaríkjunum hefjast sýningar á fjórðu seríunni í lok janúar en í Ríkissjónvarpinu má búast við meiri Lífsháska í mars. Þættirnir hafa notið vinsælda á Íslandi og skemmst er að minnast Skaupsins, sem vitnaði allnokkuð í atburðarás þáttarins. Alls eru á teikniborðinu sex seríur af Lost og má búast við að málin skýrist ekki að fullu fyrr en í maí 2010 þegar síðasti þátturinn verður sýndur í Bandaríkjunum. Hvort einhver heldur enn þá þræðinum þá á svo eftir að koma í ljós.



**LEITA AÐSTOÐAR** Tom Cruise og Katie Holmes vilja gjarnan eignast annað barn, en það virðist ganga erfiðlega.

## Tom vill börn

Tom Cruise og Katie Holmes eru að reyna að eignast annað barn, að því er fram kemur í breska blaðinu Now. Þau eiga saman dótturina Suri, sem nú er 20 mánaða gömul, en auk þess á Tom börnin Connor, 12 ára, og Isabellu, 14 ára, sem hann ætlaiddi með fyrrverandi eiginkonu sinni, Nicole Kidman. Þau Tom og Katie hafa reynt að eignast annað barn en án árangurs, og munu nú ætla að leita ráðgjafar hjá læknum. „Katie er í uppnámi yfir þessu. Þau þrú bæði að eignast annað barn, en það virðist bara ekki ætla að gerast. Hún segir að þau hafi verið að reyna frá því í sumar. Tom og Katie hafa ákveðið að leita til sérfræðings,“ segir heimildarmaður sem þekkir hjónin.

# Will Smith er einn í heiminum

Robert Neville er vísindamaður í Bandaríkjaher og eini eftirlifandi íbúi New York-borgar – og þótt víðar væri leitað – eftir að skæðveira reið yfir borgina þremur árum fyrr og breiddist út um allan heim. Þeir sem smitðust annaðhvort létust eða breyttust í ofursterkar mannætur sem fara á stjórta á nóttunni. Neville hefst við á víggirtu heimili sínu og ver dögum á tilraunastofunni þar sem hann leitar mótefnis gegn veirunni og reynir að halda geðheilsunni.

I Am Legend er önnur mynd leikstjórans Francis Lawrence í fullri lengd og tekur þeirri fyrri, Constantine, að öllu leyti fram. Þetta er kaflaskipt mynd; í fyrri

helftinni er miklu púðri eytt í hlutskipti aðalpersónunnar, það er einveran í mannláusri borg sem er bókstaflega orðin að frumskógi. Þetta tekst skratti vel. Eyðileg borgin er sérlega tilkomumikil og Smith sýnir að hann er ekki aðeins vöðvabúnt heldur kann líka að ljá persónum sínum dýpt.

Það er þéttur stígandi í myndinni, fram að hléi hefur hún jafnvel burði til að verða klassiker en því miður brestur henni úthald. Í seinni helmingnum var markmiðið greinilega að skella á skeið og láta hasarinn njóta sín. Gallinn er hins vegar ofunnar Myrkvarverunnar, minna helst á óvætti úr tölvuleikjum og komast ekki í

hálfkvisti við óhugnaðinn sem Danny Boyle náði að skapa í 28 Days Later. Í stað þess að halda keyrslunni er atburðarásin brotin upp í langdregnum atriðum með yfirborðskennndum guðfræðipælingum og snakki um Bob Marley. Að ósekju hefði I Am Legend mátt leika sér aðeins meira við hefðina, á köflum er daðrað við klisjurnar en endirinn heldur myndinni réttum megin við strikið og bjargar henni fyrir horn.

Á heildina titið er I Am Legend vissulega ágæt afþreying en í því felast engu síður viss vonbrigði; fyrri hlutinn sýnir svo glögg hvað hún hefði getað orðið miklu betri.

Bergsteinn Sigurðsson



### KVIKMYNDIR

#### I Am Legend

Leikstjóri: Francis Lawrence. Aðalhlutverk: Will Smith.

★★★

# SKIPTIBÓKA

## markaður

Office 1 Superstore

Skeifunni 17

# ...í fullum gangi!

## Allt fyrir skólann

undir 1 þaki!



**TILBOÐ**  
99.- stk.

**TILBOÐ**  
49.- stk.

**TILBOÐ**  
345.-  
pakinn (500 blöð)

Office 1 um land allt!

Skeifunni17 • Smáralind • Akureyri • Ísafirði • Egilsstöðum • Vestmannaeyjum • Selfossi • Hafnarfirði (Bókabúð Böðvars)

Tilboðin gilda til og með 18. janúar 2008 eða á meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um myndbrengr og prentvillur.



## > Eslöv áfram í Meistaradeildinni

Borðtenniskappinn Guðmundur Stephensen tryggði liði sínu, Eslöv frá Svíþjóð, sæti í átta liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu er Eslöv lagði franska liðið Cestras, 3-2. Það var jafnt í rímmunni, 2-2, þegar Guðmundur mætti Dananum Cestas Finn Tugwell, sem er annar besti borðtennismaður Dana. Guðmundur lagði Danann glæsilega, 3-1, og er Eslöv því komið í átta liða úrslit annað árið í röð þar sem það mætir þýska liðinu Borussia Düsseldorf en með liðinu leikur fimmtíu bestu borðtennisspilari heims, Timo Boll.



**sport**  
sport@frettabladid.is

## KEFLVÍKINGURINN BIRNA VALGARÐSDÓTTIR: BYRJUÐ AFTUR Í BOLTANUM EINUM SEX VIKUM EFTIR BARNBURÐ

### Mætir nývöknuð á æfingar á kvöldin

Kvennalið Keflavíkur í körfuboltanum fékk góðan liðsstyrk fyrir leik sinn gegn Fjölni á laugardag. Þá lék þýska landsliðskonan Susan Biemer sinn fyrsta leik með Keflavík, en hún hefur verið að spila á Ítalíu, og svo dúkkaði baráttuaxlíninn og reynsluboltinn Birna Valgarðsdóttir upp á nýjan leik en hún hefur verið í barnsburðarleyfi.

„Þetta gekk ágætlega. Ég spilaði reyndar ekki mikið enda í litlu formi. Ég setti samt niður einn þrist,“ sagði Birna kát við Fréttablaðið í gær. Hún stóð í stórræðum að flytja en fjölskyldan er að stækka við sig í kjölfar fjölgunar fjölskyldumeðlima.

Aðeins eru sex vikur síðan Birna fæddi dreng og hún hefur því aðeins mætt á örfáar æfingar. Hún stefnir þó á að komast í gott form eins fjótt og auðið er.

„Það er ekkert mál að koma sér af stað aftur en það er mjög erfitt samt að byrja aftur þar sem maður er eðlilega ekki í neinu formi. Þetta kemur samt allt saman en því er ekki að neita að það er hrikalega pirrandi að vera í lélegasta forminu á æfingum. Stelpurnar hlaupa allar fram úr manni og ég kem svo á staðinn tveimínútum síðar. Það er svóltið erfitt fyrir keppnismannskju eins og mig en ég veit að þetta mun allt koma svo ég örvænti ekki,“ sagði Birna.

Endurkoma hennar mun efflaust virka eins og vítamínsprautu fyrir Keflavíkurlíðið, sem hefur verið afar óheppið með meidslí.

„Við höfum svo sannarlega verið óheppnar og því var gott að fá þessa þýsku líka. Mér sýnist hún lofa góðu en það er ekki alveg að marka strax enda er hún nánast nýlent. Við stefndum að því að taka titilinn fyrir mót og það hefur ekkert breyst.“

Birna segir að það gangi vel með litla drenginn þó svo að svefnvenjur hennar sjálfar hafi breyst nokkuð síðustu vikur.

„Maðurinn minn segir að hann sé á amerískum tíma því hann vakir á næturnar og vill spjalla en sefur á daginn. Ég nota tækifærið og legg mig með honum á daginn. Ég mæti því nývöknuð á æfingar á kvöldin, sem er ný reynsla en skemmtileg,“ sagði Birna jákvæð.



# Endurtekið efni gegn Dönnum

Danir tryggðu sér sigur gegn Íslandi í gær, 37-36, með ævintýrlegu marki Íslandsbanans Lars Møller Madsen beint úr aukakasti langt utan af velli þegar leiktíminn var liðinn. Þrátt fyrir tapið gefur leikur íslenska liðsins góð fyrirheit um framhaldið enda margt jákvætt í leiknum og liðið klárlega á réttri leið.

**HANDBOLTI** Danir halda áfram að stríða Íslendingum á handboltavellinum en þeir unnu dramatískan sigur í gær, 37-36, í lokaleik liðanna á LK Cup. Ísland lenti í neðsta sæti á mótinu með eitt stig sem fékkst gegn Noregi en leikirnir gegn Póllandi og Danmörku töpuðust. Það var Lars Møller Madsen sem tryggði Dönnum sigur líkt og í Hamburg í fyrra.

Alfredur byrjaði leikinn í gær með Hreiðar í markinu og þá Sigfús og Ásgeir Örn fyrir hjarta varnarinnar en Sverre Jakobsson var veikur og gat því ekki spilað. Í sókninni fékk Einar Hólmgeirsson tækifæri á meðan Ólafur Stefánsson hvíldi.

Fyrri hálfleikur var mjög fjörugur. Íslendingar voru yfirvegaðir og rólegir í sínum aðgerðum á meðan Danir reyndu að keyra hraðann upp. Það gekk ágætlega hjá heimamönnum framan af en smám saman jafnaðist leikurinn og Ísland náði yfirhöndinni.

Sóknarleikur Íslands var frábær í hálfleiknum. Eins og áður segir yfirvegaður, vel skipulagður og leikmenn þolinmóðir í að finna rétta skotið. Hreiðar varði ágætlega á köflum þó svo vörnin hafi ekki virkað neitt sérstaklega. Ísland var með frumkvæðið allan hálfleikinn og leiddi mest með þrem mörkum. Danir komu þó til baka undir lok hálfleiksins og minnkuðu muninn í eitt mark, 19-18.

Arnór Atlason kom inn af bekknum í leikhléi og átti eftir að láta mikið að sér kveða í kaflaskiptum hálfleik. Danir byrjuðu mun betur og er þeir náðu tveggja marka forskoti, 24-26, tók Alfredur leikhlé. Það



ÖFLUGUR Snorri Steinn Guðjónsson kann greinilega vel við að spila gegn Dönnum því hann átti klassaleik í gær líkt og á HM í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

skilaði sínu því Ísland skoraði næstu fjögur mörk leiksins og þá tóku Danir leikhlé. Leikhléin skiluðu sínu því leikurinn jafnaðist á ný og var æsispennandi allt til enda. Markvarslan datt algjörlega

niður hjá Íslandi í síðari hálfleik og Danir skoruðu of mikið úr auðveldum hraðauppflaupum. Lokakafllinn var skrautlegur. Knudsen kom Dönnum í 36-35 og Róbert klikkaði í kjölfarið þegar aðeins mínúta var eftir. Þá varði Roland

og Guðjón jafnaði úr hraðauppflaupi. Íslenska liðið braut á Dönnum úti á velli er tíminn fjaradúti. Hinn stóri og stæðilegi Madsen gerði sér síðan lítið fyrir og skoraði beint úr aukakastinu. Ákaflega sárt og fékk menn til þess að minnast tapsins grátlega gegn Dönnum á HM í fyrra.

Þó svo Ísland hafi tapað leiknum og endað í neðsta sæti mótsins lofar frammistaðan góðu eins furðulegt og það nú hljómar. Það var lagt upp með að láta þá spila sem vantaði leikæfingu og þeir koma flestir vel undan mótinu.

Logi Geirsson lék mjög vel í fyrri hálfleik í gær. Arnór tók upp þráðinn í síðari hálfleik, skoraði grimmt og lék vel. Það eru geysigóð tíðindi að vinstri vængurinn sé að finna sig.

Einar Hólmgeirsson var duglegur að skjóta en fann sig ekki. Hann mun þó verða betri er kemur að EM og þarf aðeins að spila meira.

Snorri Steinn átti frábæran leik, stýrði spilinu frábærlega og skoraði góð mörk. Róbert var sterkur á línunni og einnig ánægjulegt að sjá hversu gott ástandið er orðið á Guðjóni Vali sem skilaði sínu líkt og venjulega.

Það munaði nokkuð um að Ólafur Stefánsson var slakur; tapaði boltanum oft og tók þess utan ekki eitt skot á markid. Markvarslan var ekki nógu góð og það er áhyggjuefni hversu lítil markvarsla er alltaf á fyrstu tuttugu mínútum síðari hálfleikja liðsins en þá er hún oftast en ekki engin. Varnarleikurinn var ekki sannfærindur lengstum en Ásgeir Örn kom skemmtilega á óvart.

henry@frettabladid.is

## ÚRSLIT

### LK Cup

**Ísland-Danmörk 36-37 (19-18)**

**Mörk Íslands (skot):** Snorri Steinn Guðjónsson 7 (11), Guðjón Valur Sigurðsson 7/2 (12/2), Róbert Gunnarsson 6 (8), Logi Geirsson 5 (7), Arnór Atlason 5 (8), Einar Hólmgeirsson 2 (9), Bjarni Fritzon 1 (1), Sigfús Sigurðsson 1 (1), Ásgeir Örn Hallgrímsson 1 (2), Ólafur Stefánsson 1/1 (1/1).

**Varin skot:** Hreiðar Levý Guðmundsson 12, Roland Valur Eradze 4.

**Hraðauppflaup:** 8 (Snorri 2, Guðjón 2, Róbert 2, Sigfús, Arnór).

**Fiskuð víti:** 3 (Snorri, Arnór, Guðjón).

**Utan vallar:** 12 mínútur.

**Mörk Dana:** Lars Møller Madsen 6, Michael Knudsen 6, Hans Lindberg 5, Lars Krogh Jeppesen 4, Lars Rasmussen 4/1, Lars Christiansen 4/1, Bo Spellerberg 2, Kasper Søndergaard Sarup 2, Lasse Boesen 1, Jesper Nøddesbo 1, Kasper Nielsen 1, Jesper Jensen 1.

**Varin skot:** Michael Bruun 15, Peter Henriksen 2.

**Hraðauppflaup:** 11 (Lindberg 4, Rasmussen 2, Knudsen, Nøddesbo, Christiansen, Jensen, Nielsen).

**Utan vallar:** 4 mínútur.



ALLT KLÁRT? Kristján sést hér við bílinn sinn um helgina. MYND/KRISTJÁN FRIDRIKSSON

Kristján Einar Kristjánsson:

## Ágæt byrjun

**AKTURSÍPÓTTIR** Ökupórin Kristján Einar Kristjánsson stóð sig vel í sinni fyrstu keppni í Nýja-Sjálandi. Hann lauk öllum þrem keppnunum og bætti sig með hverri þeirra. Kristján er reynslulaus í slíkri keppni og því var það ákveðinn áfangi fyrir hann að klára.

Hann varð fimmtándi í fyrstu keppninni, þrettándi í annarri keppni og svo loks sextándi. - hbg

### Allar gerðir iðnaðarprentara og álímingarvéla.

Filmuprentarar, bleksprautuprentarar, limmiðaprentarar, álímingarvélar, kassaprentarar og laserprentarar.

Mjög viðmótsvænir og áreiðanlegir.



Vélmark ehf.

upplýsingar í síma: 445-9930.

Alfredur Gíslason landsliðsþjálfari var mjög sáttur við frammistöðu landsliðsins á LK-Cup:

## Góður stígandi og tel okkur vera á réttri leið

**HANDBOLTI** Þó svo að íslenska landsliðið hafi hafnað í neðsta sæti á LK-Cup er landsliðsþjálfarinn Alfredur Gíslason ánægður með mótið og ástandið á liðinu. Ísland tapaði fyrir Pólverjum í fyrsta leik, gerði svo jafntefli við Norðmenn og tapaði loks naumlega fyrir Dönnum í gær.

„Fyrri hálfleikur var góður að mörgu leyti. Við fengum reyndar of mikið af hraðauppflaupum á okkur en við vorum að prófa Ásgeir fyrir miðri vörn og mér fannst hann standa sig mjög vel.“

Ég prófaði svo Guðjón Val með Ásgeiri fyrir miðri vörn í upphafi seinni hálfleiks og það var athyglisverð nýjung sem mér fannst ganga mjög vel upp. Tveir ekki svo stórir en fljóttir á löppunum og vinna vel. Ég var ánægðastur með vörminna á þessum kafla. Ég var mjög ánægður með Hreiðar í fyrri hálfleik,“ sagði Alfredur, sem hefur nokkrar áhyggjur af Sigfúsi Sigurðssyni.

„Hann er ekki í því formi sem hann þarf helst að vera í til að fara á EM. Hann er nýkominn úr meidslum og það leynir sér ekki því hann er hægur í hreyfingum. Ég prófaði Vigni síðan gegn

Norðmönnum og var heldur ekki ánægður með hann og því prófaði ég Ásgeir núna.“

Skytturinn vinstra megin stóðu sig vel gegn Dönnum og þjálfarinn var mjög ánægður með það. „Ég er mjög ánægður með bæði Loga og Arnór. Einar var ógnandi en fann samt ekki alveg fjölinna sína. Hann mun fá að spila meira til að koma sér í leikform,“ sagði Alfredur sem var ekki sáttur við dóm-gæsluna.

„Það



voru nokkrir dómur á mikilvægum augnablikum sem féllu með þeim. Danirnir fengu líka að brjóta mikið af sér og hrintu til að mynda hornamönnum án þess að dæmt væri. Það voru fleiri furðulegir dómur sem féllu með heimaliðinu og ekki síst þegar ruðningur er dæmdur á Arnór þegar hann vippar en það var á mjög mikilvægum augnabliki.“

Alfredur er mjög sáttur við mótið í heild sinni og er á því að liðið sé betur stadd en á sama tíma í fyrra.

„Það hefur verið góður stígandi og við erum á réttri leið. Við höfum getað unnið Norðmenn, vorum betri en Danir þrátt fyrir allt og klúðruðum Pólverjaleiknum sjálfir. Við erum í mun betra standi en á sama tíma í fyrra og eigum Alexander og Garcia inni.“

Það var mjög margt jákvætt í þessu og ég kem ánægður heim af mótinu enda vorum við sífellt að spila betur. Vonandi tókum við fleiri skref fram á við gegn Tékkum og þá fer ég mjög bjartsýnn á EM,“ sagði Alfredur.

- hbg

ALFREDUR GÍSLASON Ósáttur við að tapa leiknum í gær en er í heildina mjög sáttur við frammistöðu liðsins á mótinu. FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR



# Hyundai *i30*

## Staðalbúnaður

- Árekstrarvörn
- ABS búnaður
- Tvöfaldir styrktarbitar
- 8 loftþrúðar
- Isofix festingar
- Útíhitamælir
- iPod samhæfður
- USB
- AUX- tengi
- Hiti í framrúðu
- Samlitir stuðarar
- Reyklitað gler

Frá kr. 1.840.000



Hefur gæðin



„Fallegur? Já kannski...“  
„En kann hann að gelta, sækja blaðið eða gæta hússins?“

## Hyundai *i30*. Nýi besti vinur þinn!

Komdu og reynsluaktu! Þetta gæti verið upphafið að dásamlegri vináttu



Með bílinn handa þér

Nýjasti meðlimur Hyundai-fjölskyldunnar er vinur í raun. Hann er fagur á að líta að innan sem að utan, sparneytinn en kraftmikill í senn og á verði sem vekur verðskuldaða athygli. Verð frá kr. 1.840.000. Fæst bæði beinskiptur og sjálfskiptur, bensín og dísel.

 **HYUNDAI**

[www.hyundai.is](http://www.hyundai.is)

B&L • Grjóthálsi 1 • 110 Reykjavík • 575 1200 • [www.bl.is](http://www.bl.is)

Keflavík 421 4444

Selfoss 575 1460

Akranes 431 2622

Akureyri 461 2533

Egilsstaðir 471 2524





DAVID MOYES Gagnrýndur eftir tapið gegn Oldham. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Everton lá fyrir Oldham:

## Moyes afsakar sig eftir tapið

**FÓTBOLTI** Það var lítil hamingja hjá stuðningsmönnum Everton eftir að liðið tapaði fyrir 1. deildarliði Oldham, 1-0, í ensku bikarkeppinni. Liðsuppstilling David Moyes, stjóra liðsins, var harðlega gagnrýnd en hann gerði miklar breytingar á liðinu fyrir leikinn.

„Þetta var alls ekki svo slakt lið sem ég tefldi fram. Ég taldi að liðið sem ég stillti upp ætti að vera nógu sterkt til að vinna lið eins og Oldham. Svona slyss gerast aftur á móti í fótboltanum og ég get sagt öllum að við erum mjög vonsviknir með þessa niðurstöðu,“ sagði Moyes.

- hbg

Sam Allardyce:

## Tekur ekki í mál að hætta

**FÓTBOLTI** Það er mikil pressa á Sam Allardyce, stjóra Newcastle, þessa dagana enda hefur lítið sem ekkert gengið hjá liðinu undir hans stjórn og hermt að stjórn félagsins sé að missa þolinmæðina. Allardyce sjálfur er þó ekki á þeim buxunum að gefast upp.

„Af hverju ætti ég eiginlega að hætta? Það eru 53 ár síðan þetta félag vann eitthvað og það er mikið verkefni að snúa gengi liðsins við. Ég sagði í upphafi að það myndi taka mig þrjú til fimm ár að búa til topplið herna og það eru aðeins átta mánuðir síðan ég kom til félagsins,“ sagði Allardyce kokhraustur.

- hbg

Kamerún og Barcelona:

## Rífast um Samuel Eto'ó

**FÓTBOLTI** Hasarinn í kringum þá leikmenn sem eru á leið í Afríkukeppnina er að ná hámarki þessa dagana enda félög leikmannanna eðlilega ekki hress með að missa sína menn á miðju tímabili.

Kamerún er núna komið í hár saman við Barcelona og hefur krafist þess að Samuel Eto'ó komi til móts við liðið í dag. Barcelona segir aftur á móti að það hafi náð samkomulagi við Kamerúnana um að halda Eto'ó viku lengur svo hann nái tveim leikjum í viðbót með félaginu.

Æfingabúðir landsliðsins hefjast í dag í Burkina Faso en landsliðin hafa rétt á að fá leikmenn til liðs við sig tveim vikum fyrir mót. -

hbg



Úrslitakeppni NFL-deildarinnar hófst um helgina:

## Óvænt tap hjá Steelers

**NFL** Úrslitakeppni NFL-deildarinnar hófst aðfaranótt sunnudags með tveim leikjum. Í fyrri leiknum vann Seattle Seahawks góðan heimasigur, 35-14, á sjóðheitu liði Washington Redskins sem var búð að vinna fimm leiki í röð.

Mikil dramatik var í fjórða leikhuta en Seattle leiddi 13-0 eftir þrjá leikhuta. Rauðnefjarnir byrjuðu leikhlutann með látum og komust yfir, 13-14, en þá datt Seattle í girinn á nýjan leik og skoraði 22 stig án þess að Washington næði að svara.

Seattle sækir Green Bay Packers heim um næstu helgi.

Jacksonville Jaguars kom svo

skemmtilega á óvart með því að leggja Pittsburgh Steelers á Heinz-vellinum, 29-31, en Steelers tapar ekki oft á heimavelli.

Jacksonville leiddi nánast allan leikinn þökk sé mistökum Ben Roethlisberger, leikstjórnanda Steelers, sem kastaði þrem boltum frá sér í fyrri hálfleik og fyrir vikið náði Jaguars vænlegri forystu.

Steelers kom til baka í fjórða leikhuta og komst yfir, 29-28, en Josh Scobee tryggði Jacksonville sigurinn með vallarmarki á lokamínútnni. Jaguars mætir Indianapolis eða New England um næstu helgi.

- hbg



SIGURSPARKIÐ Josh Scobee tryggir hér Jacksonville sigur gegn Pittsburgh með vallarmarki undir lok leiksins. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

# Gjaldprotalið Luton náði jafntefli gegn Liverpool

2. deildarlið Luton kom skemmtilega á óvart í gær með því að ná jafntefli, 1-1, gegn Liverpool. Arsenal kláraði Burnley með tveim mörkum en Fulham lenti í kröppum dansi gegn Bristol Rovers í leik sem endaði með jafntefli.

**FÓTBOLTI** Stórliði Liverpool mistókst að leggja 2. deildarlið Luton að velli á Kenilworth Road í gær. Peter Crouch kom Liverpool yfir í seinni hálfleik en John Arne Riise gerði slysalegt sjálfsmark með hendi og þar við sat. Liðin þurfa því að mætast að nýju.

Frammistaða Liverpool í leiknum var ekkert til að hrópa húrra fyrir og Drew Talbot, framherji Luton, var á því að jafntefli hefði verið sanngjörn niðurstaða.

„Þetta er Liverpool og þetta lið er ekki að berjast við bestu lið deildarinnar að ástæðulausu. Við bárum samt enga virðingu fyrir þeim og neituðum að gefast upp og ég tel að jafntefli hafi verið sanngjart á endanum,“ sagði Talbot himinlifandi en Luton fékk svo sannarlega tækifæri til þess að vinna leikinn og því var Kevin Blackwell, stjóri liðsins, sammála.

„Við grátum glötuð tækifæri hér í dag. Frammistaða liðsins var stórkostleg og ég gæti ekki verið stoltari af liðinu mínu,“ sagði Blackwell en Luton var sett í greiðslustöðvun á dögnum og þarf að finna kaupanda að félaginu fyrir klukkan fimm í dag. Annars neyðist liðið til þess að selja sína bestu leikmenn. „Vonandi vill einhver kaupa félagið eftir þessi úrslit. Við trúum því að þessi leikur sé fyrirboði betri hluta,“ sagði Blackwell.

Arsene Wenger, stjóri Arsenal, játaði að sér væri létt eftir 2-0 sigur á Burnley.

„Burnley spilaði mjög vel. Liðið klúðraði góðu færi sem hefði getað



KAMPAKÁTIR Drew Talbot og félagar í Luton fögnuðu jafnteflinu gegn Liverpool vel og innilega í gær. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

breytt miklu. Það hefði verið erfitt fyrir okkur hefðu þeir skorað. Við nýttum síðan okkar færi vel en ég hrósa Burnley fyrir góðan og ekki síst heiðarlegan leik,“ sagði Wenger.

Fulham lenti í miklu basli með Bristol Rovers, lenti tvisvar undir í leiknum en kom í tvígang til baka og bjargaði jafntefli. Roy Hodgson,

stjóri Fulham, reyndi að vera jákvæður eftir leikinn.

„Ég sagði við strákana að þeir hefðu ekkert til að skammast sín fyrir. Þeir gerðu vel í að koma tvisvar til baka og það sem stendur upp úr hjá mér er að þeir sýndu karakter,“ sagði Roy Hodgson, sem á mikið verk fyrir höndum.

henry@frettabladid.is

## ÚRSLIT

### Enski bikarinn:

<b>Burnley-Arsenal</b>	<b>0-2</b>
Eduardo da Silva, Nicklas Bendtner	
<b>Derby-Sheff. Wed</b>	<b>2-2</b>
<b>Fulham-Bristol</b>	<b>2-2</b>
David Healy, Danny Murphy - Coles, Hinton	
<b>Luton-Liverpool</b>	<b>1-1</b>
Riise (sjálfsmark) - Peter Crouch	
<b>Stoke-Newcastle</b>	<b>0-0</b>

### Iceland Express-deild karla:

<b>Fjölnir-KR</b>	<b>85-94</b>
Stig Fjölfnis: Karlton Mims 32 (8 frák., 4 stoðs.), Anthony Drejaj 26 (4 stolnir), Kristinn Jónasson 8 (11 frák.), Tryggvi Pálsson 7, Terrance Herbert 4 (7 frák., 4 skot á 18 mín.), Hjalti Þór Vilhjálmsson 4, Niels Páll Dungal 2, Helgi Hrafn Þorláksson 2.	
Stig KR: Johsua Helm 26 (8 frák.), Avi Fogel 18 (8 stoðs., 6 frák.), Darri Hilmarsson 14 (4 stolnir), Brynjar Þór Björnsson 14 (4 stoðs.), Helgi Már Magnússon 10 (5 frák., 4 stoðs.), Jovan Zdravcević 9, Skarphéðinn Ingason 3.	

<b>Skallagrímur-Stjarnan</b>	<b>89-64</b>
<b>Tindastól-Hamar</b>	<b>85-88</b>

Rafael Benitez:

## Fær hann að fjúka í sumar?

**FÓTBOLTI** Breskir fjölmiðlar héldu áfram að velja sér upp úr framtíð stjóra Liverpool, Rafael Benitez, í gær en nýjasta nýtt er að hann fái að fjúka í sumar eftir fjögur ár við stjórnvölinn.

Samband Benitez við eigendur félagsins hefur verið stormasamt og einhver blöð sögðu að Benitez væri tilbúinn að yfirgefa skútuna næsta sumar. Í kjölfarið er þegar byrjað að orða hann við Real Madrid, Inter, AC Milan og Bayern München.

„Við höfum staðið okkur frábærlega í Evrópukeppnum og bikar þannig að við erum nálægt United, Arsenal og Chelsea í mörgu en það er ljóst að við erum svolítið á eftir þegar kemur að deildinni. Við þurfum að leggja harðar að okkur til að ná þessum liðum í deildinni,“ sagði Benitez.

- hbg

Prír leikir í Iceland Express-deild karla í gærkvöldi og spennan magnaðist enn frekar í neðri hlutanum:

# Sex sigrar í röð hjá Íslandsmeisturunum

**KÖRFUBOLTI** KR-ingar unnu sinn sjötta leik í röð og komust upp að hlið Keflavíkur á toppi Iceland Express-deildar karla með 85-94 sigri á Fjölni í Grafarvogi í gærkvöldi.

Fjölnisliðið hefur nú tapað fjórum heimaleikjum í röð, tveimur með fjórum stigum, einum með sex stigum og svo með níu stigum fyrir Íslandsmeisturunum í í hörkuleik í gær.


Fjölnismenn byrjuðu mun betur, komust í 12-6, 20-11, 21-20 yfir eftir fyrsta leikhlutann og 49-42 yfir í hálfleik.

KR-ingar komu hins vegar grimmir inn eftir hálfleiksreðu Benedikts Guðmundssonar, settu niður sex fyrstu skotin sín, unnu fyrstu fjórar mínútur hálfleiksins 12-4 og komust yfir í 53-54. KR-ingar voru með frumkvæðið það sem eftir lifði leiks en Fjölnismenn héldu sér þó alltaf inni í

leiknum og héldu pressu á KR-ingum.

Þeir Karlton Mims (32 stig) og Anthony Drejaj (26 stig) skoruðu saman 58 stig fyrir Fjölnismenn en vantaði tilfinnanlega framlög frá fleirum. Fimm leikmenn KR-liðsins skoruðu aftur á móti yfir tíu stig og sá sjötti var með 9 stig þannig að enn á ný skilaði breidd Vesturbæinga góðum sigri.

Joshua Helm var með 26 stig og 8 fráköst en lék aðeins í fjórar mínútur í lokaleikhlutunum vegna villuvandræða. Darri Hilmarsson tók stöðu Fannars Ólafssonar í byrjunarliðinu og stóð sig mjög vel líkt og Brynjar Þór Björnsson sem kom einnig inn í byrjunarliðið en báðir voru þeir með 14 stig. Það var eins og áður Avi Fogel sem stýrði skútunni í land í lokafjórðungnum þar sem hann skoraði 10 af 18 stigum sínum og átti að auki 2 af 8 stoðsendingum sínum.



TÍU STIG Í LOKALEIKHLUTANUM Avi Fogel skoraði tíu af 22 situm KR-liðsins í lokaleikhlutunum. FRETATABLADIÐ/DANIEL

Hamar vann í gærkvöldi sinn annan leik í röð þegar liðið sótti tvö stig á Krókinn og vann Tindastól 85-88. Nýi Bandaríkjamadurinn Nicholas King skoraði 35 stig sínum og annan leikinn í röð var

þá góð frammistaða nýs erlends leikmanns sem lagði grunninn að sigri Hvergerðinga sem komust með þessu úr botnsætinu og upp fyrir Fjölni.

- 66j







## &gt; Rob Schneider

Eitt sinn var Rob spurður hvort hann væri til í að leika í dramatisksri mynd og Rob svaraði þá um hæl: „Fólk er ekkert að spyrja Andre Agassi: „Þú ert tennis spilarí númer eitt í heiminum, hefur þú einhvern tímann hugsað um að spila pólo?“ Rob sést í einu sína þekktasta gamanhlutverki í Deuce Bigalow: European Gigolo sem Stöð 2 Bíó sýnir í kvöld.



# dagskrá



## VIÐ TÆKIÐ **SVAVAR HÁVARÐSSON** KVÍÐIR KOMANDI FORSETAKOSNINGUM

### Aðgát skal höfð í nærveru þjóðarsálar

Þegar nýtt ár gekk í garð var ég þess fullviss að það yrði gott. En svo virðist sem það sé útséð með það.

Sjónvarp er vissulega uppspretta mikillar gleði. Gleðisnaðu lífi almennings í landinu er lyft á hærra plan í gegnum sápuoperur, ævintýramyndir og viðtalsþætti þar sem stjórnu-dufti er blásið yfir fjöldann. Hver gæti verið án þáttarins hans Loga? Hver gæti verið án þess að sjá reglulega spurningaþætti? Hvað með Silfrið og Mannamál? Þori ég að segja það; hvað ef engir læknaþættir væru á dagskrá?

Svo eru það fréttatímarir. Þeir sem vinna við að afla upplýsinga verða að hafa það hugfast að þeir eru að sinna mikilvægu þjónustuhlutverki við almenning. Greina satt og rétt frá og greina flókin álitamál svo alþjóð skilji. Og að þessu fylgir gríðarleg ábyrgð.

Öll biðum við vandra fréttu í einum skilningi eða öðrum. Þær

koma, við vitum það, en vonumst jafnframt eftir því að þess sé langt að biða. Stundum fáum við síðan fréttir af vandamálum sem við höldum að væru leyst. Það er alltaf erfiðast.

Fréttir af framboðum til komandi forsetakosninga eru eitt af þessum vandamálum. Ég fann hvernig lífsviljinn streymdi úr brjóstinu við þær upplýsingar að haft hefði verið samband við fyrrverandi frambjóðanda og hann útilokaði ekki framhald. Fyrsta frétt sjónvarpsstöðvanna dag eftir dag. Hvaða geðsjúklingur gróf alla þessa skurði? spurði Jón Gnarr í frægu uppstandi.

Ég spyr sömu spurningar: Hvaða geðsjúklingur ákvað að grafast fyrir um þetta sem var dæmt til að eyðileggja árið fyrir stórum hluta þjóðarinnar? Var ekki hægt að hræða okkur áfram með fréttum af fuglaflensu eða verðbólgu? En svo rann það upp fyrir mér að fréttin var ekki matreidd í þjóðina af einskærum kvalalasta, heldur af ábyrgðarkennd fréttamannanna. Það er óvissan sem er verst. Nú hefur henni verið eytt.



## EKKI MISSA AF



20.00 Ray STÖÐ2 BÍÓ



20.20 Extreme Makeover: Home Edition STÖÐ2



21.00 Heroes SKJÁR EINN



21.15 Glæpahneigð SJÓNVARPIÐ



22.45 Damages SIRKUS

## SJÓNVARPIÐ

15.55 Sunnudagskvöld með Evu Mariu

16.35 Leiðarljós

17.20 Táknmálsfréttir

17.30 Hanna Montana (12:26)

18.00 Myndasafnið

18.01 Gurra grís (73:104)

18.16 Lítil prinsessa (4:35)

18.17 Halli og risaæðlufatan (42:52)

18.30 Út og suður

19.00 Fréttir

19.30 Veður

19.35 Kastljós

20.20 Stephen Fry og geðhvarfasýkin (1:2)

21.15 Glæpahneigð (33:45) Bandarísk þáttaröð um sérsveit lögreglumanna. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.

22.00 Tíufréttir

22.20 Sportið

22.45 Flokksgæðingar (1:8) (Party Animals) Bresk þáttaröð um unga aðstoðarmenn og ráðgjafa í stjórnerfingu í Westminster. Álagið er mikið og þeir þurfa að axla mikla ábyrgð í störfum sínum en einkalíf þeirra er allt í óreiðu. Leikstjóri er Brian Grant og meðal leikenda eru Patrick Baladi, Raquel Cassidy, Matt Smith, Andrew Buchan, Andrea Riseborough, Colin Salmon og Shelley Conn.

23.35 Bráðavaktin (23:23) Endursýndur þáttur úr þrettándu syru. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.

00.20 Kastljós

01.00 Dagskrárlök

## BÍÓ STÖÐ 2 BÍÓ

06.00 Ray

08.30 Hildegarde

10.00 Diary of a Mad Black Woman

12.00 Deuce Bigalow: European Gigolo

14.00 Hildegarde

16.00 Diary of a Mad Black Woman

18.00 Deuce Bigalow: European Gigolo

20.00 Ray Verðlaunamynd um líf og starf tónlistargoðsagnarinnar Ray Charles.

22.30 The Woodsman

00.00 The Deal

02.00 Straight Into Darkness

04.00 The Woodsman



07.00 Stubbarnir

07.25 Tommi og Jenni

07.50 Kalli kanína og félagar

08.15 The Bold and the Beautiful

08.40 Oprah

09.25 Í finu formi

09.40 Wings of Love (96:120)

10.25 Homefront (5:18) (e)

11.10 Veggfóður - LOKAPÁTTUR (2:7)

12.00 Hádegisfréttir

12.45 Nágrannar

13.10 Sisters (18:22)

13.55 Star Trek. Generations (e)

15.55 W.I.T.C.H.

16.18 S Club 7 (e)

16.43 BeyBlade

17.08 Tracey McBean 2

17.23 Froskafjör

17.28 The Bold and the Beautiful

17.53 Nágrannar

18.18 Ísland í dag og veður

18.30 Fréttir

18.50 Ísland í dag

19.25 The Simpsons (1:22) (e)

19.50 Næturvaktin (12:13)

20.20 Extreme Makeover: Home Edition (28:32) Þriðja þáttaröð hins sívinsæla Extreme Makeover. Home Edition. Þúsundþjálasmíðurinn Ty Pennington heimsækir fjölskyldur sem eiga við erfiðleika að stríða og endurnýjar heimili þeirra frá grunni. Það er ótrúlegt að sjá breytingarnar. 2006.

21.40 Instinct (2:2) Framhaldsmynd mánaðarins. Bresk sakamálmmynd um Thomas Flynn, rannsóknarlögreglumann, sem rannsakar dularfull mannshvarf. 2007.

22.55 Studio 60 (22:22) Bandarískur framhaldsþáttur með Matthew Perry úr Friends í aðalhlutverki.

23.40 Spun Átakanleg og spennandi mynd með Brittany Murphy og Mickey Rourke í aðalhlutverkum. Hér segir frá hörkulegum heimi eiturryfjaflika sem eru tilbúin að fórn öllu fyrir næsta skammt. 2002. Stranglega bönnuð bömmum.

01.20 Most Haunted

02.05 Star Trek: Generations (e)

04.00 Extreme Makeover: Home Edition (28:32)

05.20 Fréttir og Ísland í dag

06.15 Tónlistarmyndbönd frá PoppTívi

## SYN besta sætið

07.00 Luton - Liverpool FA Cup 2007

13.10 Burnley - Arsenal FA Cup 2007

14.50 Luton - Liverpool FA Cup 2007

16.30 Stoke - Newcastle FA Cup 2007

18.10 San Diego - Tennessee NFL deildin

20.10 Track for Success

21.05 Inside Sport (Kevin Pieterston / Sepp Blatter) Frábær þáttur frá BBC þar sem rætt er við heimsfræga íþróttamenn úr öllum áttum og aðra þá sem tengjast íþróttum á einn eða annan hátt.

21.30 Ensku bikarmörkin 2008 Markaður þar sem öll mörk bikarkeppninnar eru skoðuð.

22.00 Spænsku mörkin Öll mörkin frá síðustu umferð í spænska boltanum. Íþróttafréttamenn Sýnar kryfja öll umdeildustu atviki ásamt Heimi Guðjónssyni.

22.45 Heimsmótaröðin í póker (Main Event (#7) Á Heimsmótaröðinni í póker setjast snjöllustu pókerspilarar heimsins að spilaborðinu og keppa um stórar fjárhæðir.

23.40 Real Madrid - Zaragoza Spænski boltinn Útsending frá leik í gær

## SYN2

17.15 Premier League World

17.45 English Premier League 2007/08 Ný og hraðari útgáfa af þessum vinsæla þætti þar sem öll mörkin og helstu atvik umferðarinnar eru sýnd frá öllum mögulegum sjónarhornum. Viðbrögð þjálfara, stuðningsmanna og sérfræðinga.

18.45 PL Classic Matches Hápunktarnir úr bestu og eftirminnlegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.

19.20 Reading - Portsmouth (Enska úrvalsdeildin)

21.00 English Premier League 2007/08

22.00 Coca Cola mörkin Farið yfir öll mörkin og helstu atviki í leikjum síðustu umferðar í Coca Cola deildinni en þar eiga Íslendingar nokkra fulltrúa.

22.30 Blackburn - Sunderland (Enska úrvalsdeildin)

## SKJÁREINN

08.00 Dr. Phil (e)

08.45 Vörutorg

16.45 Vörutorg

17.45 Dr. Phil

18.30 The Drew Carey Show (e)

19.00 Giada's Everyday Italian (e)

19.30 30 Rock (e)

20.00 Friday Night Lights (19:22)

Dramatísk þáttaröð um ungingu í smábæ í Texas. Þar sýnt allt lífið um árangur fót-boltaliðs skólans og það er mikið álag á ungum herðum.

21.00 Heroes (8:11)

Bandarísk sakamálaferia um venjulegt fólk með óvenjulega hæfileika. Við hverfum nú fjóra mánuði aftur í tímann og áhorfendur fá svörin við stórum spurningum sem hafa vaknað í þessari þáttaröð. Hvað gerðist í raun og veru eftir sprenginguna yfir New York?

22.00 C.S.I. New York (17:24)

23.00 The Drew Carey Show

23.25 H2O (1:2) (e)

00.55 NÁTHRAFNAÐ

00.55 C.S.I. Miami

Bandarísk sakamálaferia um Horatio Caine og félag hans í rannsóknardeild lögregluinnar í Miami. Rannsóknarsveitin fer yfir mál rússnesks innflytanda sem var stunginn til bana. Eina vitnið að glæpum var fatafella sem var að fella fót fyrir hann.

01.40 Ripley's Believe It or not!

02.25 The World's Wildest Police Videos

03.10 Vörutorg

04.10 Óstöðvandi tónlist

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

12.15 Samantekt helstu fréttu vikunnar á N4. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

Í BÍTIÐ

alla virka daga kl. 7

BYLGJAN

- ALLIR ERU AÐ HLUSTA! -

989



## Í KVÖLD

## STÖÐ 2 KL. 21.40

## Instinct – seinni hluti framhaldsmýndar mánaðarsins


Bresk hörkuspennandi saka-málamynd um Thomas Flynn rannsóknarlögrelumann, sem rannsakar dularfullt mannshvarf. Fljótlega kemur í ljós að raðmorðingi gengur laus. Í seinni hlutanum í kvöld kemur Flynn að fimmta fórnarlambinu og áttar sig fljótlega að tenging er á milli þess og eiginmanns fyrsta fórnarlambins.



## ▶ VIÐ MÆLUM MED

Friday Night Lights  
Skjár einn kl. 20.00

Í þættinum í kvöld fær Taylor Þjálfari tilboð frá háskólaliði en Julie er ekki tilbúin að flytja frá Matt. Jason fær slæmar fréttir og Riggins vingast við nýja nágranna.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.50 Bæn  
07.05 Morgunvaktin  
09.05 Okkar á milli  
09.45 Morgunleikfimi  
10.13 Stefnumót  
11.03 Samfélagið í nærmynd  
12.00 Fréttayfirlit  
12.02 Hádegisútlarp  
12.20 Hádegisfréttir  
12.45 Veðurfregnir  
12.50 Dánarfregnir og auglýsingar  
13.00 Vít og breitt  
14.03 Bak við stjórnumar  
15.03 Útlarpssagan: Stúlka með fingur  
15.30 Dr. RÚV  
16.13 Hlaupanótan

17.03 Viðsjá  
18.00 Kvöldfréttir  
18.24 Auglýsingar  
18.25 Spegillinn  
18.50 Dánarfregnir og auglýsingar  
19.00 Endurómur úr Evrópu  
20.00 Leynifélagið  
20.30 Stjómukikir  
21.20 Kvika  
22.12 Orð kvöldsins  
22.15 Afsprengi  
23.10 Lóðrétt eða lárétt  
00.07 Útlarpáð á samtengdum rásum til morguns

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útlarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útlarp Latibær / Fjölskyldu útlarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útlarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

## SIRKUS

16.00 Hollyoaks (95.260)

16.30 Hollyoaks (96.260)

17.00 Totally Frank

17.25 Footballers' Wives - Extra Time (11.18)

17.50 Footballers' Wives - Extra Time (12.18)

18.15 X-Files

19.00 Hollyoaks (95.260)

19.30 Hollyoaks (96.260)

20.00 **Totally Frank** Totally Frank er spennandi og skemmtileg þáttaröð um fjórar stelpur sem ákveða að setja saman hjómsveit og reyna að slá í gegn. Leiðin á toppinn er ströng og stelpurnar þurfa að standa saman ef þær eiga að standast freistingarnar sem biða þeirra. 2005.

20.25 **Footballers' Wives - Extra Time** (11.18) Framlenging á einum vinsælasta þætti Stöðvar 2 á síðari árum. einnþá. Spús-ur fótballastjarnanna eru mættar enn og aftur til leiks og viðhöldin einnig, ennþá svakalegri, ennþá svæsnari.

20.50 **Footballers' Wives - Extra Time** (12.18)

21.15 **X-Files** (e) Fox Mulder trúir á meðan Dana Scully efast er þau rannsaka yfirmáttúruleg mál innan FBI. Leynileg öfl reyna að hindra leit þeirra að sannleikanum.

22.00 **Pressa** (2.6) Ný rammíslensk spennuþáttaröð í sex hlutum eftir Óskar Jónasson og Sigurjón Kjartansson. 2007. Bönnuð börnum.

▶ 22.45 **Damages** (12.13) Glænýr og hörkuspennandi lögræðiþáttur með stór-leikkonunni Glenn Close í aðalhlutverki. Bönnuð börnum.

23.30 Sjáðu

23.55 Johnny Zero (9.13)

00.40 Lovespring International (1.13)

01.05 Big Day (1.13)

01.30 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

## INN

20.00 **Klipptu kortið** Helga Thorberg og Ingólfur Ingólfsson hjá spar.is útskýra hvernig hægt er að snúa á skuldahalann og hefja leiðina til auðlegðar.

20.30 **Hvað ertu að hugsa?** Guðjón Bergmann og Páll Óskar skoða hvernig hægt er að ná árangri og uppfylla drauma og þrár.

21.00 **Reynslunni ríkari** Ásdís Olsen skoðar hvað raunverulega fær fólk til að snúa við blaðinu og breyta um lífsstíl. Sumir gesta Ásdísar hafa upplifað órlagaríka viðburði, sem hafa veitt þeim algerlega nýja sýn á lífið. Ekki amalegt að læra af því.

**VÍSIR.IS**  
"...ég sá það á vísi"

## VORNÁMSKEIÐIN HEFJAST Í FEBRÚAR

# Söng- leik- og dansnámskeið fyrir börn og unglunga!

ATH: Nú er hægt að nota Frístundakortin til að greiða niður námskeið hjá Tónvinnsluskólanum\*



## Barna- og unglunganámskeið sem er undirbúningur að skemmtipætti fyrir sjónvarp

Þetta námskeið vakti mikla lukku hjá okkur á síðustu önn og verður afraksturinn í sjónvarpinu fljótlega á þessu ári.

Nú hafa Tónvinnsluskóli Þorvaldar Bjarna og **Dansskóli Birnu Björnsdóttur** tekið höndum saman um framhald á þessu stórskemmtilega námskeiði.

Námskeiðin hefjast í febrúar. Kennst verður í Kópavogi og Grafarvogi í Snælands- og Foldaskóla eftir að venjulegum skólatíma líkur.

Nú verður einnig kennt í Lindarskóla í Hafnarfirði.

Skráningar á heimasíðunni [www.tonvinnskuli.is](http://www.tonvinnskuli.is) eða í síma 534 9090

25.000 kr. niðurgreiðsla fyrir þá sem geta notað Frístundakort ÍTR\*

\*Nánari upplýsingar á [www.itr.is](http://www.itr.is) um möguleika Frístundakortsins



Nemendur fá að syngja, dansa og leika í mörgum mismunandi atriðum undir handleiðslu krafmikilla leiðbeinanda í 10 vikur.

Þegar atriðin eru fullæfð er farið í myndver og gerður sjónvarpsþáttur upp úr afrakstrinum og allir fá að vera með.

Birgitta Haukdal verður umsjónarmaður þáttarins.



Birgitta Haukdal



TONVINNSLUSKOLI  
ÞORVALDAR BJARNA  
Sponsored Digidesign School





„Ég hlusta voða mikið á Sögu eða Ríkisútvarpið. Ég flakka á milli þeirra stöðva og svo hlusta ég einstaka sinnum á Bylgjuna.“

Ingbjörg Klemenzdóttir leirlistamaður.

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT

2. læra 6. í röð 8. málmur 9. kúgun 11. tveir eins 12. hengingartré 14. safna saman 16. berist til 17. fúady 18. stormur 20. þys 21. fyrr.

LÓÐRÉTT

1. ílát 3. tveir eins 4. eyja í Miðjarðarhafi 5. struns 7. stífa 10. angan 13. útdeildi 15. svári 16. augnhár 19. mun.

LAUSN

LÖBDRÉTT: 1. tög, 3. ee, 4. síkiley, 5. fén, 18. rok, 20. ys, 21. dödur.  
LÁRÉTT: 2. lesa, 6. rs, 8. eir, 9. oki, 11. kk, 12. gálg, 14. smala, 16. b, 17. ans, 16. brá, 19. ku.

VEISTU SVARID

Svör við spurningum á síðu 8

- Nýrnaveiki.
- Mikhaíl Saakashvili.
- Borgarstjórnin í Moskvu.

„Við hefðum tekið myndir en höfðum engan kubb...“  
- ÚFO, Stuðmenn, Höf: Egill Ólafsson og Valgeir Guðjónsson

Nýr vefur - Á hvað erst þú að hlusta?

Tónlist.is

# Freyr Eyjólfsson stofnaði hljómsveit á Kúbu

Freyr Eyjólfsson fékk frí frá Dægurmálaútvarpinu á Rás 2 í byrjun desember og skráð á samkomu konunnar sinni til Kúbu. „Ég hef alltaf verið spenntur fyrir þessu kommúnistaríki Kastrós og lengi verið á leiðinni,“ segir hann. „Við flugum með Heimsferðum en svo vorum við nú bara á eigin vegum í tvær vikur, mest í Havana. Þar er ekkert mál að ganga óáreiður um göturnar.“

Þetta var auðvitað hin mesta gleðiferð, enda karabíska sólin hátt á himni. „Ég þræddi djassklúbbana, svældi í mig vindla, kafaði og fór í útreiðatúr. Ég kynnti mér stjórnarhætti Kastrós og sögu byltingarinnar. Það kunna allir að spila þarna og allir að dansa. Þarna

eru eintómir snillingar á hverju götuhorni.“

Svo uppveðraður af stemningunni varð Freyr að hann stofnaði hljómsveit. „Ég var nú bara á ferðinni úti á landi þegar ég rakst á þessa stráka, Zanchó Zalsa og Carlos de Freda, þar sem þeir voru að spila úti á götu. Þeir voru alveg til í að spila með mér og við stofnuðum hljómsveitina Los svaka gæjos á staðnum. Við pössuðum mjög vel saman og tókum mjög gott djamm. Að koma hingað heim í myrkrið og jólagæðveikina var eins og að vakna upp af værum draumi. Nú set ég stefnuna á að snúa aftur til Kúbu og taka eitthvað upp með strákunum.“



KÚBVERSKA SÓLIN KALLAR FRAM SÓLSKINSBROS Freyr með félögum sínum í Los svaka gæjos, Zanchó Zalsa og Carlos de Freda.

- glh

## SÍMON BIRGISSON: NOTAR REYNISLU SÍNU Í LEIKRITI Í ÞÝSKALANDI

# Íslenskur vítisengill í þýskri leiksýningu

„Ég fékk þetta hlutverk þegar þau Daniel Wetzel og Helgard Haug úr Rimini Protokoll héldu vinnustofu í Listaháskólanum. Þeim fannst reynsla mín sem fréttamaður á DV og NFS áhugaverð,“ segir listhaskólaneminn Símon Birgisson. Símon vakti mikla athygli þegar hann gerðist um hríð blaðamaður á hinu umdeilda DV fyrir tveimur árum með sérstæðum fréttum sínum.

Um helgina var verkið Breaking News eftir leikhópinn Rimini Protokoll frumsýnt í Berlín. Símon, sem fer með hlutverk í sýningunni, segir þetta stærstu frumsýningu þar um þessar mundir. „Þau eru búin að slá í gegn, hópurinn fær Evrópsku leiklistarverðlaunin á næsta ári en sýning þeirra, Das Kapital, sem nú er á fjölnum, fékk leiklistarverðlaun fyrir besta handritið í fyrra. Sérstæða hópsins er sú að þau notast ekki við leikara heldur „sérfræðinga“ eins og þau orða það – alvöru fólk,“ segir Símon og vísar þar til sjálfs sín. Leikhús Rimini Protokoll hefur verið kallað documentary theatre, eða heimildaleikhús.

Breaking News fjallar um, eins og nafnið ber með sér, fjölmiðla.



SÍMON Í HLUTVERKI SÍNU Simon tengir sig við íslenskar fréttir og þýðir fyrir þýska áhorfendur.



SÍMON SÆLL Í HEIMSBORGinni Símon leikur í nýstárlegri sýningu í Berlín og segir þar af samskiptum sínum við Jón Trausta Lúthersson.

Símon segir Ísland í fyrsta sæti yfir þau lönd þar sem frelsi blaðamanna er mest. En það gerir blaðamennsku á Íslandi ekki auðveldari að sögn hans.

„Ég segi í sýningunni að á Íslandi hittu maður alla að minnsta kosti tvisvar. Allir þekkja alla. Svo blandast í sýninguna atburður þegar ég hitti vítisengilinn Jón Trausta Lúthersson á Aðalskoðun í vetur. Hann er einn þeirra sem réðst inn á ritstjórnarskrifstofu DV. Ég endaði á að fela mig inni á klósetti og vissi á því augnabliki að ákveðnu tímabili í mínu lífi væri lokið. Í sýningunni er okkar persónulegu sorgum blandað saman við hinar lífandi fréttir,“ segir Símon.

Sviðsmynd verksins samanstendur af þrjátíu sjónvarpskjám sem tengdir eru fjórum gervihnattadiskum. Klukkan átta á

frumsýningardag var svo bein útsending á fréttum frá öllum heimshornum.

„Leikhópurinn, sem ég er hluti af, mun þýða og túlka fréttirnar hver frá sínum heimshluta. Einn úr hópnum er Kúrdi og flytur hann nýjustu fréttir frá Al Jeseera. Ég næ íslensku sjónvarpsstöðvunum í gegnum Netið og þýði fréttirnar yfir á ensku sem svo eru þýddar af öðrum í hópnum yfir á þýsku.“

Símon segir ótrúlegt að búa í Berlín sem hann kallar höfuðborg heimsins. Æfingafærlið hefur verið langt og strangt en svo stendur til að fara með sýninguna um allt Þýskaland og sýna svo á stórri leiklistarhátíð í Vín.

„Sem betur fer er Ýr kærastan mín hjá mér núna. Hún er að læra fatahönnun en götutískan hér í Berlín er mjög áhugaverð,“ segir Símon.

jakob@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Einn af sigurvegurum jólavertíðarinnar er Þorgrímur Þráinsson sem seldi ríflega 6.000 eintök af bókinni Hvernig gerirðu konuna þína hamingjusama? Uppskeran rann beint í vasa Þorgríms því hann gaf bókina út sjálfur hjá eigin fyrirtæki, Andi ehf. Þessi góði árangur kom ekki til af sjálfu sér og Þorgrímur var með duglegri mönnum í plögginu, las 40 sinnum upp úr bókinni frá því um miðjan nóvember og oftast í rúman klukkutíma í senn. Nú eftir atíð sést Þorgrímur æ oftast í ræktinni. Hann virðist þó ekki hafa farið átakanlega illa út úr jólahóhóinu.

Annar sem kom vel undan jólatrallinu var Mugison sem gaf útgáfufyrirtækjum á snúðinn og sá sjálfur um sín mál. Hann seldi vel af Mugiboogie-plötunni, vel yfir gullplötumarkað 5.000 eintök, en biðlaði engu síður til þeirra sem eiga plötuna í Bæjarins besta um að skila henni ekki. „Menn geta bara gefið hana áfram í afmælisgjöf, eða notað hana í arininn eða eitthvað. Ég hef ekki efni á einhverju massa skili herna,“ sagði Mugison.

Á meðan rándýrar ímyndarauglýsingar stórfyrirtækja á borð við Atorku og Kaupþing eru á allra vörum hefur leyndur gullmoli skotið upp kollinum. Er þar um að ræða skemmtilega sjónvarpsauglýsingu fyrir Geymslur.com, fyrirtæki sem tekur að sér að geyma búslóðir fyrir fólk. Þótt kostnaðurinn hafi greinilega verið talsvert minni en við gerð áður nefndra auglýsinga er hún engu að síður bráðskemmtileg. Sem er kannski ekkert skrítið því Valgeiri Guðjónssyni eru eignuð herlegheitin.

- glh/hdm

# Lokað bókasafn RÚV að opnast

„Samningar gagnvart leikurum eru að sigla í höfn og þá – ef allt gengur að óskum – er búið að opna þetta lokaða bókasafn sem er í Efstaleitinu. Við eigum þó enn eftir að ganga til samninga við leikstjóra, handritshöfunda og tónlistarmenn og ég bind miklar vonir við að það gangi jafn vel,“ segir Þórhallur Gunnarsson, dagskrárstjóri RÚV.

Athygli vakti að Áramótaskaupið var endursýnt á besta tíma í fyrrakvöld. Hingað til hefur það krafist sérstakra samninga að fá þennan viðamikla dagskrárlíð endursýndan og var sá háttur hafður á í fyrra. Hið sama var upp á teningnum núna.

Þórhallur er því nokkuð bjartsýnn á að nýir samningar við FÍL opni möguleika á því að áhorfendur RÚV fái loks að njóta allra þeirra perla sem hingað til hafa verið lokaðar inni í

skelinni sinni. Og af nógu er að taka, gömul skaup, sjónvarpsleikrit og svona mætti lengi telja. „Við munum hins vegar auðvitað ganga hægt um gleðinnar dyr og velja allt efni af kostgæfni.“

Þórhallur var ekki í vafa um að margir hefðu nýtt sér endursýninguna á Skaupinu enda fengið útskýringar á kannski djúpum bröndurum. Og svo væri nú hugur margra annars staðar rétt fyrir miðnætti heldur en við sjónvarpið.

- fgg

ÞÓRHALLUR GUNNARSSON Takist samningar við FÍL þýðir það að gamlar perlur RÚV rata aftur á dagskrá.





# LÍNAN

ÚTSALAN  
ER HAFIN &  
STENDUR TIL  
TUTTUGASTA  
JANÚAR





**BAKÞANKAR**  
Práins  
Bertelssonar

### Varnir gegn fíflum

Lýðræði er versta aðferðin til Lað stjórna löndum, fyrir utan allar aðrar aðferðir sem reyndar hafa verið gegnum tíðina," sagði Winston Churchill í ræðu í breska þinginu 11. nóvember 1947. Churchill hafði ástæðu til þess að vera pirraður á lýðræðinu, því að ekki hafði fyrr unnist sigur á Þjóðverjum í stríðinu en Bretar settu hann af sem forsætisráðherra í júlí 1945. Sá sem tók við hét Clement Attlee - sem Churchill gat ekki stillt sig um að segja að væri „sauður í sauðargæru“.

**REYNDAR** átti Churchill eftir að sannfærast enn betur um að lýðræði væri illskásta stjórnarfyrikomulag í sögu mannkyns þegar þingkosningar skiluðu honum aftur í forsætisráðuneytið í október 1951. Þá var Winston orðinn 77 ára og hafði því miður aldrei fengið áhuga á tólf spora kerfinu.

**ÍSLENDINGAR** eru óvanir lýðræði. Fyrstu aldirnar eftir landnáam var ríkinu stjórnað af harðsnúnum handrúkkurum með vopnvaldi og frumstæðum lagaþækjum. Þegar þjóðin gafst loks upp á því að hjálpa þessum svolum að koma hver öðrum fyrir pólitískt kattarnef í brennum eða bardögum tók Noregskonungur við stjórninni og lét verða sitt fyrsta verk að gera grimma fjöldamorðingjann að einræðisjarli yfir landinu.

**Á síðustu öld** var farið að gera varkárar tilraunir með lýðræði á Íslandi. Framan af í örmáum skömmtum svo að sveitarlimir og kvenfólk fær ekki að blanda sér í þjóðmálin. Í nokkra áratugi höfum við svo prófað lýðræði með þátttöku kvenna og launafólks. Enn sem komið er þykir þó ekki tímabært að leyfa lýðnum að skipta sér af lýðræðinu nema á fjögurra ára fresti með því að krotta X á kjörseðil. Góðir lögfræðingar hafa nú áhyggjur af því að lýðurinn misbjóði lýðræðinu og vilja setja reglur til að koma í veg fyrir að algjör fífl bjóði sig fram til forsetaembættis. Eina örugga leiðin er auðvitað sú að afnema forsetakosningar.

**REYNSLAN SÝNIR** að talsvert meiri líkur eru á því að undirmálsfólk troði sér inn á Alþingi en Bessastaði í skjóli lýðræðis og því vissara að leggja þingkosningar niður í leiðinni. Ráðherrar eru hins vegar ekki kosnir af lýðnum svo að ekki þarf að óttast undarlegar plöntur í þeim rósagarði.

LEGACY

SYMMETRICAL AWD



# TRAUSTUR OG FLOTTUR

FÁIR BÍLAR REYNAST EIGENDUM SÍNUM JAFN VEL OG SUBARU LEGACY. LÁG BILANATÍÐNI, ÖRUGG ENDURSALA, RÍKULEGUR BÚNAÐUR.

Subaru Legacy



**Ríkulegur búnaður:** Fjór hjóladrif, hiti í framrúðu og speglum, rafstýrð aðfelling spegla, 6 diska geisla-spilari, 17" álfelgur, kastarar í stuðara, tvískipt tölvustýrð loftkæling, hiti í sætum, aksturstölv, hraðastillir o.m.fl.

Verð frá:  
**2.650.000 kr.**



ENNEWW / SIA / NV31516

**GÓÐAN DAG!**  
Í dag er mánudagurinn  
7. janúar, 7. dagur ársins.

Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík 11:12 13:33 15:56		
Akureyri 11:23 13:18 15:15		

Heimild: Almanak Háskólans



Reykjavík, Sævarhöfða 2, 525 8000  
Akureyri, Öseyri 5, 464 7940

### Góð þjónusta á nýju verkstæði

Starfsfólk Ingvars Helgasonar ehf. hefur á undanförunum árum unnið stöðugt að því að bæta þjónustu við viðskiptavinum sínum. Nýlega opnaði þjónustudeildin eitt fullkomna og best búna þjónustuverkstæði landsins með yfir 30 vinnustöðvar. Á nýja þjónustuverkstæðinu starfar samheldinn hópur frábærra fagmanna sem hefur það að leiðarljósi að veita skjóta og góða þjónustu sem hentar mismunandi þörfum ört vaxandi hóps viðskiptavina.

Selfossi, Hrísmýri 2a, 575 1460  
Reykjanesbæ, Holtsgötu 52, 421 8808



INGVAR HELGASON